

Forsendur fyrir vinnu að langtímaáætlun

Akureyrarkaupstaðar

Hagþjónusta Akureyrarkaupstaðar

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Búsetudeild	7
Fjölskyldudeild.....	26
Heilsugæslustöðin á Akureyri	31
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	39
Samfélags- og mannréttindadeild	
- tómstunda-, æskulýðs- og mannréttindamál	44
- íþróttamál	53
Fræðslu- og uppeldismál.....	63
Akureyrarstofa.....	80
Skipulagsdeild	91
Framkvæmdadeild	94
Fasteignir Akureyrarbæjar	101

Inngangur

Aðalskipulag Akureyrarkaupstaðar var fyrst samþykkt 1927 og var í raun fyrsta langtíma-áætlun fyrir sveitarfélagið um skipulags-, byggingar- og umhverfismál. Núgildandi aðalskipulag fyrir árin 2005 til 2018 er það fimmta sem samþykkt hefur verið síðan.

Frá árinu 2001 hefur Akureyrarkaupstaður mótað sér langtímastefnu í umhverfismálum undir nafninu Staðardagskrá 21 en sú samþykkt mótar mjög aðalskipulagið sem samþykkt var 2005. Fyrsta Staðardagskráin var samþykkt í bæjarstjórn 24. apríl 2001 en áætlunin hefur verið endurskoðuð tvisvar síðan eða árin 2006 og 2010. Nýjasta skrefið á þeirri braut var íbúáþing sem umhverfisnefnd og framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar stóðu fyrir 8. nóvember 2013. Á þinginu komu fram ýmsar hugmyndir um aðgerðir sem stuðlað gætu að sjálfbærri þróun sveitarfélagsins.

Um síðustu aldamót var tekin upp stefnumótunarvinna fyrir málaflokka, deildir og jafnvel stofnanir bæjarins. Fengnir voru ráðgjafar til að kenna stjórnendum að setja verkefnum markmið, leggja niður fyrir sér til hvaða aðgerða skyldi grípa til að ná þessum markmiðum og loks að búa til mælikvarða á árangur af starfinu. Til að byrja með var unnið eftir hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard) en þegar á leið stóð fyrst og fremst markmiðasetningin og aðgerðaáætlunin eftir. Frá upphafi var gert ráð fyrir að stefnumótunarvinnan færi þannig fram að bæjarstjórn eða a.m.k. bæjarstjórnarmeirihlutinn setti markmið fyrir bæjarstarfsemina í heild en málaflokkar og deildir hefðu þau markmið að leiðarljósi við útfærslu þeirra fyrir deildir og stofnanir. Stefnumótunarvinna bæjarstjórnar fólst þó að jafnaði einkum í úthlutun fjárhagsramma fyrir svið og deildir en einnig með því að samþykkja nánari stefnumörkun á afmörkuðum sviðum (skólastefni, fjölskyldustefna, jafnréttisstefna o.s.frv.).

Árið 2012 var ákveðið að framkvæmdaáætlanir skyldu gerðar til 10 ára. Byrjað var að á því að vinna spá um íbúðþróun í sveitarfélaginu til ársins 2023 og á grundvelli þeirrar spár og almennrar stefnumörkunar núverandi og síðustu bæjarstjórna hefur nú verið unnin langtímaspá eða áætlun fyrir helstu málaflokka sveitarfélagsins.

Hagstofa Íslands hefur gert íbúðaspá fyrir landið allt til ársins 2063. Í spánni er byggt á mismunandi forsendum um frjósemi og búferlaflutninga þannig að út kemur miðspá ásamt tveimur afbrigðum, lágspá og háspá. Tafla 1 sýnir fólksfjölgun á Akureyri til ársins 2021 sem byggir á spá Hagstofunnar. Í lágspá fyrir Akureyri er gert ráð fyrir 6,5% fólksfjölgun til ársins 2021, í miðspánni er gert ráð fyrir 7,4% fjölgun og í háspánni er gert ráð fyrir 8,3% fjölgun.

Tafla 1: Mannfjöldaspá fyrir Akureyri 2021 byggð á spá Hagstofunnar 2010-2060

<u>1991</u>	<u>2001</u>	<u>2011</u>		<u>2021</u>		
				18.900	Lágspá	6,5%
14.437	15.403	17.754		19.070	Miðspá	7,4%
				19.230	Háspá	8,3%

Í töflu 2 er sýnd miðspá fyrir Akureyri 2021. Spáin er gerð með því að skoða hvern 10 ára aldurshóp og framreikna breytingar á honum til næstu 10 ára með hliðsjón af áætlunum um fæðingar- og dánartölur og um búferlaflutninga til og frá sveitarfélaginu. Þannig byggist spá um yngsta aldurshópinn fyrst og fremst á spá um fæðingartölur á næstu árum sem eru taldar verða lítillega ofan við landsmeðaltal eins og verið hefur. Það hefur einnig áhrif að gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram að fólk flytji til bæjarins af norð-austur hluta landsins en að það fólk sé almennt ekki líklegt til barneigna. Sín áhrif hefur líka aðsókn að Háskólanum á Akureyri en þangað kemur ungt fólk sem hefur þó ekki lagst í barneignir í stórum stíl. Allt eru þetta óvissuþættir eins og atvinnuþróun á svæðinu en hér er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum stórum vinnustöðum á borð við álver eða aflþynnuverksmiðjur.

Tafla 2: Árgangaspá fyrir Akureyri 2021

	1991	2001	2011	Spá 2021	Akureyri	<u>Landið</u> <u>allt</u>	<u>Fjöldun</u> <u>2011-2021</u>
0-9	2.386	2.494	2.686	2.727	14,3%	13,8%	41
10-19	2.637	2.459	2.684	2.708	14,2%	13,3%	24
20-29	2.473	2.313	2.452	2.517	13,2%	13,6%	65
30-39	2.237	2.228	2.241	2.384	12,5%	13,3%	143
40-49	1.815	2.022	2.344	2.307	12,1%	12,6%	-37
50-59	1.088	1.701	2.178	2.231	11,7%	12,2%	53
60-69	1.034	1.042	1.550	2.060	10,8%	10,8%	510
70-79	740	924	926	1.335	7,0%	6,7%	409
80-89	353	415	588	648	3,4%	3,1%	60
90-99	59	80	103	153	0,8%	0,6%	50
100+	4	6	2	4	0,0%	0,0%	2
<u>Akureyri</u>	14.826	15.684	17.754	19.070	100,0%	100,0%	1.316
<u>Fjöldun</u>		5,8%	13,2%	7,4%			
<u>Arleg fjöldun</u>		0,57%	1,25%	0,72%			

Í spánni fyrir árganginn 10 ñ 19 ára er hópurinn 0-9 ára á árinu 2011 lagður til grundvallar og reynt að áætla afdrif hans á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að fjöldun í þessum árgangi verði áfram yfir landsmeðaltali en síðan verði fjöldun í næstu árgöngum undir landsmeðaltali eins og verið hefur. Svo virðist sem fullorðið fólk flytji burt af svæðinu og leiti skólavistar og atvinnu annarstaðar og þá helst á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessari þróun né þeirri að eldra fólk er síður líklegt til að flytja burt auk þess sem eldra fólk úr nágrennabyggðum flytur til bæjarins, m.a. til að nýta sér öldrunarþjónustu sem hér er í boði.

Tafla 3 sýnir meginþróun mannfjöldans í stórum dráttum:

Tafla 3: Mannfjöldi eftir aldursflokkum 1991 ñ 2021 (miðspá)

	<u>1991</u>	<u>2001</u>	<u>2011</u>	<u>Spá 2021</u>	<u>Akureyri</u> %	<u>Landið</u> %	<u>Fjölgun</u> 2011-2021
0-19	5.023	4.953	5.370	5.435	28,5%	27,0%	65
20-39	4.710	4.541	4.693	4.901	25,7%	26,9%	208
40-59	2.903	3.723	4.522	4.539	23,8%	24,8%	17
60+	2.190	2.467	3.169	4.199	22,0%	21,2%	1.030
	14.826	15.684	17.754	19.074	100%	100,0%	1.320

Meginlærdómurinn sem stjórnendur hjá Akureyrarkaupstað geta dregið af þessari mannfjöldaspá er að ekki þarf að gera ráð fyrir mikilli þörf fyrir skólabyggingar á næstu 10 árum, þó þyrfti líklega að gera einhverjar ráðstafanir fyrir leikskólabörn. Á hinn bóginn má búast við mikilli aukningu í þörf fyrir þjónustu við aldraða, hvort sem hún verður leyst með nýjum stofnunum, aukinni heimaþjónustu/heimahjúkrun eða hvoru tveggja. Líklega þarf að byggja hjúkrunarheimili fyrir 45 einstaklinga á þessum tíma en síðan er ljóst að á næstu 10 árum eftir 2021 mun fólki yfir áttætt fjölga mjög.

Gert er ráð fyrir að íbúum á Akureyri fjölgi um 1.320 sem þýðir að byggja þarf um 520 nýjar íbúðir m.v. að 2,5 íbúar séu í hverri íbúð að meðaltali eins og nú.


Framangreindar forsendur um íbúaþróun í sveitarfélaginu liggja til grundvallar eftirfarandi köflum þar sem embættismenn og kjörnir fulltrúar skyggnast inn í framtíð hvers málaflokks í rekstri Akureyrarbæjar. Hagþjónusta Akureyrarbæjar gaf út leiðbeiningar um hvernig þessi langtímaáætlun skyldi unnin þar sem áhersla var lögð á að gefa almenna mynd af þróun næstu 10 ára fremur en að framreikna rekstrartölur. Málaflokkarnir sem fjallað er um eru afar ólíkir innbyrðis og þess vegna hafa höfundar einstakra kafla hagað framsetningu sinni með mismunandi hætti innan þess ramma sem gefinn var út og við endanlega framsetningu í þessu skjali hefur samræmingu milli kafla verið haldið í lágmarki.

Búsetudeild

1. Almennar forsendur

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar.

Mannfjöldaspá næstu ára hefur mikil áhrif á starfsemi búsetudeildar og þá ekki síst hlutfall aldraðra af heildarfjölda. Hér má sjá hver þróunin verður á Íslandi á þessu tíu ára tímabili¹.



Fyrirsjáanlegt er að öldruðum fjölgar á næstu árum þar sem lífaldur þjóðarinnar hefur hækkað. Nú eru á landsvísi 5,8 vinnufærir (16 - 66 ára) að baki hverjum 67 ára og eldri. Árið 2030 er gert ráð fyrir að þrír á aldrinum 16 - 66 ára verði að baki hverjum 67 ára og eldri².

Hátt þjónustustig er á Akureyri hvort sem horft er til félagsþjónustu, mennta- eða heilbrigðismála þannig að fólk á öllum aldri, með ýmsar skerðingar, hefur kosið að setjast þar að. Þetta kallar á umtalsverð útgjöld hjá félagsþjónustu Akureyrarbæjar en um leið skapast fjöldi sérhæfðra starfa bæði fagmenntaðs og almenns starfsfólks sem eru að stórum hluta greidd með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fjárveiting til búsetudeildar árið 2013 er áætluð kr. 1.412.924.000 - af því eru áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk kr. 1.122.203.000 eða um 80% af heild. Samtals eru um 187 stöðugildi með um 300 starfsmönnum. Meðaltekjur árið 2013 hjá fólki sem starfar í dagvinnu eru áætlaðar á mánuði kr. 365.000.- og í vaktavinnu kr. 448.000.-³.

¹ <http://www.hagstofa.is/pages/2947?src=dm/pyramid/man.html>

² http://www.sa.is/files/Island%202050_2001458194.pdf - Ísland 2050 Eldri þjóð Ný viðfangsefni

³ Upplýsingar frá október 2013.

2. Lagarammi

Lög, reglugerðir og reglur sem búsetudeild starfar eftir:

1. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglur Akureyrarbæjar⁴.
2. Lög um málefni aldraðra, reglugerðir og reglur Akureyrarbæjar⁵.
3. Lög um málefni fatlaðs fólks, reglugerðir og reglur Akureyrarbæjar⁶.
4. Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og reglugerðir⁷.
5. Annað sem myndar ramma utan um starfsemi búsetudeildar og/eða er haft til hliðsjónar:
 - Stefna í málefnum aldraðs fólks sem finna má á heimasíðu velferðarráðuneytisins⁸.
 - Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015.⁹
 - Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu n̄ heilbrigðisáætlun til ársins 2020 (þingskjal).¹⁰
 - Samkomulag milli Félags eldri borgara á Akureyri og Akureyrarbæjar.¹¹
 - Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014¹² sem tekur mið af Samningum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks¹³.
 - Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fatlaðs fólks. Framtíðarsýn til ársins 2013 og leiðir til árangurs.
 - Samningur um Sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk¹⁴.
 - Reglur Akureyrarkaupstaðar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)¹⁵.

⁴ [Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991](#) og Reglur um heimaþjónustu Akureyrarbæjar.

⁵ [Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999](#), Reglugerð um dagvist aldraðra [nr. 45/1990](#), sbr. [1104/2006](#). Reglugerð um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma [nr. 466/2012](#). Reglugerð um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum 2013 [nr. 1217/2012](#). Reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra [nr. 1/2011](#) sbr. breyting [nr. 1269/2011](#). [Reglur um dagvist aldraðra hjá Akureyrarbæ](#).

⁶ [Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992](#). Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu [nr. 1054/2010](#). [Reglur um félagslega liðveislu í Akureyrarbæ](#), [Reglur um skammtímavistun](#), [Reglur um ferliþjónustu á Akureyri](#).

⁷ [Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011](#). Reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks [nr. 973/2012](#). Reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks [nr. 972/2012](#). Reglugerð um undanþágunefnd um bann við beitingu nauðungar gagnvart fötludum einstaklingi [nr. 971/2012](#). Reglugerð um sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk [nr. 970/2012](#).

⁸ http://www.velferðarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/Almennt/nr/4417

⁹ [Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015](#)

¹⁰ [Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu n̄ heilbrigðisáætlun til ársins 2020 \(þingskjal\)](#)

¹¹ Undirritað 11. apríl 2008.

¹² [Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014, nr. 43/140](#)

¹³ [Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks](#), [Samningur um réttindi fatlaðs fólks](#), [Samningur um réttindi fatlaðs fólks - valfrjáls bókun](#)

¹⁴ Sveitarstjórnir Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps - samningur um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlaða, undirritaður 22. desember 2010.

¹⁵ Tilraunaverkefni, reglur samþykktar í félagsmálaráði 12. des. 2012 og bæjarstjórn 18. des. 2012.

2.1. Þjónusta búsetudeildar

Lögbundin þjónusta búsetudeildar sem byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er eftirfarandi:

- Heimaþjónusta¹⁶, þar fellur einnig undir:
 - Ráðgjöfin heim - heimaþjónusta veitt af fagfólki.
 - Gránufélagsteymið - heimaþjónusta veitt til fólks með tvöfalda greiningu, fíkní- og geðsjúkdóma.
 - Heimsending matar.
- Þjónustumiðstöð aldraðra¹⁷, þar er:
 - Félags- og tómstundastarf.
 - Dagþjónusta aldraðra.
- Félagsleg liðveisla¹⁸.
- Búseta fatlaðs fólks¹⁹, þar með talin:
 - Frekari liðveisla.
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk²⁰.
- Ferliþjónusta fyrir fatlað fólk þar sem mat á þörf fyrir þjónustuna.

Þjónusta búsetudeildar sem ekki er lögbundin er hluti greiddur af ríki:

- Lengd viðvera og sumarvistun 10 - 16 ára - ríkið greiðir hluta af kostnaði.
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra - ríkið greiðir launakostnað og akstur²¹. Ráðgjöf iðjuþjálfara - ríkið greiðir 35% stöðuhlutfall. Meðal annars er veitt ráðgjöf vegna hjálpartækja og aðgengi á heimilum sem er mikilvæg forsenda þess að fólk geti búið heima.
- Ferliþjónusta við aldraða þar sem mat á þjónustu.
- Lautin þar sem athvarf fyrir fólk með geðraskanir - samningur rennur út 2014. Þjónustan sem veitt er í Lautinni er mikilvæg forsenda þess að fólk geti búið heima auk þess að minnka þörf fyrir aðra þjónustu.
- Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA). Ríkið greiðir 20% af kostnaði.

3. Hlutverk, hugmyndafræði og stefna búsetudeildar

Hlutverk búsetudeildar er að veita fólki á öllum aldri með skerta færni margvíslega aðstoð og þjónustu í þeim tilgangi að styðja við búsetu þess og skapa því aðstæður til að lifa sjálfstæðu lífi jafnt á heimili sínu sem utan þess.

3.1. Hugmyndafræði búsetudeildar²²

Allt starf búsetudeildar miðar að því að notandinn lifi sjálfstæðu lífi en í því felst að allir einstaklingar, óháð fötlun og aldri, geti tekið eigin ákvarðanir, stjórnað eigin aðstoð og mótað eigin lífsstíl. Einnig að allir hafi rétt á því að búa í samfélaginu, stjórna eigin lífi, taka þátt og

¹⁶Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, 13. gr. 1.tl. og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 25. og 29. gr. og 40. gr.

¹⁷Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, 13. gr. 2. tl. og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 40. gr.

¹⁸Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, 24. og 25. gr.

¹⁹Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, 10. gr.

²⁰Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, 22. gr.

²¹Skv. lið C1-5 í tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu til ársins 2020, er áætlað að þessi þjónustan verði í boði í öllum sveitarfélögum.

²²Aðferðir og nálganir sem taldar eru upp í kaflanum eru byggðar á rannsóknnum.

hafa áhrif á öllum sviðum lífsins. Til að ná þessu fram er unnið eftir hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar (Gentle Teaching).

Valdefling þýðir að fela vald í hendur einstaklings og gefa honum frelsi til að glíma við verkefni á sinn hátt og axla á þeim ábyrgð. Efla getu einstaklingsins til að stjórna eigin lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir, nýta réttindi sín og öðlast þau lífsgæði sem eðlileg þykja. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í starfinu og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í starfseminu. Starfsfólk og notendur vinna saman á jafningjagrunni og skipta á milli sín hlutverkum við stjórnun ýmissa þátta. Starfsfólkið leggur áherslu á að skapa aðstæður fyrir notendurna til að geta komið í framkvæmd eigin hugmyndum svo þeir fái notið sín sem best. Stjórnandinn/starfsmaðurinn þarf þannig að sleppa hendinni af verkefninu.

Þjónandi leiðsögn (Gentle teaching) er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en skilyrt umbun og refsingar eru ekki viðurkenndar sem aðferð. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða fólk til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum. Lögð er áhersla á að nálgast einstaklinginn með alúð, vináttu og umhyggju og hvetja hann til að setja sér markmið og veita aðstoð við að ná þeim.

Fyrir afmarkaðan hóp sem nýtir þjónustu búsetudeildar er stuðst við „Skaðaminnkandi nálgun“ sem felst í að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu án þess að krefjast bindindis. Einnig er beitt „atferlismótun“ sem miðar að því að einstaklingurinn sjái sér hag í að minnka eða auka viðkomandi hegðun (virk skilyrðing). Aðferðin er einstaklingsmiðuð og mikilvægt er að í upphafi séu allar reglur skýrar bæði fyrir starfsfólk og notanda. Einblínt er á hegðunina og hvernig hægt er að breyta henni. Stuðst er við jákvæða /neikvæða styrkingu til að viðhalda æskilegri hegðun. Slokkun er notuð til þess að draga úr óæskilegri hegðun eða veikja hana.

3.2. Stefna búsetudeildar

Stefna búsetudeildar byggir á:

- i. Stefnu velferðarráðuneytisins í málefnum aldraðs fólks²³.
 - ii. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012 ñ 2014.
 - iii. Samþykktri búsetustefnu Akureyrarbæjar og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu²⁴.
-
- i. Eftirfarandi áhersluatriði í stefnu í málefnum aldraðra tengjast þeirri þjónustu sem búsetudeild veitir:
 - Aldraðir fái viðeigandi stuðning og einstaklingsmiðaða þjónustu til að geta dvalið sem lengst á eigin heimili.
 - Aldraðir og aðstandendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um réttindi og þjónustu.
 - Réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfsforræðis verði virtur.
 - Öldruðum standi til boða fjölbreytt val um búsetuform.
 - Dagvistarrýmum verði fjölgað.
 - Gæðaviðmið um þjónustu við aldraða verði sett.
 - Eftirlit með þjónustu við aldraða verði aukið og bætt.

²³ http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/Almennt/nr/4417.

²⁴ Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu [nr. 1054/2010](#)

- Tryggt verði að öldrunarþjónustan hafi ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki.
 - Heildarábyrgð á þjónustu við aldraða verði færð til sveitarfélaga.
- ii. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks²⁵ tekur mið af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks auk annarra alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Lögð er áhersla á mannréttindi og bann við mismunun á grundvelli fötlunar og viðurkennt að fötlun sé hugtak sem þróast og breytist. Sú þróun hefur orðið í þjónustu við fatlað fólk að lögð er áhersla á einstaklingsmiðun, fjölbreytni og stjórn fatlaðs fólks á eigin lífi. Framkvæmdaáætlunin myndar ramma utan um stöðumat og frekari áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks og gegnir mikilvægu hlutverki í samvinnu ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd og endurmat á þjónustu við fatlað fólk á Íslandi.

Í framkvæmdaáætluninni eru nokkur málavíð, C- sjálfstætt líf, F- mannréttindi og H- þátttaka sem tengjast þeirri þjónustu sem búsetudeild veitir og markar stefnu í þjónustu við fatlað fólk:

Sjálfstætt líf (málavíð C): Að fötluðu fólki skuli tryggð mannréttindi og sambærileg lífsskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs. Barist verði gegn fátækt og félagslegri útskúfun fatlaðs fólks. Fatlað fólk skuli hafa sama rétt og aðrir íbúar landsins til að halda mannlegri reisn og njóta sjálfræðis, jafnréttis og samstöðu og skal ekki búa við mismunun. Fatlað fólk njóti góðs af öllum almennum aðgerðum stjórnvalda sem eiga að stuðla að jöfnuði, svo sem á sviði húsnaðis-, mennta-, trygginga- og atvinnumála. Þjónusta við fatlað fólk skal miða að því að auka sjálfstæði og lífsgæði þess. Hún skal vera heildstæð, sveigjanleg og einstaklingsbundin, taka til allra þátta lífsins.

- Notendastýrð persónuleg aðstoð - NPA (liður 1) sem miðar að því að fötluðu fólki gefist kostur á að ráða það aðstoðarfólk sem það sjálf kys og semji starfslýsingu sem samræmist lífsstíl og kröfum viðkomandi með það að markmiði að það geti að mestu leyti stjórnað sínu lífi sjálf.
- Val um þjónustu (liður 2). Að fatlað fólk hafi val um tegund þjónustu og framkvæmd hennar. Áður en þjónustan verði veitt fari fram einstaklingsbundið mat á þjónustubörf í samstarfi við notandann og gerð verði einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna.
- Aðgengi að þjónustu (liður 4) þar sem áætlað er að tryggja beri að þjónusta við fatlað fólk á heimili sínu uppfylli þjónustubörf á hverju þjónustusvæði og stefna að því að biðlistum verði eytt. Í hverju sveitarfélagi verði gerð áætlun um það hvernig mæta eigi þörf fyrir þjónustu þannig að bið eftir þjónustu verði í lágmarki og aldrei meiri en tólf mánuðir, sbr. reglugerð²⁶ um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.
- Hjálpartæki/tæknilausnir (liður 5) sem miðar að því að fatlað fólk fái tækifæri til að nýta sér nútímataækni og tæknitengdar lausnir þegar þjónusta er veitt.
- Val um búsetu (liður 7). Að fatlað fólk hafi til jafns við aðra val um búsetu í samræmi við óskir sínar og þarfir og fjölbreyttir húsnaðiskostir verði í boði og áætlun sett þar um. Allt húsnaði uppfylli ákvæði reglugerðar²⁷ um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi.

²⁵ <http://www.althingi.is/altext/140/s/1496.html>

²⁶ Nr. 1054/2010

²⁷ Nr. 1054/2010

- Húsnæðisgerð (liður 8). Að öll heimilisumgjörð fatlaðs fólks fullnægi almennum viðmiðum um heimili fólks samkvæmt reglugerð²⁸ um þjónustu við fólk á heimili sínu. Að gerð verði áætlun á hverju þjónustusvæði í samvinnu sveitarfélaga, hagsmunaaðila og notenda þar sem tekið sé mið af gildandi reglugerð. Lögð verði niður í áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, svo sem herbergjasambýli. Aukin verði framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta kostnaði við aukna húsnæðisþörf.

Mannréttindi (málasvið F): Margvíslegar hindranir í umhverfi og samfélaginu standa í vegi fyrir því að fatlað fólk öðlist jafna stöðu á við ófatlaða á Íslandi. Margt fatlað fólk upplifir fordóma og þekkingarleysi vegna fötlunar sinnar og getur auk þess glímt við fleiri en eina tegund mismununar svo sem vegna aldurs, kynferðis, uppruna eða kynhneigðar. Til að koma í veg fyrir mismunun þarf að bregðast við af fullri alvöru, meðal annars með því að fara að alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland hefur undirritað og aðlaga bæði íslenska löggjöf og framkvæmd í þessu skyni.

- Valdefling og notendasamráð (liður 3). Að auka og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk.

Þátttaka (málasvið H): Að fatlað fólk skuli eiga þess kost að taka fullan þátt í félagslegu og efnahagslegu starfi samfélagsins. Það skal eiga þess kost að nýta borgaralegan rétt sinn, eiga val um hvernig það ver lifi sínu og hafa fullan aðgang að menningarstarfi, tómstundum og afþreyingu. Áhersla sé lögð á að eyða hindrunum sem mæta einstaklingum í daglegu lífi. Þjónusta við fatlað fólk stuðli að því að það lifi sjálfstæðu lífi.

- Félagslíf fatlaðra barna og ungmenna (liður 4). Að rjúfa félagslega einangrun fatlaðra barna og ungmenna á grunn- og framhaldsskólaaldri. Þau eigi kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum, í skólafríum og á sumrin í samræmi við óskir og getu. Slík frístundatilboð verði samþætt almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmennt á sama aldri. Lögð verði áhersla á mikilvægi sumardvalar við hæfi fyrir þennan hóp.

- iii. Stefna Akureyrarbæjar í búsetumálum fatlaðs fólks miðar að því að herbergjasambýli verði lögð niður fyrir árslok 2013 og að allt fatlað fólk í búsetuþjónustu hafi lágmarks-einkarými, ýmist í íbúðum eða íbúðasambýlum. Áætlað er að öll þjónusta inni á heimilum fólks verði einstaklingsmiðuð og í formi heimaþjónustu. Heimaþjónusta gæti verið allt frá því að vera aðstoð við þrif einu sinni í viku upp í að vera sólarhringsþjónusta, miðað við þarfir hvers og eins.

Reglugerð²⁹ um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu miðar við að fatlað fólk fái félagslega þjónustu og sérstakan stuðning til þess að geta búið þannig að sem best henti hverjum og einum. Skal tekið mið af óskum, aðstæðum og þörf fyrir þjónustu. Fylgt skal þeirri meginreglu að fólk eigi val um hvernig það býr, enda sé það í samræmi við það sem almennt tíðkast. Þjónustan skal vera einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg og veitt með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmynd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

4. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn – fyrirsjáanlegar breytingar

Framtíðarsýn búsetudeildar byggir á að fólk búi sem lengst á eigin heimili og fái fjölbreytta, notendamiðaða og sveigjanlega þjónustu.

²⁸ Nr. 1054/2010


²⁹ Nr. 1054/2010

1. Að fólk með skerta getu fái félagslega þjónustu og sérstakan stuðning til að geta búið þannig að sem best uppfylli óskir og þarfir þeirra.
2. Þjónustan sé löguð að þörfum einstaklinga og tekið tillit til ólíkra þarfa þeirra, óska og færni.
3. Að fólki séu sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu.
4. Rík áhersla lögð á nýtingu tæknilausna til að auka öryggi á eigin heimili og auðvelda fólki að lifa sjálfstæðu lífi. Gæta þarf að friðhelgi heimilisins.
5. Að einkarými einstaklinga í búsetuþjónustu uppfylli opinber viðmið.
6. Að áhrif og þátttaka notenda á framkvæmd þjónustunnar verði virk og virt.
7. Að ávallt starfi í þjónustunni fólk með fjölbreytta menntun og þekkingu til að mæta ólíkum þörfum einstaklinga í margbreytilegu samfélagi.
8. Að fjármagn sem til ráðstöfunar er verði nýtt á hagkvæman og skilvirknan hátt.

4.1. Fyrirsjáanlegar breytingar

Breytingar sem eru fyrirsjáanlegar í þjónustu búsetudeildar:

- Áhersla á sjálfstætt líf með viðeigandi stuðningi á eigin heimili með kröfu um að þjónustan verði notendamiðuð, að fólk hafi áhrif á og ráði hverjir starfa á heimilum þess. Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að vinna eftir hugmyndafræðinni um *valdeflingu* sem miðar að aukinni þátttöku notenda í framkvæmd þjónustunnar og *þjónandi leiðsögn* sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun og hjálpar fólki að ná færni í mannlegum samskiptum og takast á við krefjandi aðstæður sem upp geta komið. Akureyrarbær er nú þegar þátttakandi í tilraunaverkefniinu Aðnotendastýrð persónuleg aðstoðó ñ NPA, þar sem gerður er samningur við fólk um ákveðið þjónustumagn og síðan sér það sjálft um að ráða sitt aðstoðarfólk. Á næstu árum mun liggja fyrir hvort þjónustan verði lögleidd.
- Áhersla á einkarými sem gerir kröfu um að herbergjasambýli séu lögð af og fötluðu fólki þess í stað boðin búseta með viðeigandi einkarými.
- Öldruðu fólki fjölgar - færri vinnandi hendur. Ólíklegt er að fjármagn í þjónustuna aukist í sama hlutfalli og fjölgun fólks í þjónustu. Gera þarf ráð fyrir að það fjármagn sem er til ráðstöfunar nú deilist á fleiri. Það gerir kröfu um áherslubreytingu. Nú felst heimaþjónusta við aldrað fólk á Íslandi að stórum hluta í þrifum, þ.e. veittir eru fáir klukkutímar á viku til margra. Á Akureyri eru til dæmis 40% aldraðra notenda heimaþjónustunnar eingöngu með þrif. Á Norðurlöndum hefur sú breyting nú þegar átt sér stað að færri fá heimaþjónustu, eins og sést á mynd hér neðar, og hún felst yfirleitt í fleiri þáttum en þrifum. Þessi breyting kallar á að leitað sé nýrra leiða og hefur mikið verið horft til velferðartækni, þ.e. að möguleikar tækninnar verði nýttir til að stuðla að sjálfstæði fólks þannig að það geti tekist á við athafnir daglegs lífs, sinnt heimilisstörfum og verið þátttakendur í félagslífi. Jafnframt þarf að tryggja öryggi þess, t.d. með fjarvöktun.



- Fyrirsjáanlegar breytingar kalla á breytt vinnubrögð og hreyfanleika starfsfólks. Þetta getur haft í för með sér að starfsfólk verði í ríkara mæli ráðið til að veita þjónustu inn á heimilum fólks, ekki inn á ákveðnar einingar eða heimili eins og er nú. Starfsfólk myndi þá vinna í teyllum og veitti fólki með líkar þjónustuþarfir aðstoð og/eða myndi vinna á ákveðnu svæði.
- Ein félagsþjónustulög verði fyrir alla sem þurfa á velferðarþjónustu að halda. Líklegt er að sérlög verði felld inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga hvað varðar fatlað og aldrað fólk. Búið er að skipa hóp til að endurskoða lögin og á m.a. að fella lög um málefni fatlaðs fólks inn í þau.
- Ábyrgð á þjónustu við aldrað fólk mun væntanlega færast frá ríki til sveitarfélaga á næstu árum.

Í ljósi fyrirsjáanlegra breytinga eru eftirfarandi þættir dregnir út sem mikilvægt er að vinna að næsta áratuginn.

4.1.1 Uppbygging þekkingar - breytt vinnubrögð

Til að mæta áskorunum framtíðarinnar er mikilvægt að:

- Auka fagmönnum í þjónustu búsetudeildar og vinna markvisst að menntun starfsfólks í þeim tilgangi að innleiða hugmyndafræði og styðja fólk til að mæta kröfum um breytt vinnubrögð og aðlagast breyttum vinnuaðstæðum.
- Auka þarf samstarf við fagaðila bæði innanlands og erlendis í þeim tilgangi að öðlast þekkingu og miðla henni áfram. Mikilvægt er að koma á norrænu samstarfi um þróun heimaþjónustu við aldrað fólk en þar er t.d. unnið eftir sérstakri aðferð sem kennd er við Århus í Danmörku. Þar hefur tekist að fækka vinnustundum í heimaþjónustu sem eingöngu eru veittar í þrif. Búsetudeild er nú þátttakandi í innlendu samstarfi um valdeflingu og erlendu samstarfi um þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching). Mikilvægt er að þróa þetta samstarf og festa í sessi.

Kostnaði verði mætt með eigin fjármögnun, sótt um styrki og starfsmenntasjóðir nýttir.

4.2 Aukin nýting velferðartækninnar³⁰

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) gaf út hefti um velferðartækni í lok árs 2010. Þar er mælt með að Norðurlönd setji stefnu um velferðartækni á dagskrá innan hvers lands, útvegi fjármagn og komi á nánara norrænu samstarfi á þessu sviði. Það er mat NVC að innleiðing velferðartækni muni verða öllum til hagsbóta, einstaklingum, atvinnulífinu og samfélaginu í heild sinni. NVC telur m.a. að tæknin geti nýst fólki með langvinna sjúkdóma og gert því betur kleift að taka ábyrgð á eigin heilsu. Tæknin getur einnig leitt til aukinnar lífsgæða hjá fólki jafnframt því sem hún sparar samfélaginu fjármuni. Það sama á að gilda um fatlaða einstaklinga og hvetur NVC til þess að hlustað sé á notendur og þeir ásamt starfsfólki séu hafðir með í ráðum þegar tæknin er þróuð og tekin í notkun. NVC hvetur til þess að reglum og vinnuaðferðum verði breytt þannig að nýta megna hina nýju tækni sem best. Jafnframt hvetur NVC til að tekið sé á siðferðilegum vandamálum velferðartækninnar með opnum huga og þau löguð að lagaumhverfi hvers lands þannig að nýta megna hina nýju möguleika til hagsbóta fyrir notendur.³¹ Til þess að svo megna verða er mikilvægt að horft sé bæði til tæknilegra og þekkingarlegra forsendna. Til að fylgja þessari þróun er mikilvægt að:

- Greina hvaða tæknilausnir eru nú þegar í notkun innan félagsþjónustunnar á Akureyri.
- Kanna hvaða möguleikar og tækifæri finnast innan velferðartækninnar, koma á nýtingu hennar og þróa mismunandi lausnir.
- Kynna fyrir notendum og starfsfólki hvaða lausnir eru í boði.
- Koma á innlendu og norrænu samstarfi um nýtingu velferðartækninnar.

Kostnaði verði mætt með eigin fjármögnun og frá Tryggingarstofnun ríkisins þar sem það á við.

4.3 Aukin heilsuefning - forvarnarstarf

Í drögum um Heilbrigðisáætlun til ársins 2020 er sett það markmið að yfir 83% 80 ára og eldri séu við svo góða heilsu fyrir árslok 2015 að þeir geti með viðeigandi þjónustu búið heima. Til þess að draga úr ótímabærri þörf á þjónustu vegna heilsubrestra bæði fatlaðs og aldraðs fólks er mikilvægt að:

- Efla heilsuefndi heimsóknir. Í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2020 er m.a. lagt til að boðið verði upp á heilsuefndi heimsóknir fyrir 75 ára og eldri. Í því ljósi er æskilegt að efla enn frekar heilsuefndi heimsóknir þannig að hægt verði að veita þá þjónustu sem í upphafi var stefnt að og hafa svigrúm til aukaheimsókna við áföll í lífi fólks. Akureyrarbær hefur veitt heilsuefndi heimsóknir til aldraðra allt frá árinu 2000. Nauðsynlegt er að leggja mat á ávinning heimsóknanna fyrir notendur sem getur legið til grundvallar frekari þróun og kynningar á þjónustunni, m.a. til annarra sveitarfélaga.
- Fara í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri um framkvæmd markmiðs Framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012 ñ 2014 um að draga úr ótímabærri þörf á þjónustu vegna heilsubrestra bæði fatlaðs og aldraðs fólks (D.1 Heilsugæslan).

Kostnaðurinn er nú að stærstum hluta á hendi ríkisins en þjónustan er framkvæmd af sveitarfélaginu og er áætlað að svo verði áfram. Leitað verði eftir samvinnu við háskólastofnanir varðandi mat á árangri.

³⁰ Velferðartækni vísar til ýmskonar nútímataækni sem gagnast einstaklingum með skerta færni, viðhalda og auka lífsgæði þeirra og styðja til sjálfstæðs lífs, s.s. ýmskonar hjálpartæki, öryggisbúnaður og fullkomin fjarstýrður tækjabúnaður.

³¹ Nordens Vælfærdscenter. 2010. Vælfærdsteknologi, bls. 89

4.3.1 Sveigjanleg búsetuþjónusta – aukið einkarými

Þjónusta við fatlað fólk hefur á undanförnum árum verið að þróast frá því að vera bundin við stofnanir yfir í að vera sveigjanleg og veitt á heimilum fólks, ýmist hluta eða allan sólarhringinn, allt eftir þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á sjálfræði og sjálfstæði einstaklingsins. Það fyrirkomulag þarf að þróa enn frekar og ná til annarra hópa sem eru í þjónustu búsetudeildar, s.s. aldraðra. Í dag búa 150 einstaklingar eldri en 80 ára á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) eða tæp 21% íbúa á þessum aldri. Samkvæmt drögum að heilbrigðisáætlun er stefnt að því að einungis 17% íbúa á þessum aldri búi á hjúkrunarheimili við árslok 2015. Það hefði í för með sér að um 28 færri einstaklingar myndu búa á ÖA en gera nú. Þessir einstaklingar þurfa væntanlega fjölbreytta og mikla heimaþjónustu til að svo geti orðið. Það er því mikilvægt að:

- Það fjármagn sem nú fer í rekstur öldrunarheimila og er fjármagnað af ríkinu, færist til sveitarfélaganna þannig að þau verði fjárhagslega betur í stakk búin til að fylgja þessari þróun.
- Þróa þjónustu við aldraða og veita hana í ríkara mæli seinnipart dags og um helgar, m.a. með félagslegum stuðningi þannig að fólk hafi möguleika á að taka þátt í félagslífi.
- Leggja þarf af herbergjasambýli og bjóða þeim íbúðir sem þar búa. Mikilvægt er að við endurmat á árangri tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga verði kostnaði við þessa breytingu mætt.
- Fjölga þarf íbúðum sem sniðnar eru að sérhæfðum þjónustubörfum fatlaðs fólks.

4.3.2 Notendasamráð - eftirlit

Í allri félagsþjónustu er kallað á aukið samráð við notendur um ákvarðanatöku og framkvæmd þjónustunnar enda mikilvægt að fólk, sem nýtir þjónustuna, hafi sem mest um hana að segja. Það veitir opinberum aðilum aðhald og eykur líkur á að þjónustan verði í samræmi við þarfir. Í náninni framtíð þarf að auka notendasamráð vegna ýmskonar þjónustu. Nú þegar er starfandi notendaráð í félagsstarfi aldraðs fólks sem hefur gefist vel og einnig er samstarf við félag eldri borgara og hagsmunasamtök fatlaðra. Þetta samstarf þarf að efla og þróa enn frekar. Á næstu árum er mikilvægt að:

- Auka notendasamráð og fá þannig sýn þeirra, sem nota þjónustuna, á hvernig hún mæti best þörfum. Það kallar á að notendur verði upplýstir og meðvitaðir um þær breytingar sem framundan eru og þá opinberu stefnu sem unnið er eftir. Samtal og samráð þarf að eiga sér stað á milli þjónustukerfisins og notenda um stefnumörkun og markmiðssetningu til framtíðar. Mikilvægur þáttur í notendasamráði er gerð þjónustusamninga þar sem notandi og veitandi gera með sér skriflegan samning um framkvæmd, magn og innihald þjónustunnar. Einnig gerð einstaklingsáætlana fyrir þá sem þurfa viðvarandi og fjölbreyttan stuðning frá mismunandi þjónustukerfum.
- Þróa árangurs- og gæðaviðmið í samvinnu við notendur sem lið í eftirliti með þjónustunni.

Notendur og aðstandendur þeirra þurfa að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um réttindi og þjónustu. Á næstu árum er því mikilvægt að:

- Á vef bæjarfélagsins séu ávallt greinagóðar og aðgengilegar upplýsingar.
- Vefurinn fái aðgengisvottun³².
- Bæklingar með upplýsingum um þjónustu liggi frammi á þjónustustofnunum, s.s. félagsmiðstöðvum, og verði kynntir reglulega fyrir notendum.

Kostnaði verði mætt með eigin fjármögnun.

³² Sjá nánari upplýsingar um hvað felst í aðgengisvottun, slóð: <http://sja.is/adgengisvottun/>

4.3.3 Félagslíf fatlaðs fólks - félagsstarf aldraðra

Þátttaka í félagslífi er flestu fólki mikilvæg ekki síst þeim sem búa við skerðingu af einhverju tagi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann könnun á þjónustu við fatlað fólk í tengslum við tilfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Þar kemur fram að fatlað fólk býr við félagslega einangrun. Rúmur þriðjungur svaraði að sig vantaði félagsskap og einhvern til að njóta með félagslífs og tómstunda.

Á undanförunum árum hefur ákveðin þróun átt sér stað í framkvæmd félagslegrar liðveislu á Akureyri, sem dæmi má nefna að samið var við íþróttafélag um að taka að sér hópliðveislu fyrir fötluð börn sem gerði félaginu kleift að skipuleggja æfingar fyrir hópinn innan íþróttafélagsins. Einnig hefur aukist samstarfið við samfélags- og mannréttindadeild sem felst í því að koma á tengslum milli fatlaðra framhaldsskólanemenda þannig að þeir hafi tækifæri til að kynnast og þróa með sér venskap. Hópurinn fær einnig aðstoð við að skipuleggja félagslíf með því t.d. að benda á hvað er um að vera í bæjarfélaginu og hvetja til þátttöku. Á næstu árum er mikilvægt að:

- Halda áfram því þróunarstarfi sem nú þegar er hafið.
- Skoða ávinning þess að færa framkvæmd félagslegrar liðveislu, sem í dag er veitt af búsetudeild, til samfélags- og mannréttindadeildar sem fer með frístundamál bæjarfélagsins. Við það gætu skapast tækifæri til að efla þjónustuna enn frekar.

Starfshópurinn vinnur nú að því að kanna fjárhagslegan og faglegan ávinning þess að sameina félagsstarf eldri borgara við annað félagsstarf bæjarins. Mikilvægt er að aldraðir verði virkir í félagsstarfi og taki aukna ábyrgð á því starfi sem þar fer fram, ásamt því að áfram verði unnið eftir hugmyndafræði valdeflingar og hún styrkt enn frekar þannig að félagsstarfið verði að mestu sjálfbært. Með því að færa þjónustuna undir samfélags- og mannréttindadeild sem fer með öll frístundamál bæjarfélagsins væri hægt að:

- Leggja meiri áherslu á heilsurækt og heilbrigðan lífsstíl í tilboði félagsmiðstöðvanna.
- Auka samráð við íþróttafélög, líkamsræktarstöðvar, sjúkrahjálfa og aðra þá sem bjóða upp á hreyfingu er hæfir eldra fólki.
- Samnýta húsnæði, tæki og tól annars vegar þjónustumiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusíðu og hins vegar samfélags- og mannréttindadeildar, en komið er að endurnýjun ýmissa búnaðar í félagsstarfi aldraðra.
- Aukið samstarf verði við hinar ýmsu þjónustustofnanir bæjarins, s.s., leik-, grunn- og tónlistarskóla.
- Virkja aldraða í framkvæmd félagsstarfsins með auknu samstarfi við Félag eldri borgara.

Ákveðin samlegðaráhrif gætu falist í samrekstri alls félagsstarfs bæjarfélagsins.

4.3.4 Dagþjónusta aldraðra

Dagþjónusta aldraðs fólks á Akureyri er rekin á tveimur stöðum. Búsetudeild rekur þjónustu í Þjónustumiðstöðinni Víðilundi með 15 almennum plássum og einu sérhæfðu og Öldrunarheimili Akureyrarbæjar reka dagþjónustu í Hlíð með fimm almennum plássum og 14 sérhæfðum. Samvinna er um inntöku dagþjónustugesta auk þess sem flestir gestir dagþjónustunnar nýta skammtímadvöl í Hlíð. Starfshópurinn er starfandi sem hefur það hlutverk að kanna faglegan og fjárhagslegan ávinning þess að dagþjónusta aldraðra á Akureyri verði á einni hendi og þá stýrt af Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Starfshópurinn skilaði skýrslu í júní 2013 og þar kemur m.a. fram mikilvægi þess að dagþjónusta verði veitt á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Hópurinn bendir hins vegar á að skoða megi ávinning þess að sjúkrahjálfun og

önnur sértæk þjónusta, sem er í Hlíð en ekki í Víðilundi, yrði samnýtt frekar með því að opna á aukið samstarf eða að stjórnunin yrði á einni hendi.

- Mikilvægt er að þróa þjónustuna í samræmi við þá breytingu að aldraðir búa nú lengur heima og þurfa aukna og víðtækari stoðþjónustu en áður.
- Í nánustu framtíð verði áfram unnið að því að skoða ávinning þess að færa alla dagvist aldraðra undir sömu stjórn. Við það næðist betri heildarsýn yfir þjónustuna og skilyrði til að þróa hana í samræmi við sívaxandi þarfir.

Ákveðin samlegðaráhrif gætu falist í samrekstri dagvistanna í Víðilundi og Hlíð.

5. Staða málaflokksins

5.1 Þjónustueiningar sem tilheyra búsetudeild³³.

Samþýli, þjónustu- og íbúðakjarnar³⁴:

- Herbergjasamþýli Hafnarstræti 16, fimm herbergi (1995).
- Herbergjasamþýli Jörvabyggð 14, fimm herbergi (1995).
- Þjónustukjarninn Þrastarlundi 3. Fimm íbúðir, tvö herbergi með baði og sameiginlegu rými, auðvelt að breyta í tvær íbúðir (1995, breytt 2012).
- Samþýli Snægili 1, sex herbergi með baði, lagnir fyrir litla eldhúseiningu (1996).
- Þjónustukjarni Skútagili 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (1997).
- Þjónustuíbúðir Klettatúni 2/Kjarnagötu, sjö íbúðir og sameiginlegt rými (2005).
- Íbúðasamþýlið Geislatúni 1, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2006).
- Þjónustukjarni Vallartún 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2006).
- Áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk í Hamratúni 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2009).
- Þjónustukjarni Kjalarsíðu 1, sjö íbúðir leigðar af FÉSTA (2011).
- Þjónustukjarni Hafnarstræti 28 og 30, samtals átta íbúðir (2012).
- Þjónusta í Hvammshlíð, fjórir einstaklingar í þjónustu, húsnaði ekki á vegum Akureyrarbæjar (2012).
- Borgargil 1, sex íbúðir og sameiginlegt rými (bygging hófst 2013).

Þjónusta til stuðnings sjálfstæðri búsetu (frekari liðveisla), samþætt við félagslega heimaþjónustu í Heimaþjónustu B, húsnaði í eigu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks eða bæjarfélagsins:

- Þjónustukjarni Eiðsvallagötu, sex íbúðir (2000).
- Akursíða, fimm íbúðir (2006).
- Hjallalundur, fjórar íbúðir (1995, 1998 og 2011).
- Skammtíðavistun Skólastíg 5 (1999) og skólavistun í Árholti (2003) fyrir 10 ñ 20 ára. Starfsemin flytur í Þórunnarstræti 99 (endurbætur hófust 2013, lýkur 2014).
- Félags- og þjónustumiðstöð aldraðra í Víðilundi (1991) og Bugðusíðu (2005).
- Starfsaðstaða heimaþjónustu í Höllinni (2008) og Bugðusíðu (2000).

Breyting frá 2011 ñ 2013:

³³ Sjá myndir af þjónustueiningum: http://prezi.com/ik4t9zhigefa/?utm_campaign=share&utm_medium=copy

³⁴ Ártalið í sviga vísar til þess hvenær viðkomandi eining var tekin í notkun.

- Sambýli Þórunnarstræti 114. Lagt niður í janúar 2011.
- Sambýli Dvergagili 40. Lagt niður í janúar 2011.
- Sambýli Ægisgötu 30. Lagt niður í júní 2012.
- Sambýli Brálundi 1. Lagt niður í júlí 2012.
- Sambýli Ægisgötu 26. Lagt niður í sept. 2012.
- Sambýli Dvergagili 3. Lagt niður í júní 2013.

5.1 Helstu magntölur

Taflan hér fyrir neðan sýnir helstu magntölur í þjónustu búsetudeildar síðastliðin 10 ár og hlutfall af íbúafjölda. Notendum í heimaþjónustu hefur fjölgað hvað mest á þessu tíu ára tímabili, ekki síst þeim sem fá meira en 10 klukkustundir á viku, svo og einstaklingum sem fengu heilsueflandi heimsóknir.

1. jan 2013	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2002-2012	Fjölgun 2002-2012
Íbúar alls á Akureyri	15.656	15.867	16.086	16.475	16.756	16.822	17.320	17.541	17.573	17.754	17.875	14,2%	2.219
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2002-2012	
Einstaklingar með heimaþjónustu	707	717	677	658	679	735	782	732	785	804	803	13,6%	96
Hlutf. af íbúafj.	4,5%	4,5%	4,2%	4,0%	4,1%	4,4%	4,5%	4,2%	4,5%	4,5%	4,5%		
Heimili sem fengu heimaþjónustu	561	584	560	537	566	592	630	614	575	562	584	4,1%	23
	3,6%	3,7%	3,5%	3,3%	3,4%	3,5%	3,6%	3,5%	3,3%	3,2%	3,3%		
Einstaklingar m/heimsendan mat	115	119	113	108	126	126	159	146	148	161	134	16,5%	19
Hlutf. af íbúafj.	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,8%	0,7%	0,9%	0,8%	0,8%	0,9%	0,7%		
Einstakl. með félagsl. liðveislu	129	110	122	100	110	106	115	100	107	114	125	-3,1%	-4
Hlutf. af íbúafj.	0,8%	0,7%	0,8%	0,6%	0,7%	0,6%	0,7%	0,6%	0,6%	0,6%	0,7%		
Fjöldi sem fengu > en 10 klst á viku í heimaþjónustu B	3	3	6	6	13	12	14	15	15	15	18	500,0%	15
Hlutf. af íbúafj.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%		
Einstaklingar í þjónustukjörnum, áfangahemili og sambýlum	58	59	59	58	57	64	64	64	65	65	67	13,3%	9
Hlutf. af íbúafj.	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%		
Börn í búsetuþjónustu	3	3	3	3	3	1	1	1	2	2	1	-66,7%	-2
Hlutf. af íbúafj.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%		
Fjöldi notenda skammtíamavistunar	20	22	28	31	26	27	25	23	20	21	21	5,0%	1
Hlutf. af íbúafj.	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%		
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	55	52	56	49	49	50	48	61	59	57	50	-9,1%	-5
Hlutf. af íbúafj.	0,4%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%		
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfara		134	121	96	82	90	120	104	130	153	149	11,2%	15
Hlutf. af íbúafj.	0,0%	0,8%	0,8%	0,6%	0,5%	0,5%	0,7%	0,6%	0,7%	0,9%	0,8%		
Einstaklingar sem fengu heilsueflandi heimsóknir	189	146	152	119	147	419	528	284	382	526	542	186,8%	353
Hlutf. af íbúafj.	1,2%	0,9%	0,9%	0,7%	0,9%	2,5%	3,0%	1,6%	2,2%	3,0%	3,0%		
Stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu	31,2	30	29,2	29,6	33,9	35,5	37,2	39,3	38,77	45,3	46,5	49,0%	15
Hlutf. af íbúafj.	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%		
Stöðugildi í búsetuþjónustu	75	74	74,5	73	75,5	85	84	85,5	95	97,8	101,2	34,9%	26
Hlutf. af íbúafj.	0,5%	0,5%	0,5%	0,4%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%		

4.3 Þróun helstu magntalna

Taflan sýnir áætlaða þróun helstu magntalna hjá búsetudeild. Áætlunin byggir á þróun síðustu 10 ára með frávikum en fyrir liggur að öldruðu fólki mun fjölga og fjölmennir árgangar fatlaðra einstaklinga með mismunandi þjónustufarir koma inn í þjónustu næstu 10 árin.

1.jan	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2013- 2023	Fjölgun 2013- 2023
Íbúar alls á Akureyri	17.966	18.089	18.212	18.336	18.461	18.587	18.714	18.841	18.970	19.099	19.230	7,0%	1.264
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2013- 2023	
Einstaklingar með heimaþjónustu A	813	824	834	845	856	867	878	889	901	912	924	13,6%	110
Hlutf. af íbúafj.	4,53%	4,55%	4,58%	4,61%	4,64%	4,66%	4,69%	4,72%	4,75%	4,78%	4,80%		
Heimili með heimaþjónustu	586	589	591	593	596	598	601	603	606	608	610	4,1%	24
Hlutf. af íbúafj.	3,26%	3,25%	3,25%	3,24%	3,23%	3,22%	3,21%	3,20%	3,19%	3,18%	3,17%		
Fjöldi með heimsendan mat	136	138	140	142	145	147	149	151	154	156	159	16,5%	22
Hlutf. af íbúafj.	0,76%	0,76%	0,77%	0,78%	0,78%	0,79%	0,80%	0,80%	0,81%	0,82%	0,82%		
Einstaklingar með félagslega liðveislu	128	131	136	142	145	148	152	155	158	162	165	29,2%	37
Hlutf. af íbúafj.	0,71%	0,73%	0,75%	0,78%	0,79%	0,80%	0,81%	0,82%	0,83%	0,85%	0,86%		
Fjöldi með > en 10 klst. á viku í heimaþjónusta B	19	20	21	24	26	30	32	34	36	38	40	109%	30
Hlutf. af íbúafj.	0,11%	0,11%	0,12%	0,13%	0,14%	0,16%	0,17%	0,18%	0,19%	0,20%	0,21%		
Einstaklingar í þjónustukjörnum (og sambýlum)	69	69	75	75	81	81	81	87	87	87	87	26,1%	18
Hlutf. af íbúafj.	0,38%	0,38%	0,41%	0,41%	0,44%	0,44%	0,43%	0,46%	0,46%	0,45%	0,45%		
Börn í búsetuþjónustu	1	1	2	2	2	1	1	1	2	2	2	100%	1
Hlutf. af íbúafj.	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%		
Fjöldi notenda skammtíðavistunar	21	21	18	18	19	19	19	17	18	18	21	-0,3%	0
Hlutf. af íbúafj.	0,12%	0,12%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%	0,09%	0,09%	0,09%	0,11%		
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	52	53	53	55	55	57	57	59	59	59	60	16,9%	9
Hlutf. af íbúafj.	0,29%	0,29%	0,29%	0,30%	0,30%	0,31%	0,31%	0,31%	0,31%	0,31%	0,31%		
Beiðnir um ráðgjöf iðjupjálfa	151	153	154	156	158	160	162	164	166	168	170	12,5%	19
Hlutf. af íbúafj.	0,84%	0,84%	0,85%	0,85%	0,86%	0,86%	0,86%	0,87%	0,87%	0,88%	0,88%		
Fjöldi einst. með heilsuefl. heimsók.	571	601	633	666	701	738	777	818	861	907	955	67,3%	384
Hlutf. af íbúafj.	3,18%	3,32%	3,47%	3,63%	3,80%	3,97%	4,15%	4,34%	4,54%	4,75%	4,97%		
Fjöldi einstakl. með NPA samning	6	8	8	9	9	10	10	11	11	12	12		6
Stöðug. í félagsl. heimaþjónustu	48	50	52	55	57	59	61	64	67	69	72	49%	24
Hlutf. af íbúafj.	0,27%	0,28%	0,29%	0,30%	0,31%	0,32%	0,33%	0,34%	0,35%	0,36%	0,38%		
Stöðug. í búsetuþjón.	111	111	123	126	132	135	135	146	146	148	149	34%	38
Hlutf. af íbúafj.	0,62%	0,61%	0,68%	0,69%	0,71%	0,72%	0,72%	0,77%	0,77%	0,77%	0,78%		

Skýringar með einstökum þáttum í töflunni hér framar:

Heimaþjónusta A. Gert er ráð fyrir að hlutfall íbúa sem fá heimaþjónustu hækki úr 4,5% í 4,8%, vegna fjölgunar aldraðra íbúa á Akureyri. Áætlað er að stöðugildum fjölgi um 49% þar sem gert er ráð fyrir að aldrað fólk með miklar þjónustufarir dvelji lengur heima en áður, sem er í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr hlutfalli þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimili.

Sértæk búsetuþjónusta við fatlað fólk (einstaklinga í heimaþjónustu B, þjónustukjörnum og sambýlum). Áætlunin gerir ráð fyrir að mæta þörf 39 einstaklinga fyrir búsetu á næstu 10 árum, þar af 18 sem eru í þörf fyrir sértækt húsnæði. Fyrir liggja upplýsingar um 20 einstaklinga með miklar þjónustufarir, 18 ára og eldri, og næstu 10 árin bætast við 21 einstaklingur, samtals 41 einstaklingur sem koma til með að þurfa sólarhringsþjónustu. Nú þegar er hafin bygging á sex íbúðum og gerir áætlunin ráð fyrir að þörf verði fyrir að bæta við 12 sérhæfðum íbúðum til viðbótar. Þar fyrir utan liggja fyrir upplýsingar um 13 einstaklinga með miðlungs þjónustufarir og áætlað er að tveir bætist við næstu 10 árin, samtals 15 einstaklingar. Áætla má að þessi hópur þurfi heimaþjónustu umfram 10 klst. á viku, svo og félagslegt húsnæði. Þá eru ótaldir þeir einstaklingar sem fatlast síðar á ævinni af völdum slysa eða sjúkdóma, s.s. fíkn- eða geðsjúkdóma.

Jafnframt liggja fyrir upplýsingar um 33 einstaklinga 18 ára og eldri sem eru með litlar þjónustufarir og á næstu tíu árum er áætlað að 63 einstaklingar bætist við, samtals 96 einstaklingar. Talsverðar líkur eru á að einhver hluti þessa hóps muni á næstu tíu árum óska eftir félagslegu húsnæði, félagslegri heimaþjónustu og muni hafa þörf fyrir ráðgjöf.

Næsta tafla gefur yfirlit yfir hvernig hópurinn skiptist:

Búsetuþjónusta við fatlað fólk (heimaþjón. B, þjónustukjarnar og sambýli)

Einstaklingar 18 ára og eldri	Langtímaáætlun 2013 - 2023				
	Lýsing á þjónustu	Lýsing á húsnæði	Fjöldi árið 2013	Fjöldi sem bætist við næstu 10 árin	Samtals fjöldi árið 2023
Miklar þjónustufarir	Sólarhringsþjónusta, fólk í flokki 8 til 17 skv. SIS mati	Sértækt húsnæði	20	21	41
Miðlungs þjónustufarir	Þjónusta meiri en 10 klst. á viku, eftirlit á nóttu, fólk í flokki 5 – 7 skv. SIS mati	Almennt húsn., félagslegt húsn.	13	2	15
Litlar þjónustufarir	Heimaþjónusta minni en 10 klst. á viku, fólk í flokki 4 og neðar, skv. SIS mati.	Almennt húsn. félagslegt húsn.	33	63	96

Í töflunum hér fyrir neðan er samanburður á tölum 2013 og 2023 og hlutfall af heildarfjölda, vegna fjölgunar stöðugilda í félagslegri heimaþjónustu, félagslegri liðveislu, sértækri búsetuþjónustu og vegna NPA samninga.

Lykiltölur	2013	Hlutfall af íbúafjölda	2023	Hlutfall af íbúafjölda
Fjöldi íbúa	17.966		19.230	
Fjöldi íbúa með heimaþjónustu	813	4,5%	924	4,8%
Fjöldi íbúa eldri en 80 ára	718	4,0%	841	4,4%
Fjöldi íbúa eldri en 80 ára með heimaþjónustu	393	2,2%	457	2,4%
Fjöldi einstaklinga með heimsendan mat	136	0,8%	159	0,8%
Fjöldi með félagslega liðveislu	128	0,7%	165	0,9%
Fjöldi í sértækri búsetuþjónustu, heimaþjónusta B, áfangaheimili, þjónustukjarnar og sambýli	88	0,5%	127	0,66%
Börn í búsetuþjónustu	1	0,0%	2	0,0%
Fjöldi í skammtí mavistun	21	0,1%	21	0,1%
Fjöldi í dagþjónustu aldraðra	52	0,3%	60	0,3%
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfara	151	0,8%	170	0,9%
Fjöldi með heilsueflandi heimsóknir	571	3,2%	955	5,0%
Fjöldi með NPA samning	6	0,0%	12	0,1%
Aðrar lykiltölur	Fjöldi stöðug	Hlutfall	Fjöldi stöðug	
Starfsfólk	183	100%	247	100%
Háskólamenntað starfsfólk	44	24%	124	50%
Starfsm. sem hafa sótt námskeið um hugmyndafr.	44	24%	247	100%

6. Mannvirki og kostnaðarmat

Mannvirkjaáætlun búsetudeildar gerir annars vegar ráð fyrir að mæta þörf fyrir húsnæði vegna einstaklinga sem koma nýir í búsetuþjónustu og hins vegar breytingar á herbergjasambýlum til að mæta nýjum kröfum. Árið 2014 lýkur endurbyggingu skammtíma- og skólavistunar og er kostnaður vegna þeirra framkvæmdar færður inn í kostnaðarmatið.

Langtímaáætlun búsetudeildar

127	Einstaklingar samtals í þörf fyrir sérhæfða búsetu til ársins 2023	Kostnaður
-12	Áætlað að 12 sem eru í sérhæfðri búsetu látist á næstu 10 árum og þar með geti 12 einstaklingar fengið búsetu.	
115	Samtals í þörf fyrir sérhæfða búsetu	
-82	Pláss þar af 16 í herbergjasambýlum	
-6	Hafin er bygging á 6 íbúðum í Borgargili	220.000.000.-
-6	Sex einstaklingsíbúðir keyptar/byggðar, kr. 20 milljónir *6 íbúðir + starfsmannaaðstaða	160.000.000.-
-6	Sex sérhæfðar einstaklingsíbúðir og starfsmannaaðstaða	220.000.000.-
15	Einstaklingar sem áætlað er að þurfi leiguíbúðir	
16	Einstaklingar búa á herbergjasambýlum á vegum Akureyrarbæjar árið 2013	Kostnaður þús. kr.
-5	Jörvabyggð, herbergjasambýli sem þarf að selja og bjóða íbúum búsetu í íbúðum, kaup	120.000.-
-6	Snægil - breyta í litlar,, stúdíó" íbúðir - lagnir fyrir hendi	15.000.-
-5	Hafnarstræti 16, stækka og breyta í 6 íbúðir	130.000.-
	Samtals:	265.000.-

Áætluð mannvirkjaþörf búsetudeildar												
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals 2013-2023
Fjöldi leiguíbúða	1	2	1	1	2	1	2	1	2	1	1	15
Kostnaður þús. kr.	18.000	36.000	18.000	18.000	36.000	18.000	36.000	18.000	36.000	18.000	18.000	270.000
								Kostnaður félagslegt húsnæði				270.000
Fjöldi sérhæfðra leiguíbúða			Borgarg. sex sérhæfð íbúðir og sameigl. rými		Sex einstak- lings íbúðir og starfsm. aðstaða			Nýbygg. sex sérhæfð. íbúðir og sameiginl. rými				18
Kostnaður þús. kr.			220.000		160.000			220.000				600.000
Herbergjasambýli lögð af			Jörvabyggð seld og keyptar 5 íbúðir	Snægil - breytt í litlar stúdíó íbúðir		Hafnarstræti 16 stækkað og breytt í 6 íbúðir						
Kostnaður þús. kr.			120.000	15.000		130.000						265.000
Húsn. Skammtíma- og skólavistunar		210.000										210.000
								Kostnaður sérhæft húsnæði, þús. kr.				1.075.000

Í töflunum hér fyrir neðan er kostnaðarmat vegna fjölgunar stöðugilda í félagslegri heimaþjónustu, félagslegri liðveislu, sértækri búsetuþjónustu og vegna NPA samninga.

	Kostnaður og fjöldi á ári		Kostnaður og fjöldi á ári		Hækkun 2013 - 2023 kr.
NPA samningar	22.000.000		67.800.000		45.800.000
Félagsleg liðveisla	35.840.000		57.750.000		21.910.000
Stöðug. félagsl. heimaþjón.	48		72		
Félagsleg heimaþjónusta	262.800.000		394.200.000		131.400.000
Stöðugildi búsetuþjón.	111		149		
Búsetuþjónusta	745.920.000		1.001.280.000		255.360.000
					454.470.000

Fjölskyldudeild

1. Lagarammi

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu lög og reglugerðir sem setja ramma utanum verkefni fjölskyldudeildar ásamt þeim reglum sem Akureyrarbær hefur sett um einstaka verkþætti. Öll verkefni fjölskyldudeildar eru lögbundin.

Lög og reglugerðir

- ñ Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum
- ñ Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í sérstökum tilvikum við erlenda ríkisborgara, utan EES, sem ekki eiga lögheimili á Íslandi nr. 1185/2011

- ñ Barnaverndarlög
- ñ Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004
- ñ Reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga 652/2004
- ñ Reglugerð um fóstur nr. 804/2004
- ñ Reglugerð um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda skv. ákv. barnaverndarlaga nr. 366/2005
- ñ Lög um ættleiðingar nr. 130/1999
- ñ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992

- ñ Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007
- ñ Reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barn með áorðnum breytingum nr. 504/1977
- ñ Reglugerð um um breytingu á 504/1977 nr. 77/2005

- ñ Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum
- ñ Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011
- ñ Reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks nr. 973/2012
- ñ Reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks 172/2011
- ñ Reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012
- ñ Reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra nr. 155/1995
- ñ Reglugerð nr. 1205/2008 um breytingu á nr. 155/1995
- ñ Reglugerð nr. 550/1994 um styrki vegna námskostnaðar og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra
- ñ Reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra
- ñ Leiðbeinandi reglur um NPA (2012)
- ñ Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks
- ñ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 30. mars 2007

- ñ Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- ñ Lög um leikskóla nr. 90/2008
- ñ Reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010
- ñ Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010

Reglur og samþykktir Akureyrarbæjar

- ñ Reglur Félagsmálaráðs Akureyrar um fjárhagsaðstoð (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur barnaverndarnefndar Eyjafjarðar um greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eða skipunar talsmanns í barnaverndarmálum
- ñ Reglur barnaverndarnefndar Eyjafjarðar um könnun og meðferð mála sem undir hana heyra, umboð starfsmanna o. fl.
- ñ Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur Akureyrarkaupstaðar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Reglur um styrki til að breyta húsnæði vegna fötlunar barna. (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 2012-2014 (Heimasíða Ak. bæjar)
- ñ Skólastefna Akureyrarbæjar

2. Stefna málaflöksins

Fjölskyldudeild hefur ekki sett fram sjálfstæða stefnumótun en eftirfarandi áætlanir marka stefnuna fyrir starfsemi fjölskyldudeilda:

- Framkvæmdaáætlun fyrir barnaverndarnefnd Eyjafjarðar.
- Framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks.
- Starfsáætlun félagsmálaráðs.
- Skólastefnan

Í starfsáætlun félagsmálaráðs er gert ráð fyrir að sett verði í fyrsta sinn sérstök velferðarstefna þar sem mörkuð verður framtíðarsýn fyrir alla málaflokk félagsmálaráðs m.a. þá málaflokk sem heyra undir Fjölskyldudeild.

3. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Inngangur.

Félags og skólaþjónusta Akureyrarbæjar hefur á sér orð fyrir framsækni og skilvirkni. Markmiðið til næstu framtíðar hlýtur því að vera að viðhalda því orðsperi og að Akureyringum standi til boða félags- og skólaþjónusta í fremstu röð á landsvísi. Fjölskyldudeild leggur áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun, snemmtæka íhlutun og sveigjanleika í þágu notenda þjónustunnar.

• Skýr markmið og upplýsingagjöf.

Aukin krafa er um fagmennsku í vinnubrögðum þ.e. að notaðar séu viðurkenndar aðferðir við að veita þjónustu og aðstoða fólk í erfiðleikum. Mikilvægt er að starfsfólk fylgist með straumum og stefnum og því sem er að gerast í rannsóknum á viðkomandi sviði. Bæta þarf

opinberar upplýsingar um það hvernig þjónusta deildin veitir og á hverjum hún byggist þannig að aðgengilegt sé fyrir starfsfólk og aðra.

Mikilvægt er að kanna ánægju samstarfsaðila og skjólstæðinga með þá þjónustu sem er í boði. Ýmsar leiðir eru þar færar, s.s viðhorfsskannanir í ákveðnum hópum, rýnihópar og þátttaka í rannsóknum nema við Háskólann á Akureyri.

Unnið verði að því að búa til skriflegan ramma fyrir verkefni deildarinnar, þ.e. að tekin verði upp að nýju starfsáætlunargerð fyrir Fjölskyldudeild þar sem markmið og framtíðarsýn er gerð skýrari en nú er fyrir starfsfólki, bæjarstjórn og notendum þjónustunnar. Í samræmi við þetta verði upplýsingar á heimasíðu uppfærðar og betrubættar.

- **Ungt fólk í virkni.**

Margt bendir til að á næstu árum muni fjölga í hópi þess unga fólks sem er utan skóla eða án vinnu og félagslega óvirkt. Því má gera ráð fyrir aukinni þörf fyrir sérúrræði fyrir afmarkaða hópa.

Sett verði í gang þróunarverkefni sem beinist að ungu fólki allt frá unglingastigi grunnskóla og að 25 ára aldri. Í yngsta hópnum (13-16 ára) verði lögð áhersla á leitarstarf og forvarnir og hjá öðrum úrræði til að koma í veg fyrir brottfall úr framhaldsskóla og til starfsþjálfunar. Markmiðið er að stöðva fjölgun ungs fólks sem leitar eftir fjárhagsaðstoð (og situr þar gjarnan fast), nýta betur menntunartækifæri í grunn- og framhaldsskóla og rjúfa félagslegan arf og hjálparleysi.

Allir málaflokkar deildarinnar taki þátt í þessu verkefni. Samstarfsaðilar eru grunnskólar, skóladeild, Rósenborg o.fl. Verkefnið þarf að fela í sér forvarnir, sérstaklega fyrir yngsta hópinn og setja í forgang þann hóp ungmenna sem eru með slaka mætingu í skóla. Nálágast þarf viðfangsefnið út frá fjölskyldum í heild sinni. Nota má skimanir eins og Hug og heilsu til að nálágast þann hóp barna sem er í áhættu fyrir kvíða og þunglyndi.

- **Starfsmannamál.**

Fjölskyldudeild hafi á hverjum tíma á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Lögð verður áhersla á þjálfun nýrra starfsmanna og tækifæri til endurmenntunar sem nýtist í starfi á deildinni.

Miðað við óbreytt verkefni deildarinnar og þá hægu fjölgun íbúa sem gert er ráð fyrir má ætla að núverandi mönnun geti verið ásættanleg næstu 2 ð 3 ár. Hins vegar eru auknar formkröfur í vinnslu mála á deildinni og því hefur þörf fyrir stöðu lögfræðings verið að aukast. Einnig er æskilegt að auka fjölbreytni og sveigjanleika í þjónustunni. Í því sambandi má nefna þörf fyrir talmeinafræðing í sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og eflingu stuðningsúrræða inn á heimili. Einnig er eðlilegt að sú meðferð fyrir börn sem Akureyrabær býður upp á sé veitt á fjölskyldudeild þar sem önnur stoðþjónusta við barnafjölskyldur er veitt. Rétt er að endurskoða skipulag deildarinnar með tilliti til þess að ráðnir verði forstöðumenn yfir sérfræðiþjónustu skóla og félagsþjónustu.

- **Fræðsla og forvarnir – hópastarf.**

Lögð verður aukin áhersla á fræðslu og hópastarf. Efla þarf almenna fræðslu fyrir alla foreldra með það að markmiði að minnka þann hóp sem þarf sérhæfða fræðslu og úrræði. Verkefnið þarf að vinna með skóladeild, heilsugæslu og samfélags- og mannréttindadeild, mögulega í tengslum við forvarnaráætlun. Áfram þarf þó að gera ráð fyrir sérhæfðri fræðslu fyrir ákveðna hópa. Einnig þarf að gera áætlun um starfsmannafræðslu út frá því sem er brýnast hverju sinni s.s. fyrir fólk sem sinnir stuðningi við börn og barnafjölskyldur.

- **Samþætting á milli teyma og samvinna á milli kerfa.**

Vinna þarf frekar að bættri samþættingu milli málaflókka deildarinnar til að einfalda aðgengi að þjónustunni fyrir þær fjölskyldur sem hennar njóta. Yfirfara þarf verkferla og skerpa á hlutverki hvers málaflökks. Þau úrræði sem deildin öll hefur að bjóða verði í auknum mæli nýtt þvert á málaflökka.

Tryggja þarf markvissa samvinnu við aðra aðila svo úrræði nýtist sem best, s.s. þau úrræði sem eru í boði fyrir fólk á öllum aldri sem fótast ekki í námi eða vinnu.

- **Stuðningsúrræði við fjölskyldur inni á heimilum.**

Með aukinni áherslu á fjölskyldumiðaða þjónustu er mikilvægt að sameina og efla úrræði deildarinnar til ráðgjafar og stuðnings við fjölskyldur inni á heimilum þeirra. Um er að ræða tilsjón skv. barnaverndarlögum, stuðninginn heim og ADHD-ráðgjöfina. Áhersla verði á snemmtæka íhlutun sem hefur það markmið að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og getur því fyrirbyggt erfiðari vanda síðar.

- **Fjárhagsaðstoð.**

Það er ekkert sem bendir til annars en að hún muni aukast á næstu árum. Þá er horft til hlutfallslegra útgjalda stærri sveitarfélaga í landinu en útgjöld Akureyrarbæjar hafa ekki ennþá náð þeim. Einnig má vænta fjölgunar í hópi útlendinga sem hafa skertan eða engan rétt til almannatrygginga og eru háðir fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Ef tekst að virkja yngsta hópinn má búast við viðsnúningi á tímabilinu.

4. Staða málaflökksins

Undir fjölskyldudeild heyra þrír málaflókkar, undir félagsþjónustu heyrir bæði almenn félagsþjónusta og þjónusta í málaflökki fatlaðra. Eftirfarandi eru helstu mælikvarðar í hverjum þeirra.

Barnavernd:

Fjöldi tilkynninga

Fjöldi barna sem fá þjónustu

Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla:

Fjöldi mála

Fjöldi greininga ñ námslegar greiningar og sálfræðilegar greiningar.

Félagsþjónusta:

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar

Fjöldi þeirra sem fær fjárhagsaðstoð

Atvinnustaða þeirra sem fá fjárhagsaðstoð

Fjöldi í atvinnu og virkniúrræðum

5. Mannvirki

Ráðgjafarþjónusta fjölskyldudeildar er til húsa í Glerárgötu 26 á þriðju og fjórðu hæð. Húsnæðið er á tveimur hæðum sem að vissu leyti klýfur starfsmannahópinn í tvennt en er að öðru leyti fullnægjandi með núverandi starfsmannafjölda. Ef ekki verður breyting á verkefnum deildarinnar og áætlun um fjölgun starfsmanna gengur eftir, sbr. 6. kafla, mun líklega þurfa viðbótarhúsnæði. Breytingar á móttöku sem voru gerðar á þessu ári eru til mikilla bóta varðandi öryggi starfsfólks.

Í framkvæmdaáætlun fyrir málaflökk fatlaðra er gert ráð fyrir því að atvinnumál fatlaðra færist til Vinnumálastofnunar. Ef ekkert verður úr því og atvinnumál fatlaðra verða verkefni sveitarfélaga til lengri tíma þarf að gera ráð fyrir því að húsnæðið að Skógarlundi 1 verði keypt af ríkinu.

6. Þróun helstu magntalna

Þessi spá er gerð með hliðsjón af þróun síðustu ára, gert er ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir þjónustu allra málaflökka og að það takist að koma fleirum í atvinnu eða virkniúrræði.

Magnstærðir	Áætlun					
	2012	2014	2015	2016	2017	2018
Barnavernd - heildarfjöldi mála	358	376	380	383	387	390
Barnavernd - fjöldi tilkynninga	345	383	391	389	407	420
Skólaþj - heildarfjöldi mála	708	740	750	760	770	780
Skólaþj - greiningar námslegar/sálfræðilegar	357 ¹	385	405	425	447	468
Félagsþj - útgjöld í fjárhagsaðstoð í millj.	127.471	156.000	180.000	189.000	198.000	188.000
Félagsþj - fjöldi skjólst í fjárhagsaðst	394	415	430	437	445	440
Félagsþj - fjöldi í atvinnu- og virkniúrræðum	75	91	103	114	125	132

¹ Tölur fyrir skólaárið 2012-2013

7. Kostnaðarmat

Í eftirfarandi töflu sést áætluð viðbót í starfsmannahaldi næstu fimm ár út frá spá í kafla 6 um aukið umfang. Auk þess er gert ráð fyrir vaxandi útgjöldum til fjárhagsaðstoðar næstu fjögur ár (2014 ñ 2017) eða samtals um 42 m. kr.

Stöður viðbót - miðað við launatöflu BHM í okt 2013 og verðlag sama tíma					
Stöður	2014	2015	2016	2017	2018
Forstöðumaður - sálfræðingur	3.214.000				
Forstöðumaður - félagsþjónusta		3.192.000			
Sálfræðingur 50%			2.897.000		
Lögfræðingur 50%			2.741.000		
Talmeinafræðingur 50%				2.977.000	
Félagsráðgjafi 50%				2.977.000	
Stuðningurinn á heimili og 4% hækkun á ári	3.658.000	3.804.000	3.956.000	4.115.000	4.279.000
Samtals	6.872.000	6.996.000	9.594.000	10.069.000	4.279.000

Heilsugæslustöðin á Akureyri

1. Lagarammi.

Starfsemi Heilsugæslustöðvarinnar mótast af eftirfarandi lögum og reglugerðum:

- a) Lög um heilbrigðisþjónustu [nr. 40/2007](#)
- b) Reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna [nr. 1101/2012](#) (öðlast gildi 1. janúar 2013)
- c) Reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu [nr. 1100/2012](#) (öðlast gildi 1. janúar 2013)
- d) Reglugerð um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma [nr. 466/2012](#)
- e) Reglugerð um heilsugæslustöðvar [nr. 787/2007](#)
- f) Reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur [nr. 786/2007](#)
- g) Reglugerð um heilbrigðisumdæmi [nr. 785/2007](#)
sbr. breytingar (1.) [nr. 765/2008](#), (2.) [nr. 1084/2008](#) og (3.) [nr. 447/2009](#)
- h) Reglur um störf stöðunefndar sem fjallar um faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur [nr. 574/2013](#)
- i) Auglýsing um staðfestingu starfsreglna nefndar sem starfar samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu [nr. 295/2009](#)
- j) Starfsreglur samráðsnefnda heilbrigðisumdæma [nr. 1267/2007](#)
- k) Lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000
- l) Reglugerð [nr. 763/2000](#) um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 40/2001
- m) Lög um réttindi sjúklinga [nr. 74/1997](#)
- n) Læknalög [nr. 53/1988](#)
- o) Reglugerð [nr. 227/1991](#) um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál með áorðnum breytingum skv. reglugerð [nr. 545/1995](#)
- p) Lög um sjúkraskrár nr. 55/2009

Fleiri lög og reglugerðir tengjast þessum málaflokki en þetta er þau atriði sem næst eru starfseminni á Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

2. Stefna Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

Heilsugæslustöðin hefur ekki gert sjálfstætt stefnumótunarplagg en á heimasíðu HAK stendur m.a. eftirfarandi:

- Markmið Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri er að stuðla með öllum tiltækum ráðum að því að efla, bæta og viðhalda heilbrigði sem eykur vellíðan og velferð íbúanna á þjónustusvæði stöðvarinnar.

Stefnumótun Akureyrarbæjar í ýmsum málum gildir að sjálfsögðu fyrir Heilsugæslustöðina eftir því sem við á hverju sinni. Þar má t.d. nefna: Mannauðsstefnu, Fjölskyldustefnu, Fjölmenningsstefnu, Forvarnarstefnu, Jafnréttisstefnu, Stefnumótun í þjónustu við aldraða og þjónustustefnu Akureyrarbæjar. Eflaust eiga fleiri stefnumarkandi atriði bæjarins oft líka við heilsugæsluna svo sem í kjaramálum o.fl.

3. Framtíðarsýn fyrir málaflökkinn.

Fyrirsjáanleg eru vandræði með mönnun í stöður heilsugæslulækna ef ekki verða gerðar róttækar breytingar á kjörum heilsugæslulækna. Þróunin hér á landi er sú sama og á Norðurlöndunum, þ.e. alltaf verður erfiðara að fá lækna til starfa á landsbyggðinni og er Akureyri þar ekki að verða nein undantekning. Í augnablikinu virðist ekki vera vandamál að fá aðrar stéttir til starfa en slíkt getur breyst ef ekki verður efnahagslegur bati í þjóðfélaginu.

Ekki er sjáanlegt að sveitarfélögin taki að sér rekstur heilsugæslustöðva almennt á næstunni og í raun er mjög tvíbent að Akureyrarbær eigi að reka stöðina áfram. Til að einfalda málið er samt gert ráð fyrir óbreyttu ástandi næstu 10 árin.

Halda þarf áfram með þverfaglegt skipulag, sameiginlega vinnu og aðgerðir í þágu allra sem á þurfa að halda hverju sinni. Leita þarf sameiginlegra lausna þegar þess er þörf. Þar að auki:

- a) Allir íbúar svæðisins fái heimilislækni og fjöldi heimilislækna verði í samræmi við fjölda íbúa (1 læknir fyrir 1500 einstaklinga). Jafnframt verði gert ráð fyrir að hægt sé að þjónusta fjölda ferðmanna og fjölda nemenda í framhaldsskólum á svæðinu.
- b) Á HAK verði miðstöð lækna í sérfræðinámi í heilsugæslu á landsbyggðinni og góð samvinna heilbrigðisstofnana á öllu Norður- og Austurlandi.
- c) Teymisvinna fagstétta verði augin eins og kostur er skjólstæðingum til hagsbóta t.d. með sjúkdóma- og lífstílmóttökum auk næringarráðgjafar, heilsunámskeiða o.fl. Áfram verði unnið markvisst með hreyfiseðla.
- d) Heilsuverndin verði áfram samhæfð nærþjónustu á heilsugæslusvæðinu þ.e. mæðraverndin, ungbarnaverndin, heilsuvernd skólabarna og fjölskylduráðgjöfin.
- e) Fleiri íbúar munu þurfa þjónustu heim og við því verður að bregðast. Heimahjúkrun verði áfram samhæfð heimaþjónustu sveitarfélaganna á heilsugæslusvæðinu og sólarhringsþjónusta augin eftir fremsta megni.
- f) Fræðsla til almennings er of lítil og þarf að auka verulega í samvinnu við fjölmiðla á svæðinu.

Það þarf að vinna að ofangreindum breytingum o.fl. á næstu 10 árum ef HAK á ekki að staðna í núverandi mynd. Til þess að þessar breytingar geti gengið almennilega eftir þarf að fá nýtt húsnæði sem væri sérhannað fyrir þessa starfsemi. Einnig þarf meira fjármagn frá ríki.

4. Staða málaflöksins.

Fyrirsjáanleg eru vandræði með mönnun í stöður heilsugæslulækna ef ekki verða gerðar róttækar breytingar á kjörum þeirra. Þróunin hér á landi er sú sama og á Norðurlöndunum, þ.e. alltaf verður erfiðara að fá lækna til starfa á landsbyggðinni og er Akureyri þar ekki að verða nein undantekning. Í augnablikinu virðist ekki vera vandamál að fá aðrar stéttir til starfa en slíkt getur breyst ef ekki verður efnahagslegur bati í þjóðfélaginu.

Á haustdögum 2013 kom bréf frá heilbrigðisráðherra þar sem boðuð var sameining allra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi utan Sjúkrahússins á Akureyri. Stefnt er að því að sameiningin eigi sér stað 1. september 2014. Félagsmálaráð og bæjarráð samþykktu á vordögum 2014 að óska eftir áframhaldandi samningi um rekstur HAK en engin svör hafa borist við þeirri beiðni. Því er ekki vitað hvort eða hvenær samið verður um áframhaldandi rekstur Akureyrarbæjar á HAK.

Til að einfalda málin er hér á eftir er gert ráð fyrir að reksturinn verði áfram í höndum Akureyrarbæjar.

5. Mannvirki og búnaður

Húsnæðið er í 85% eigu ríkisins og 15% í eigu Akureyrarbæjar. Húsnæðið var endurnýjað á árunum kringum 2000 en er farið að láta á sjá ñ húsið/gluggar leka í miklum rigningum, stólar eru orðnir gamlir, illa farnir og ljótir margir hverjir og m.fl. Tölvur eru margar komnar til ára sinna og því oft hægar og því hefur þurft að skipta um nokkrar á þessu ári. Aðgengi að Heilsugæslustöðinni mætti gjarnan vera betra og ýmislegt óhagræði er af því að hafa stöðina á 4 hæðum.

Ljóst er að byggja þarf nýtt húsnæði fyrir HAK til að taka í notkun fljótt eftir 2020 en þangað til þraukum við í núverandi húsnæði ef ekki verða gerðar miklar skipulagsbreytingar á starfsemi af hálfu ríkisins. Meta þarf hvort ástæða sé til að skipta starfsemi HAK upp í 2 ñ 3 einingar í bænum en faglegt mat á þeirri hugmynd þarf að fara fram áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um nýbyggingar. HAK vill varpa fram þeirri hugmynd að byggðar verði 2 nýjar heilsugæslustöðvar og að önnur verði sunnan Glerár en hin norðan árinna. Nauðsynlegt er að fara í skipulagsvinnu og taka frá lóðir vegna þessara bygginga.

6. Þróun helstu magntalna

Ýmsar upplýsingar eru til um starfsemi stöðvarinnar frá fyrri árum. Þar má t.d. nefna íbúafjöldaþróun frá árinu 2000. Hér fyrir neðan eru nokkrar magntölur frá fyrri árum og spá um þróunina til 2022.

Umdæmi og íbúafjöldi:

	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2017</u>	<u>2022</u>	Br. frá 2007
<u>Íbúafjöldi umdæmisins</u>	19.644	19.928	19.892	20.034	20.185	20.267	21.000	22.000	12%

Búast má við því að íbúafjöldi umdæmisins árið 2022 verði um 22.000 manns. Það kallar á a.m.k. 2-3 viðbótarstöður lækna miðað við núverandi heimildir (12).

Fjöldi setinna stöðugilda eftir starfsstéttum

<u>Stöðugildi:</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2017</u>	<u>2022</u>	Br. frá 2007
Læknar	10,8	10,5	11,5	11,3	11,8	10,0	14,0	15,0	30%
Hjúkrunarfr. og ljósmæður	16,9	17,2	15,5	15,8	15,7	17,5	19,0	20,0	24%
Sjúkraliðar	10,5	12,1	12,7	11,9	12,4	11,4	12,0	12,5	19%
Fjölskylduráðgjafar	1,6	1,6	1,0	1,8	1,8	1,5	3,0	3,0	88%
Lækna- og móttökuritarar	11,0	10,2	8,7	8,9	8,9	8,0	8,0	7,0	-36%
Aðrar stöður	2,8	2,2	2,7	2,8	2,7	2,7	4,0	4,0	43%
Smtals Stöðugildi 31.12	53,6	53,8	52,1	52,5	53,3	51,1	60,0	61,5	15%

Búast má við að starfsfólki fjölgi í rúmlega 60 stöðugildi þegar líður að lokum tímabilsins. Fjölga þarf læknum, sjúkraliðum, hjúkrunarfræðingum o.fl. stéttum. Fjölgun íbúa og meira framboð á þjónustu kallar m.a. á þessa fjölgun. Búast má við að þessi fjölgun starfa kosti um 70-80 m.kr. á ársgrunni. Annar kostnaðarauki ætti að vera lítill enda launin langstærsti kostnaður í rekstrinum.

Fjöldi stöðugilda eftir starfsemi

<u>Fjöldi stöðug. eftir starfsemi</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2017</u>	<u>2022</u>	Br. frá 2007
Heimilislækningar	10,8	10,5	11,5	11,3	11,8	10,0	13,5	15,0	30%
Móttaka hjúkrunar	2,2	2,1	1,3	1,1	1,1	1,3	3,0	3,0	36%
Mæðravernd	1,3	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	8%
Ungbarnavernd	2,9	2,9	2,9	2,9	2,9	2,9	3,0	3,0	3%
Skólahjúkrun	4,8	4,8	4,2	4,7	4,8	4,8	5,5	5,5	15%
Heimahjúkrun	15,3	16,9	16,9	16,6	17,3	17,8	19,3	20,0	31%
Fjölskylduráðgjöf	1,6	1,6	1,6	1,8	1,6	1,5	2,5	3,0	88%
Krabbameinsleit	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,2	0,2	0,0	-100%
Hjúkrun Grenivík	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0%
Ritarar / móttaka	11,0	10,2	8,7	8,9	8,7	8,0	8,0	7,0	-36%
Lífstílmóttaka og fl.							1,5	2,0	
Skrifstofa	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	0%
Samtals	52,9	53,4	51,5	51,7	52,6	50,5	60,0	61,5	16%

Þessi hlutföll munu eitthvað breytast með tímanum. Læknum mun fjölga og svo hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum í heimahjúkrun. Sama gildir um fjölskylduráðgjöfina og ný starfsemi verður tekin upp.

Meðaltals biðtími eftir tíma hjá heimilislæknum, dagafjöldi

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2008

Meðalt. biðtími eftir viðtali		3,1	1,5	3,5	3,4	5,2		2,0	1,5	-52%
--------------------------------------	--	-----	-----	-----	-----	-----	--	-----	-----	------

Biðtími hefur greinilega lengst verulega og það er vont fyrir þjónustuna. Með fjölgun lækna og hjúkrunarfræðinga ætti hann að geta styst verulega aftur.

Fjöldi samskipta við heimilislækna 2008-2012

Samskipti við lækni: 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Símtöl	28.618	28.790	29.800	31.755	47.911	49.053	45.000	46.000	61%
Viðtöl í dagvinnu	35.387	35.766	36.801	35.174	36.470	34.713	40.000	42.000	19%
Viðtöl á bráðadagvakt	3.491	3.280	3.084	3.295	3.042	3.771	2.000	1.800	-48%
Viðtöl á kvöldvakt	6.034	7.129	6.671	6.206	6.404	7.095	5.000	4.500	-25%
Vitjanir	739	721	698	479	460	450	500	500	-32%
Samtals samskipti	74.269	75.686	77.054	76.909	94.287	95.082	92.500	94.800	28%

Viðtölum í dagvinnu hefur fækkað en aukist mikið í símatímum. Breytingar á talningu þeirra skipta hér líka máli. Viðtöl á vaktinni eru svipuð eða heldur fleiri en sl. ár. Læknaskortur hefur hér greinilega haft áhrif. Stefnt er að meiri dagþjónustu og fækkun viðtala utan þess tíma.

Komur á HAK

Komur á HAK 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2008

Konur		10.651	10.943	10.744	10.390	10.403	11.500	12.500	17%
Karlar		9.548	9.855	9.588	9.156	8.975	10.500	11.000	15%
Samtals	0	20.199	20.798	20.332	19.546	19.378	22.000	23.500	16%

Hæg fjölgun þrátt fyrir fækkun viðtala utan dagvinnutíma.

Fjöldi viðtala í fangelsi

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2008

Viðtöl í fangelsi		63	95	77	92	117	125	130	106%
--------------------------	--	----	----	----	----	-----	-----	-----	------

Nokkur aukning er á þjónustu við fanga eftir að aðbúnaði þeirra var breytt. Búast má við því áfram.

Fjöldi mæðra, heildarfjöldi viðtala við ljósmæður

Mæðravernd 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Fjöldi mæðra	464	475	481	503	446	479	480	500	8%
Fjöldi viðtala	2.773	2.717	2.051	2.407	2.075	2.187	2.200	2.300	-17%

Ekki eru miklar breytingar á þessari þjónustu. Ekki er búist við fjölgun barna að ráði þrátt fyrir fjölgun íbúa.

Fjöldi barna fæddra á upptökusvæði HAK

Fæðingar á upptökusvæði HAK

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Fjöldi barna	296	281	289	333	256	303	290	295	0%
--------------	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	----

Toppur var í fæðingum 2010 en þeim fer aftur fækkandi. Ekki er búist við fjölgun barna þrátt fyrir fjölgun íbúa.

Komur og vitjanir í ungbarnavernd

Ungbarnavernd

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Vitjanir	1.002	909	836	767	619	737	700	700	-30%
Skoðanir hjúkrunarfræðinga	3.449	2.328	1.538	2.849	2.724	2.778	2.700	2.800	-19%
Skoðanir hjúkr.fr. og lækna	1.226	1.186	1.273	1.256	1.638	1.604	1.500	1.500	22%
Samtals	5.677	4.423	3.647	4.872	4.981	5.119	4.900	5.000	-12%

Skýring á færri komum 2009 eru vandfundnar. Ekki er búist við fjölgun barna þrátt fyrir fjölgun íbúa.

Fjöldi nemenda í grunnskólum á svæði HAK

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Fj. nem. á uppt.svæði HAK	3.009	2.994	2.960	2.965	2.949	3.006	3.000	3.000	0%
----------------------------------	--------------	--------------	--------------	--------------	--------------	--------------	--------------	--------------	-----------

Litlar breytingar eru á fjölda grunnskólabarna. Ekki er búist við fjölgun barna þrátt fyrir fjölgun íbúa.

Viðtöl í fjölskylduráðgjöf

Viðtöl í fjölskylduráðgjöf

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Einstaklingsviðtöl	463	404	333	682	604	639	700	750	62%
Hjóna- og fjölskylduráðgjöf	345	527	445	358	503	486	450	450	30%
Samtals	808	931	778	1.040	1.107	1.125	1.150	1.200	49%

Viðtölum í hjóna- og fjölskylduráðgjöf hefur fjölgað allnokkuð. Stefnt er að eflingu á þeirri þjónustu.

Fjöldi samskipta og skjólstæðinga í heimahjúkrun

Heimahjúkrun

2007 2008 2009 2010 2011 2012 2017 2022 Br. frá 2007

Fjöldi samskipta	25.265	29.517	33.909	34.902	35.371	31.185	32.000	33.000	31%
Fjöldi skjólstæðinga	398	447	441	390	363	339	350	380	-5%

Fjöldi samskipta hefur aukist frá 2007 en fjöldi skjólstæðinga minnkað allnokkuð. Hver og einn virðist vera þyngri.

Fjöldi koma á rannsóknastofu HAK

<u>Rannsóknarstofa</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2017</u>	<u>2022</u>	<u>Br. frá 2007</u>
Komur	4.385	4.211	3.961	3.764	3.776	4.111	4.300	4.400	0%

Hér hefur rannsóknnum fækkað allnokkuð frá fyrri árum. Búast má við smá aukningu aftur með fjölgun íbúa.

Fjöldi boða, heimsóknna og afþakkaðna í heilsueflandi heimsóknum

<u>Heilsueflandi heimsóknir</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2017</u>	<u>2022</u>	<u>Br. frá 2007</u>
Fengu boð um heimsókn	769	813	724	577	760	767	800	850	11%
Afþökkuðu	261	251	230	263	323	353	300	300	15%
Heimsóttir	419	528	284	382	526	542	450	450	7%
Ekki náðist að heimsækja	89	157	234	240	159	83	50	50	-44%

Breytingar eru á milli ára sem stafa aðallega af breytingum í mannafla við að sinna þessum heimsóknum frekar en af viðbrögðum eldri borgara. Eldri borgurum fjölga ekki að ráði fyrir en eftir 2020.


Almennt séð:

Erfitt er að sjá fyrir þróunina til ársins 2022/2023 í ofangreindum þáttum þar sem lög og reglugerðir fyrir starfsemi eru settar af ríkinu á hverjum tíma og það yfirleitt án aðkomu sveitarfélagsins. Jafnframt er reksturinn mjög háður fjárveitingum frá ríkinu sem ræður svo langmestu um þróunina.

Miðað við þróun íbúafjölda til 2023 (fjölgun um 1.500-1.600 manns) má búast við að starfsemin aukist í samræmi við þá þróun og að bætt verði í ýmsa starfsemi svo sem heimahjúkrun, fjölda lækna, skólahjúkrun, fjölskylduráðgjöf o.fl. þætti. Erfitt er að spá fyrir um magntölur 2022 í þessu skyni en það er samt reynt.

Kostnaðarmat

Heildarkostnaður heilsugæslunnar á verðlagi ársins 2012 (vísitala neysluverðs) og kostnaður pr. íbúa á verðlagi 2012



Hér sést reksturinn á föstu verðlagi. Þar kemur greinilega fram að frá 2007 hefur reksturinn dregist saman um 17% sem er mjög mikið. Samandregið frá 1997 þegar Ak.bær tók reksturinn yfir þá hefur hann greitt 139,2 m.kr. með honum. Eru það aðallega síðustu 5 árin sem mynda þennan halla.

2008	2009	2010	2011	2012	Samtals
15.340	15.062	32.264	44.712	28.047	135.425

Það er ljóst að þessi rekstur gengur ekki fyrir bæjarfélagið og því verður að fá meiri fjárveitingar eða skila verkefninu til Ríkisins. Í dag vantar a.m.k. 80-96 m.kr. á ári til að fjárveitingar til HAK pr. íbúa séu sambærilegar við fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi er rekstraryfirlit sl. 3 ár og gróf áætlun næstu 10 ár.

Lyklar	Raun 2010	Raun 2011	Raun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2017	Áætlun 2022
* Tekjur	-533.772.775	-566.572.504	-598.533.812	-640.695.000	-725.000.000	-730.000.000
* Laun og launatengd gjöld	435.151.460	475.541.929	485.107.848	497.978.000	570.000.000	580.000.000
* Vörukaup	18.779.366	18.376.121	21.576.202	21.261.000	23.000.000	24.000.000
* Þjónustukaup	114.072.758	115.863.013	115.819.049	119.876.000	125.000.000	125.000.000
* Skattar og opinber gjöld	134.550					
* Styrkir og framlög	630.000	450.000	545.000	500.000	500.000	500.000
* Fjármunat. og fjármagnsgj.	-2.690.644	54.060	2.414.565	826.000		-200.000
* Afskriftir	-40.350	999.097	1.117.952	1.116.000	1.000.000	500.000
** Samtals	32.264.365	44.711.716	28.046.805	862.000	-5.500.000	-200.000

Áætlun 2017 og 2022 er byggð á grófri kostnaðaráætlun þau árin en tekið hefur verið tillit til æskilegrar fjölgunar starfsfólks og tekna samsvarandi. Miðað er við verðlag 2013 fyrir áætlun næstu 10 ára. Ljóst er að aukning tekna mun stýra allri fjölgun starfsmanna og innleiðingu nýrra starfssemisþátta.

Önnur gögn

Visað er til mjög góðrar ársskýrslu HAK fyrir 2012 þar sem er mikið af upplýsingum, töflum og enn meiri myndrænni framsetningu þeirra.

Öldrunarheimili Akureyrar

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) eru hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða og aðra þá einstaklinga sem hafa viðurkennt mat Færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrýmum sbr. reglugerð nr.1000/2008.

ÖA eru rekin af Akureyrarbæ samkvæmt sérstökum samningi við heilbrigðis- og velferðarráðuneyti og starfa á grundvelli laga, reglugerða og kröfulýsinga um öldrunarþjónustu.

Hlutverk Öldrunarheimila Akureyrar er að veita heildstæða þjónustu allt frá félagsstarfi, dagþjónustu og almennt umönnun til sérhæfðrar hjúkrunar- og lækniþjónustu. Stuðningur og samstarf við íbúa og fjölskyldur þeirra er órjúfanlegur þáttur þjónustunnar. Á ÖA er einnig boðið upp á hvíldarinnlagnir, endurhæfingu og ýmsa aðra stoðþjónustu.

Ástæða er til að taka fram að markhópur ÖA eru ekki einungis aldraðir (67 ára +) heldur er þjónustan ætluð öllum sem uppfylla skilyrði um færni og heilsumat óháð aldri.

1. Lagarammi

Meðal tilvísaðra laga skal helst tilgreina:

- lög um málefni aldraðra nr. 125/99
- lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008
- lög um sjúkraskrár nr. 55/2009
- lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Þjónusta og úrræði fyrir eldra fólk er lögbundið verkefni sveitarfélaga, sbr. lög um málefni aldraðra, félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir atvikum heilbrigðisþjónustu.

Akureyrarbær hefur síðan 1996 lagt metnað í að samhæfa velferðarþjónustu við íbúa sína með samningum um rekstur einstakra þjónustubátta, t.d. með reynslusveitarfélagaverkefni. Þessi áhersla hefur birtst í öldrunarmálum með samþættingu og samstarfi heilsugæslu, félagsþjónustu og öldrunarheimilanna og einnig verið grundvallað á samningum um að Akureyrarbær taki að sér rekstur og umsjón þjónustu skv. þjónustusamningum.

Yfirstandandi er umræða um samþætta lagaumgjörð öldrunarþjónustu (lög um málefni aldraðra) við almenn lög s.s. lög um félagsþjónustu. Umræðan um sérlög hefur staðið lengi og sýnist sitt hverjum.

Eins er með umræðu og aðkomu verkefnahóps sem vinnur að yfirfærslu málefna aldraðra til sveitarfélaga. Þar eru ýmsar fyrirstöður s.s. lífeyrisskuldbindingar og kostnaðargreining. Almenn má segja að hið svokallaða Akureyrarmódeló sem byggir á samvinnu og samþættingu í heildræna þjónustu, hafi sýnt sig skila árangri og sé til eftirbreytni þar sem það hefur skilað þjónustustigi og útgjöldum sem virðast sambærileg eða jafnvel hagstæðari en þar sem minni samþætting er.

Yfirfærsla eða breyting á lagaumgjörð ætti því ekki að raska rekstri málaflokksins hjá Akureyrarbæ heldur hitt, kalla eftir aukinni miðlun upplýsinga um þjónustuna og skipan mála.

Ítarlegri umfjöllun um einstaka þætti, reglur og verkefni er að finna á eftirfarandi stöðum:

Ársskýrsla ÖA 2012 (hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar).

- <http://www.akureyri.is/is/moya/page/arsskyrslur>

Stefna og skorkort ÖA sjá

- <http://www.akureyri.is/static/files/Hlid/pdf/stefnumotun-0a-sept-2013.pdf>
- <http://www.akureyri.is/static/files/Hlid/pdf/skorkort-0a-endanlegt-sept-2013.pdf>

Velferðarráðuneytið – vefur um málefni aldraðra.

- Hér eru upplýsingar um almannatryggingar, daggjöld hjúkrunarheimila, færni og heilsumat, stefnu til næstu ára, listi yfir öldruanrstofnanir og ýmsar aðrar upplýsingar um öldrunarmál. <http://www.velferðarraduneyti.is/borgarar/aldradir/>
- Einnig eru kröfúlýsing, lög og reglur, rit og skýrslur aðgengilegar hér. http://www.velferðarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/
- Kröfúlýsing fyrir öldrunarþjónustu: http://www.velferðarraduneyti.is/media/Rit_2013/240113_Krofulysing_fyrir_oldrunarthjonustu_v2.pdf
- Ábending frá Ríkisendurskoðun vegna þjónustusamninga. Fjallað um samspil samninga og kröfúlýsingar. http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Thjonustusamningar_vid_oldrunarheimili.pdf

Landlæknir – heimasíða.

- Gæðaviðmið fyrir Rai gæðavísa. <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2882/4535.doc>
- Áherslur í heilbr.þjón. á hjúkrunarheimilum – skýrsla: <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2823/3622.pdf>
- Heilsuvelsja. Upplýsingavefur um nokkra efnisþætti öldrunarþjónustu, s.s. biðtíma, notkun, framboð þjónustu o.fl. <http://www.heilsuvelsja.is/>

2. Stefna málaflokksins

Í september 2013 afgreiddi félagsmálaráð stefnumótun ÖA og skorkort. Vísast til þeirra skjal sbr. fylgiskjal 1 og 2.

3. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Á landsvísu er almennt notast við sömu stefnumið og legið hafa fyrir í lögum um málefni aldraðra síðan 1982. Að aldraðir skuli búa heima eins lengi og kostur er, en eiga kost á stofnanarþjónustu þegar þess gerist þörf.

Þessi meginstefnumið hafa sveitarfélög útfært með ýmsum hætti eftir stærð þeirra, staðsetningu og getu. Má færa rök fyrir að helstu umfjöllunarefni um málefni aldraðra, sem ná t.d. athygli fjölmiðla, snúist iðulega um misræmi eða vöntun á þjónustu við einstaklinga og þá gjarnan út frá í hvaða sveitarfélagi þeir búa.

Fyrirsjáanlegar eru breytingar í málaflokkunum á næstu árum/áratug. Flutningur málafna aldraðra til sveitarfélaga er væntanlega stærsta einstaka breytingin á umgjörð. Hins vegar mun sú breyting að litlu leyti hafa áhrif á þjónustu Akureyrarbæjar eða ÖA þar sem málaflokkurinn hefur verið hér síðan 1996.

Aðrar breytingar varða frekar innihald og skipan þjónustu. Notendur munu í framtíðinni hafa aukið hlutverk og aðkomu, bæði í að forma þjónustu og að líkindum vegna breytinga sem muni verða á greiðsluþátttöku. Landsamband eldri borgara hefur ítrekað ályktað að allar greiðslur fyrir þjónustu eigi að fara í gegnum hinn aldraða sjálfan en ekki með millilendingum

hjá Sjúkratryggingum eða Tryggingastofnun þar sem slíkt sé úrelt og svipti eldra fólki fjárhagslegu sjálfræði.

Eftirlitshlutverk stjórnvalda, félagsmálaráðs, velferðarráðuneytis og Landlæknis auk Ríkisendurskoðunar mun væntanlega aukast og að líkindum færast í fastari skorður og þróast frekar. Þessu verkefni þarf ÖA að mæta með, að nokkru, nýjum vinnubrögðum, könnunum, rafrænni skráningu og betra aðgengi að upplýsingum almennt.

4. Staða málaflokksins

Vísað er til fylgiskjals 1 (glærur) og fylgiskjals 2 (stefnumið og skorkort ÖA).

5. Mannvirki

Eins og rakið er í fylgiskjali 1 hefur þróun síðustu ára verið endurbætur á núverandi húsnaði ÖA sem miðar að heimilislegra umhverfi á hverri einingu. Árið 2012 var svo tekið í notkun nýtt hjúkrunarheimili og Kjarnalundi og Bakkahlíð lokað.

Almennt má segja að húsnaðismál ÖA séu í góðu lagi. Hins vegar eru fyrirliggjandi verkefni og væntanleg verkefni sem kalla á frekari breytingar og uppbyggingu.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á undangengnum árum lagt fyrir fjárlaganefnd óskir um fjölgun endurhæfingarrýma og fjölgun dagvistunarrýma. Innan ÖA hefur um nokkurt skeið verið rætt um hvernig skipa eigi notkun á raðhúsum, þeim fáu dvalarrýmum sem enn eru í notkun á ýmsum stöðum/hjúkrunardeildum, hvernig nýta eigi svokallað karlaloft og hvenær megi vænta þess að mismunun íbúa ljúki sem felst í ólíku rými og ólíkum stærðum rýma eftir því hvar á heimilinum þeir búa.

Eins hefur verið velt upp hvort ætla megi að byggja þurfi nýtt 30-40 manna hjúkrunarheimili á næstu 10 árum og að þar og almennt í nýtingu rýma innan ÖA þurfi að huga sérstaklega að málefnum hjóna og sambúðarfólks hvort sem annað þeirra eða bæði hafi gilt færni- og heilsumat til búsetu á hjúkrunarheimili.

Á árinu 2014 er áformað að yfirstjórn dagþjónustu í Víðilundi, færist til ÖA. Áætlað er að það gerist haustið 2014 og verður þar með öll dagþjónusta undir einum hatti og ætti það að leiða til samþættingar og samlegðaráhrifa til bættrar nýtingar og þjónustu.

Á grundvelli þess eru settar fram tillögur um úrbætur á þessum atriðum og eftir atvikum vinnu við undirbúning þeirra.

6. Þróun helstu magntalna

Mannfjöldaspár gera ráð fyrir mestri fjölgun í yngri aldurshópi eldra fólks (undir 75 ára). Það gefur vísbendingu um að einstaklingum sem þurfa að flytja á hjúkrunarheimili, muni ekki fjölga sérstaklega á næstu árum. Eins ríkir óvissa um hvernig heilsufari, efnahag og félagslegri stöðu þessara einstaklinga verði háttað m.t.t. þarfa fyrir hjúkrunardvöl. Ýmis teikn benda til að þeim árgöngum, sem verða undir 75 ára aldri á næstu 10 árum, muni vegna betur en fyrri árgöngum vegna bættrar heilsu, úrræða heilbrigðisþjónustu almennt, betri fjárhags og nútíma tækni og hreyfanleika.

Á næstu 2 árum verði unnið að:

- Skipaður verði starfshópur sem hafi það verkefni að leggja mat á framtíðarnotkun einstakra eininga s.s.
 - raðhúsa ñ leiga, sala, notkun.

- karlalofts ñ nýting og þar með breyting á húsakynnum
- og breytingaþarfir Aðusturhlíðaró til að mæta þörfum fyrir stærri herbergi
- hvernig mæta eigi fjölgun dagvistunarrýma um 10
- Setja upp þráðlaust net á þau heimili sem eftir eru (Aspar-/Beyki-, Víði-/Furu-, Austurhlíð, Raðhúsin, Efri hæð/karlaloft).
- Uppfæra stýrikerfi og hugbúnaðarkerfi á tölvum starfsmanna.
- Fjárfesta í og innleiða rafræna sjúkraskrá (SAGA).
- Innleiða rafræna lyfjaskráningu fyrir lagerhald og ávísun.
- Endurbæta útgefið efni um ÖA, viðhalda heimasíðu og fésbókarsíðu (upplýsingamiðlun)
- Endurnýja þjónustubíl ÖA sem sérbúinn er fyrir akstur með hjólastóla
- Kaupa minni gerð bifreiðar sem aðgengileg er starfsfólki til að aðstoða og sinna þörfum/sérþörfum íbúa.
- Koma á reglulegu og samningbundnu samstarfi við háskóla um starfsnám, rannsóknir og fræðslu.
- Fá viðurkenningu á 7-10 endurhæfingarrýmum sem hluta af hvíldarinnlögum á ÖA.
- Lagfæra og fjölga bílastæðum við N-hluta Hlíðar

Á næstu 5-10 árum verði unnið að:

- Halda áfram uppbyggingu innra starfs, áherslum á hugmyndafræði Eden-stefnunnar um heimilislegt umhverfi og þátttöku íbúa og aðstandenda í lífi og starfi heimilisins.
- Vinna markvisst að þeim verkefnum sem tilgreind eru í stefnu ÖA og skorkorti á sviði þjónustu, mannauðs, reksturs og þróunar.
- Efla gæðastarf, rafræna skráningu og þróa velferðartækni við ummönun íbúa.
- Endurnýjaður verði tækjakostur (vélar, húsbúnaður og áhöld), sem frestað hefur verið á síðustu árum. Þessu verði mætt með árlegu framlagi til áhalda og búnaðar.
- Endurnýja árlega allt að 10 tölvur/skjái.
- Fá viðurkenningu á fjölgun dagvistarrýma um 10 á næstu 5 árum.
- Skipa starfshóp sem vinni að undirbúningi byggingar á nýju hjúkrunarheimili sem taki mið af Aðögmannshlíðar-módelinuó að viðbættu hvernig mæta megi þörfum hjóna/sambúðarfólks þar sem annað eða bæði þurfa að dvelja á hjúkrunarheimili.
- Viðhalda endur- og símenntunaráætlunum samhliða samstarfi um vettvangsnám grunnskóla og framhaldsskóla, starfsþjálfun heilbriðsstarfsfólks (hjúkrun, sjúkraliða, iðjuþjálfun, félagsráðgjafa, félagsliða)
- Koma á reglulegri sálfélagslegri þjónustu inn á ÖA fyrir íbúa og starfsmenn annað hvort með ráðningum eða samningum við verktaka eða samningum milli ÖA og fjölskyldudeildar um félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu.
- Vinna úttekt á stöðu og vinna grundvöll að umhverfisstefnu ÖA (um efni og vörunotkun, sóun o.fl.)
- Halda áfram og þróa frekar kynjasambættingu í þjónustu við íbúa og í starfshópum.
- Innleiða samræmt og rafrænt lyklakerfi á öllum heimilum (sama og í Lögmannshlíð), svo íbúar og aðstaendur hafi lykla að heimili sínu.

7. Önnur gögn

Ársskýrsla ÖA 2012 (hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar).

- <http://www.akureyri.is/is/moya/page/arsskyrslur>

Stefna og skorkort ÖA sjá

- <http://www.akureyri.is/static/files/Hlid/pdf/stefnumotun-0a-sept-2013.pdf>
- <http://www.akureyri.is/static/files/Hlid/pdf/skorkort-0a-endanlegt-sept-2013.pdf>

Nýlegar skýrslur og samantektir ÖA.

- Athugun á dagþjónustu ñ 2013 (sjá fylgiskjal 3)

- Kynjasambætting og staðalmyndi í félagsstarfi.
<http://www.akureyri.is/oldrunarheimili/frettir/kynjasamthaetting-og-stadalimyndir-i-felagsstarfi>

Velferðarráðuneytið – vefur um málefni aldraðra.

- Hér eru upplýsingar um almannatryggingar, daggjöld hjúkrunarheimila, færni og heilsumat, stefnu til næstu ára, listi yfir öldruanrstofnanir og ýmsar aðrar upplýsingar um öldrunarmál.
<http://www.velferdarraduneyti.is/borgarar/aldradir/>
- Einnig er kröfulýsing, lög og reglur, rit og skýrslur aðgengilegar hér.
http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/
- Kröfulýsing fyrir öldrunarþjónustu:
http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/240113_Krofulysing_fyrir_olrunarthjonustu_v2.pdf
- Ábending frá Ríkisendurskoðun vegna þjónustusamninga. Fjallað um samspil samninga og kröfulýsingar.
http://www.rikisend.is/fileadmin/media/skyrslur/Thjonustusamningar_vid_olrunarheimili.pdf

Landlæknir – heimasíða.

- Gæðaviðmið fyrir Rai gæðavísa.
<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2882/4535.doc>
- Áherslur í heilbr.þjón. á hjúkrunarheimilum ñ skýrsla:
<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2823/3622.pdf>
- Heilsuvefsjá. Upplýsingavefur um nokkra efnisþætti öldrunarþjónustu, s.s. biðtíma, notkun, framboð þjónustu o.fl. <http://www.heilsuvefsja.is/>

Samfélags- og mannréttindadeild

- tómstunda-, æskulýðs- og mannréttindamál

1. Almennar forsendur

Þjónusta sú sem veitt er á vegum samfélags- og mannréttindaráðs nær til allra aldurshópa. Mestur fjöldi viðskiptavina er þó á grunn- og framhaldsskólaaldri en það er sá hópur sem nýtur forvarnafræðslu og sækir starfsemi félagsmiðstöðva og Ungmenna-Húss. Flestir notendur handverksmiðstöðvarinnar Punktsins eru milli þrítugs og sjötugs.

Þar sem ekki er búist við að börnum á grunnskólaaldri fjölgi nema lítillega til ársins 2021 og nægt rými er til að taka við þeim í þeim grunnskólum sem nú eru starfræktir ættu félagsmiðstöðvar að geta tekið við þessum fjölda áfram en hugmyndir um aukið starf félagsmiðstöðva kalla þó á meira mannahald og aðgengi að húsnæði til þess að starfsemin nái tilgangi sínum (sjá kafla 3).

Sú mikla fjölgun sem spáð er hjá 60 ára og eldri snertir starfsemi Punktsins og ýtir undir það að félagsstarf sem Akureyrarbær býður upp á fyrir fullorðna verði skoðað í samhengi (sjá kafla 3).

Vettvangur stórs hluta af því starfi sem heyrir undir samfélags- og mannréttindaráð er frítími barna, unglinga og fullorðinna. Að auki heyra jafnréttismál, þjónusta við erlenda íbúa bæjarins og kvennasmiðja til málaflökkum ráðsins.

Handbók samfélags- og mannréttindadeildar

Æskulýðsmál

Þátttaka í góðu frístundastarfi hefur afar jákvæð áhrif á tilveru barna og segir mikið til um hvernig þeim farnast í lífinu. Efling félagsauðs í samfélögum leysir úr læðingi krafta sem styrkja gott mannlíf og lífsgæði. Þannig má segja að virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hafi jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Lykilhugtök í farsælu frítímastarfi eru fagmennska og fjölbreytileiki.

Handbók samfélags- og mannréttindadeildar

Félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára eru reknar á fjórum stöðum. Meginmarkmiðið með starfseminni er að sinna uppbyggilegum frístundum og forvörnum, auka þátttöku og virkja börn og unglinga í félagsstarfi. Megin áherslan er á aldurshópinn 14-16 ára. Starfið fer fram í opnum húsum og með klúbbastarfi þar sem m.a. er unnið með sértækan vanda í samstarfi við skóla og félagsþjónustu. Fræðsla er stækkandi hluti starfseminnar en félagsmálafræði er kennd í öllum grunnskólunum auk þess sem Vinnuskólanemar fá fræðslu á vegum félagsmiðstöðvanna. Forvarnafræðsla fer einnig vaxandi.

Ungmenna-Hús er fyrir 16-25 ára. Meginmarkmiðið er að auka þátttöku ungs fólks í félags- og tómstundastarfi. Í Ungmenna-Húsi er opið starf, aðstaða fyrir klúbba og félög sem og ráðgjafarþjónusta. Virknisetur er fyrir ungt fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur. Ungmennaráð Akureyrarbæjar nýtur aðstoðar frá starfsfólki félagsmiðstöðvanna og Ungmenna-Húss.

Starfstengt nám er í boði fyrir nemendur í unglingadeildum sem ekki finna sig í bóklegu námi. Utanumhald sumarátaksvinnu fyrir 17-25 ára einstaklinga er vistað hjá deildinni.

Tómstundamál

Þátttaka í fjölbreyttu tómstundastarfi bætir lífsgæði og eykur ánægju og stjálfsstyrk einstaklingsins.

Handbók samfélags- og mannréttindeildar

Punkturinn er handverksmiðstöð fyrir allan almenning og alla aldurshópa. Boðið er upp á opna aðstöðu og námskeið. Greitt er fyrir námskeið og efniskostnað.

Tómstundanámskeið barna 10-16 ára. Stutt námskeið af ýmsu tagi sem boðið er upp á í Rósenborg.

Jafnréttismál

Hlutverk framkvæmdastjóra deildarinnar er að fylgja eftir Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar og veita stofnunum og starfsfólki bæjarins fræðslu og ráðgjöf um jafnréttismál.

Alþjóðastofa

Upplýsinga- og þjónustuskrifstofa fyrir erlenda íbúa bæjarins, staðsett í Ráðhúsinu.

Forvarnir

Forvarnafulltrúi hefur umsjón með Forvarnastefnu Akureyrarbæjar og aðgerðaáætlun hennar sem lýtur að fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Meginmarkmiðið er að stuðla að heilbrigðum lífsvenjum barna og ungs fólks í samræmi við stefnumörkun bæjarins.

Gæfusporið

Samstarfssamningur er við Starfsendurhæfingu Norðurlands um meðferðarúrræðið Gæfusporið sem ætlað er einstaklingum sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

Rósenborg

Rekstur húsnæðis.

2. Lagarammi

Þau lög sem varða starfsemi á vegum samfélags- og mannréttindaráðs eru:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Sveitarfélög skulu skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins, hafa frumkvæði að aðgerðum og hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana (12.gr.).

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1974065.html>,

Lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002006.html>,

Áfengislög nr. 75/1998

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998075.html>

það því marki sem þau varða sveitarfélög.

Æskulýðslög nr. 70/2007

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html>

Sveitarfélög skulu stuðla að því að ungt fólk eigi kost á að starfa að æskulýðsmálum (3.gr.).

Sveitarstjórnir skulu setja sér reglur um hvernig stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttað og hafa starfandi æskulýðsnefndir. Þá skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð (11.gr.)

Lög um félagsþjónustu nr. 40/1991

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>

Fjallað er um skyldur félagsmálanefnda varðandi velferð og hagsmuni barna og ungmenna sem og tómstundaiðju en þær skyldur má einnig heimfæra á samfélags- og mannréttindaráð (30.gr.). Skipulagt forvarnastarf í unglingamálum skal vera af hálfu sveitarfélagsins (35.gr.). Rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur íþróttamannvirkja er heimilt að fela félagsmálanefnd, í tilfalli Akureyrarbæjar, samfélags- og mannréttindaráði (36.gr.). Stuðlað skal að forvörnum í áfengis- og vímuegjafamálum (49.gr.).

Barnasáttmáli SP (lögfestur 2013)

http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Fjallað er m.a. um rétt barna til hvíldar og tómstunda auk þess sem virða og efla skal rétt barns til að taka þátt í menningar- og listalífi og tómstundastarfi (31.gr.).

Samandregið eru lögbundin verkefni sveitarfélagsins skv. ofantöldu þessi:

- Skipa jafnréttisnefnd
- Gera jafnréttisáætlun
- Afhenda Jafnréttisstofu skýrslu
- Stuðla að því að ungt fólk eigi kost á að starfa að æskulýðsmálum
- Setja reglur um stuðning við frjálst æskulýðsstarf
- Hlutast til um stofnun ungmennaráðs
- Gæta velferðar og hagsmuna barna og ungmenna
- Sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða t.d. tómstundaiðju
- Skipuleggja forvarnastarf í unglingamálum
- Stuðla að forvörnum í áfengis- og vímuegjafamálum

Auk laga hefur verið unnin opinber stefnumótun sem snertir málaflökkinn og er það metnaðarmál samfélags- og mannréttindaráðs að fylgja henni sem best.

Stefnumótun í æskulýðsmálum, nóv. 2012

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/stefnumotun.pdf>

Stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins í æskulýðsmálum tekur m.a. mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt lögum um æskulýðsráð og samningum sem tengjast félögum, samtökum og hópum sem starfa að æskulýðsmálum. Unnið skal að eftirfarandi markmiðum:

1. Skipulag æskulýðsmála verði samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi.
2. Að auka þátttöku ungs fólks í æskulýðsstarfi miðað við þarfir hvers og eins.
3. Að æska landsins hafi næg tækifæri til þess að hafa áhrif á æskulýðsstarf og framboð tómsunda.
4. Tryggja fjármögnun æskulýðsstarfs og gæta að jafnræði við útdeilingu fjármagns.
5. Haga þarf upplýsingamiðlun í æskulýðsmálum þannig að hún gagnist börnum og ungmennum.
6. Mikilvægt er að menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum uppfylli kröfur samtímans.
7. Efla ber fjölbreytni í rannsóknum á æskulýðsmálum og tryggja að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs.

Aðalnámskrá grunnskóla

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Gert er ráð fyrir virku samstarfi grunnskóla við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf.

Kveðið á um forvarnir og heilsuefningu.

Sérfræðipjónusta með áherslu á forvarnastarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda til að fyrirbyggja vanda.

Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda

http://www.samband.is/media/stefnumotun-sambandsins/Stefnumotun_innflytjendur.pdf

Meginmarkmiðin eru þau að hagsmunir innflytjenda og barna þeirra séu samþættir inn í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga; að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaga; að opinber þjónusta birtist innflytjendum sem ein heild; að innflytjendur öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu.

Lagabreytingar sem liggja fyrir

Fyrir Alþingi liggja frumvörp um breytingar á jafnréttislögum en þar er gert ráð fyrir að starfssvið Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála verði víðtækara en áður (jöfn meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, jöfn meðferð utan vinnumarkaðar óháð kynþætti og þjóðernisuppruna).

3. Stefna málaflokksins

Samþykkt stefnumörkun fyrir málaflokka samfélags- og mannréttindaráðs:

Fjölskyldustefna (fellur úr gildi þegar velferðarstefna hefur verið mótuð á vegum félagsmálaráðs)

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/fjolskyldustefna-akureyrarbaejar-4>

Fjölmennningarstefna

<http://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/rosenborg/pdf/Fjolmenningarstefna.pdf>

Forvarnastefna

<http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Forvarnir/Forvarnastefna.pdf>

Jafnréttisstefna

<http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Jafnretti/jafnrettisstefna.pdf>

Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum

http://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Jafnretti/adgerdaraaetlun_2012_2014.pdf

4. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Samfélags- og mannréttindaráð leggur áherslu á að þjónusta við börn og ungmenni sé í forgangi.

Fyrirsjáanlegar/líklegar breytingar

Félagsmiðstöðvar

Lögbundið – stuðla að því að ungt fólk eigi kost á að starfa að æskulýðsmálum; gæta velferðar og hagsmuna barna og ungmenna; sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða t.d. tómstundaiðju.

Samfélagið, foreldrar, skólakerfið og félagsþjónustan kalla sífellt eftir meiri aðkomu og stuðningi starfsfólks félagsmiðstöðvanna og Ungmenna-Húss vegna þeirrar þekkingar sem þar er til. Hlutverk skólakerfisins eru að verða flóknari og því er mikilvægt að líta til þess hvar Afritíminnó getur komið inn í og leyst ákveðin vandamál. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að t.a.m. er vænlegt til árangurs að sinna forvörnum í gegnum sérhæft klúbbastarf/hópastarf og vinna með ungmennum á vettvangi. Á þann hátt er betur hægt að sinna og styðja ungmenni á þeirra forsendum og á þeim stað sem þau eru stödd í lífinu. Börn og ungmenni þurfa að hafa vettvang til að vinna á sínum forsendum og þar kemur starfsemi félagsmiðstöðva og Ungmenna-Húss til skjalanna.

Í samræmi við framtíðarsýn sem samfélags- og mannréttindaráð hefur mótað fyrir félagsmiðstöðvar er lögð áhersla á:

10-13 ára

Samfélags- og mannréttindadeild býður þjónustu fyrir börn frá 4. bekk en aldurshópurinn 14-25 ára hefur þó verið í forgangi hingað til. Ýmislegt bendir til þess að mikilvægt sé að horfa betur til aldurshópsins 10-14 ára og bjóða upp á fjölbreyttara tómstundastarf en nú er gert, vetur jafnt sem sumar.

Skapa þarf meiri samfellu í vetrar- og sumarstarf barna á grunnskólaaldri ñ t.a.m. er afar fátt í boði yfir sumartímann fyrir börn á aldrinum 10-13 ára. Í samræmi við framtíðarsýn ráðsins fyrir félagsmiðstöðvar þá skal stefnt að opnu félagsmiðstöðvastarfi fyrir aldurshópin alla virka eftirmiðdaga. Á þeim tíma verði auk hins hefðbundna félagsmiðstöðvastarfs m.a. hægt að sækja þau tómstundanámskeið sem Punkturinn hefur boðið börnum upp á.

14-16 ára

Stefnt er að opnu félagsmiðstöðvastarfi alla virka eftirmiðdaga auk tveggja til þriggja kvölda í viku skv. framtíðarsýn sem samfélags- og mannréttindaráð hefur samþykkt. Á síðustu árum hefur hópastarf verið í þróun hjá félagsmiðstöðvunum þar sem unnið hefur verið í nánú samstarfi við barnavernd, grunnskólana o.fl. við að taka á sértækum vanda unglinga. Ekki er annað sýnilegt en flókin verkefni sem snúa að börnum haldi áfram og jafnvel aukist þörf fyrir stuðningsúræði af ýmsu tagi. Foreldrasamfélagið er einnig farið að kalla eftir auknu starfi í þessa átt.

Sjá fylgiskjal 1.

Ungmenna-Hús

Í samræmi við framtíðarsýn sem mótuð hefur verið fyrir starfsemi Ungmenna-Hússins verður megin áherslan lögð á

- a) að styrkja skapandi sumarstörf og þar með gefa ungu fólki tækifæri til að reyna sig í skapandi störfum og vera upplýfting og tilbreyting fyrir ferðamenn á sumrin
- b) að styrkja ráðgjafar og stuðningsþátt í starfseminni til þess að mæta auknum þunga
- c) að allt utanumhald atvinnumála ungmenna verði á vegum Ungmenna-Húss og gerður verði samningur við Vinnumálastofnun um það.

Fyrirsjáanlegt er einnig samstarf við fjölskyldudeild um að virkja ungmenni sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu. Slíkt samstarf er mikilvægt og nauðsynlegt svo hægt sé að líta á málefni ungs fólks í samhengi.

Mikilvægt er að starfsemin geti tekið mið af breytingum í samfélaginu og brugðist við eftir þörfum.

Sjá fylgiskjal 2.

Forvarnir

Lögbundið: Skipuleggja forvarnastarf í unglingamálum; stuðla að forvörnum í áfengis- og vímuegjafámálum.

Hingað til hefur áherslan verið sú að bjóða forvarnafræðslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum (þó sérstaklega grunnskólum) og hefur forvarnafulltrúi haldið utan um aðgerðaáætlun forvarnastefnunnar. Í ljósi þess sem áður hefur verið nefnt að í auknum mæli er kallað eftir sérfræðiaðkomu starfsfólks félagsmiðstöðva og Ungmenna-húss vegna barna og ungmenna í vanda er hægt að sjá fyrir sér að áherslan í skipulagi forvarnastarfs breytist á þann hátt að fremur sé unnið með sértækan vanda undir merkjum félagsmiðstöðva og Ungmenna-Húss í nánú samstarfi við skóla og félagsþjónustu. Með þessu móti er t.a.m. hægt að styrkja samstarf um forvarnamál milli framhaldsskólanna og Ungmenna-Húss.

Punkturinn

Starfsemin ekki lögbundin.

Settur verður á laggirnar vinnuhópur á vegum samfélags- og mannréttindaráðs og félagsmálaráðs sem falið verður að skoða í samhengi tómstundastarf fullorðinna sem í boði er á vegum sveitarfélagsins og gera tillögur að framtíðar fyrirkomulagi. Vinnuhópurinn skal ljúka störfum í nóvember nk.

Jafnréttismál, Alþjóðastofa

Lögbundið: Skipa jafnréttisnefnd; gera jafnréttisáætlun; afhenda Jafnréttisstofu skýrslu.

Í ljósi þess að fyrir Alþingi liggja frumvörp um útvíkkun jafnréttishugtaksins telur samfélags- og mannréttindaráð rétt að skoða meiri samfléttun mannréttindamála í starfsemi bæjarins. Þau frumvörp sem liggja fyrir eru: Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði; Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna; Frumvarp til laga um stjórnarsýslu á sviði jafnréttismála; Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt frumvörpunum skal Jafnréttisstofa annast stjórnarsýslu á sviði allra framangreindra lagafrumvarpa. Eðlilegt er að Akureyrarbær skoði einnig sameiningu verkefna á þessu sviði. Reykjavíkurborg fór þá leið fyrir nokkrum árum. Ráðið stefnir að því að hafa fyrir lok kjörtímabilsins gert tillögur um samfléttaða starfsemi.

Gæfuspórið

Starfsemin er ekki lögbundin.

Samfélags- og mannréttindaráð hefur gert samning við Starfsendurhæfingu Norðurlands um að veita þjónustu við þolendur kynbundins- og kynferðislegs ofbeldis með meðferð sem ber heitið Gæfuspórið. Til verkefnisins fer að hluta það fjármagn sem áður fór í Kvennasmiðju. Þjónustukaupin eru í takti við markmið Jafnréttissáttmála Evrópu sem Akureyrarbær er aðili að og Aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Samningurinn nær til árána 2013 og 2014. Eftir það þarf að meta hvort ástæða sé til að halda áfram að leggja fjármagn til verkefnisins.

3.2. Æskilegar breytingar

Samfélags- og mannréttindaráð gerir tillögur um að eftirfarandi þættir verði skoðaðir og metið hvernig hagkvæmast sé að koma þeim fyrir til framtíðar.

1. Frítímaþjónusta við börn og unglinga. Sköpuð verði samfella í frítímaþjónustu við börn og ungmenni þannig að hvergi myndist eyður. Horfa þarf til frístundastarfs, vetur sem sumar, fyrir öll börn. Náið samstarf þarf að vera innan sem utan bæjarkerfisins. Vinnuhópur á vegum skólanefndar skilaði tillögum varðandi frístundaskóla á árinu 2012. Að mati samfélags- og mannréttindaráðs er æskilegt að taka upp þær hugmyndir og vinna áfram í víðara samhengi og horfa til alls barna- og unglingastarfs á vegum bæjarins sem og æskulýðs- og íþróttafélaga.
2. Vinnuskóli. Halda áfram að þróa samstarf framkvæmdadeildar og samfélags- og mannréttindadeildar. Skoða þarf kosti þess að flétta saman félagsmiðstöðvastarfi og verkefnum vinnuskólans. Horfa þarf til samnýtingar starfsfólks og fjölbreyttari verkefna fyrir unglingana. Æskilegt er einnig að skoða efri og neðri aldursmörk vinnuskólans þar sem fá tilboð standa 13 ára unglingum til boða á sumrin og 17 ára unglingar fá í fæstum tilvikum vinnu á almennum vinnumarkaði.

5. Staða málaflokksins

Heimsóknir/þátttaka 2012	fjöldi	konur	karlar
Félagsmiðstöðvar	19.500	44%	56%
Ungmenna-Húsið	15.000	37%	63%
Punkturinn	14.000	91%	9%
Tómstundanámskeið barna	1.209	70%	30%
Virkið	400-500		
Starfstengt nám	17	41%	59%
Sumarvinna skólafólks	209	35%	65%
Kvennasmiðja (og Gæfuspólið)	22	100%	
Alþjóðastofa	Tölur liggja ekki fyrir		
Sumarstarf félagsmiðstöðva	105		

6. Mannvirki

Sú starfsemi sem rekin er á vegum samfélags- og mannréttindaráðs hefur sína meginstarfsemi í Rósenborg og ekki er útlit fyrir annað en að það húsnæði dugi áfram. Ef hins vegar á að takast að uppfylla framtíðarsýn um starfsemi félagsmiðstöðva barna og unglinga þá er ljóst að hafa þarf aðgang að húsnæði grunnskólanna alla virka seinniparta eða að öðru tómstunda-húsnæði utan Glerár t.d. Árholti. Ef sú leið yrði valin þá yrðu tvær tómstundamiðstöðvar á Akureyri, Rósenborg og Árholt þar sem öll starfsemi félagsmiðstöðvanna færi fram. Félagsmiðstöðvar hafa lengi haft aðgengi að skólahúsnæði en því miður hefur oft gengið illa, sérstaklega þar sem ekki hafa verið ákveðin rými ætluð starfseminni og ekki verið litið á hana sem mikilvæga af hálfu skólanna.

Hjólabbrettasvæðið við Háskólann á Akureyri hefur lengi sætt gagnrýni vegna þess hversu falið það er og erfitt að hafa með því eftirlit. Samfélags- og mannréttindaráð leggur því til að staðsetningin verði endurskoðuð og nýr staður fundinn sem er aðgengilegri og sýnilegri. Svæðið fyrir neðan Samkomuhúsið kæmi til greina.

7. Kostnaðarmat

Erfitt er að setja fram útreikninga vegna þeirra fyrirsjáanlegru og æskilegru breytinga sem fram koma í 3. kafla. Hér er hins vegar reynt að leggja mat á hvort hugmyndunum fylgi aukinn kostnaður eða ekki.

Fyrirsjáanlegt

Vegna framtíðarsýnar fyrir félagsmiðstöðvar: Kostnaður fer eftir útfærslu. Ef opið verður í hverjum grunnskóla má gera ráð fyrir meira mannhaldi en ef um verður að ræða opnun á tveimur stöðum í bænum.

Vegna framtíðarsýnar fyrir Ungmenna-Hús: Skapandi sumarstörf - ekki er gert ráð fyrir aukakostnaði fyrir bæinn heldur tilfærslu fjármagns af kostnaðarstöðinni Sumarvinna 17-25 ára yfir til Ungmenna-Hússins. Ráðgjöf og stuðningur ñ gera má ráð fyrir auknum kostnaði vegna aukins mannhalds. Virkið ñ ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði hjá deildinni vegna verkefnisins.

Forvarnir: Um tvær leiðir er að ræða. Annars vegar að bæta við fjármagni þannig að bæði verði hægt að kaupa að forvarnafræðslu og halda úti sértæku hópastarfi fyrir börn og unglunga í áhættuhópum. Hins vegar er hægt að breyta fyrirkomulaginu þannig að fjármagnið nýtist beint í sértækar aðgerðir og lítið sem ekkert verði um aðkeypta fræðslu heldur verði hún á vegum starfsmanna félagsmiðstöðvanna og grunnskólanna.

Punkturinn: Á þessum tímapunkti er ekki hægt að segja til um aukinn eða minni kostnað þar sem starf vinnuhóps sem á að skoða tómstundatilboð Akureyrarbæjar fyrir fullorða er ekki farið af stað.

Jafnréttismál og Alþjóðastofa: Hér gæti orðið til kostnaður vegna starfsmannahalds. Ekki er óeðlilegt að hugsa sér að ráða þurfi einn ráðgjafa í fullt starf.

Gæfusporið: Nýbúið er að gera tveggja ára samning. Að samningstíma loknum verður lagt mat á hvort ástæða sé til að halda áfram að styðja við úrræðið.

Æskilegt

Þjónusta við börn og ungmenni: Leggja þarf töluverða vinnu í að skoða og samþætta þjónustu við börn og ungmenni og meta hvort hægt er að hagræða eða hvort af hlýst aukinn kostnaður.

Vinnuskóli: Ekki þarf að verða til aukinn kostnaður vegna samstarfsins.

Mannvirki

Árholt: Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna húsnæðis færist yfir til samfélags- og mannréttindadeildar frá búsetudeild sem nú hefur húsið til umráða.

Hjólabrettasvæði: Kostnaður yrði vegna flutninga á pöllum og römpum sem og undirbúnings á nýju svæði og frágangs á núverandi svæði.

8. Önnur gögn

Samfélags- og mannréttindaráð hefur mótað framtíðarsýn fyrir annars vegar félagsmiðstöðvar og hins vegar Ungmenna-Hús. Nálgað má nánari upplýsingar á www.akureyri.is/rosenborg

Samfélags- og mannréttindadeild

- Íþróttamál

Málaflokkur íþrótta hjá Akureyrarbæ nær jafnt til ungra sem aldinna sem njóta góðs af starfseminni með einum eða öðrum hætti. Börn og unglingar eru fjölmennasti hópurinn sem nýtir sér þjónustu málaflokksins í gegnum tímaúthlutanir ÍBA til íþróttafélaganna, íþróttakennslu í grunnskólunum og tómstundaávisanir. Aðrir og eldri bæjarbúar notast mest við almenningsíþróttastöðuna sem í boði er, s.s. sundlaugar, skíðasvæði, göngu- og hjóltreidastíga.

Fjölgun skv. mannfjöldaspá 2011-2021 í aldurshópnum 0-59 ára kallar ekki á áherslu-breytingar eða úrræði út frá fjölguninni einni og sér. Hins vegar þarf að huga að því að mæta þeirri fjölgun sem stefnir í í 60+ aldurshópnum m.t.t. almenningsíþrótta, heilsu og hreyfingar.

1. Lagarammi

Gott og öflugt íþróttastarf er einn af hornsteinum þeirra samfélaga sem það hafa. Mikilvægt er að styðja vel við slíkt starf því uppskeran kemur margfalt til baka til samfélagsins á ótal vegu. Íþróttastarfsemi er keyrð áfram af frjálsum félagasamtökum sem eru háð sjálfboðaliða-starfsemi innan sinna félaga. Stuðningur sveitarfélaga við starfsemina er mörgum félögum mjög mikilvægur. Lagalegar skyldur sveitarfélaga til stuðnings við íþróttahreyfinguna eru hins vegar ekki fyrir hendi og er hreyfingin því háð metnaði hvers sveitarfélags í málefnum íþrótta hverju sinni og á hverjum stað. Ísköld staðreynd miðað við það mikilvægi sem íþróttir eru hverju samfélagi.

Lögbundin íþróttaverkefni sveitarfélagsins

Samkvæmt íþróttalögum frá 1998 (Íþróttalög 1998 nr. 64 12. júní) eru skyldur sveitarfélaga að Aðstoðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

Aðrar skuldbindingar á hendur sveitafélaginu skv. lögnum er að finna í 7.gr. Íþróttalaganna þar sem segir: Aðbygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Metnaðarmál sveitarfélagsins í íþróttum

Akureyrarbær er íþróttabær og leggur mikinn metnað í gott og öflugt íþróttastarf í bænum. Metnaður sveitarfélagsins í íþróttum kristallast í Íþróttastefnu Akureyrarbæjar og Starfsáætlun íþróttaráðs sem eru gerð nánari skil í næsta kafla.

2. Stefna málaflokksins

Metnaði Akureyrarbæjar í íþróttamálum eru gerð góð skil í Íþróttastefnu Akureyrarbæjar (útgefinni 2012) og Starfsáætlun íþróttaráðs (útgefinni 2011). Metnaðarmál ríkisins í íþróttamálum eru sett fram í Stefnu og aðgerðaráætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Þar er óskað eftir samstarfi við sveitarfélögin á mörgum sviðum.

Íþróttastefna Akureyrarbæjar

Íþróttastefna Akureyrarbæjar skiptist í fimm flokka: almenningsíþróttir, skóli og íþróttir, íþróttastarf barna og unglinga, afreksstefna Akureyrarkaupstaðar í íþróttum og samstarf Akureyrarkaupstaðar og íþróttafélaganna. Leiðir að markmiðum stefnunar eru eftirfarandi eftir flokkum:

Starfsáætlun íþróttaráðs

Árið 2010 samþykkti íþróttaráð starfsáætlun ráðsins fyrir árin 2011-2015. Voru þar sett upp fjórtán verkefni sem skyldu vinnast á þessum árum eða innan ákveðins tíma.

Stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum

Árið 2011 var gefin út Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Stefnan er í gildi frá 2010-2015. Vorið 2013 kom út aðgerðaráætlun ráðuneytisins vegna Stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum 2011-2015.

Stefnan og aðgerðaráætlunin skiptist í átta kafla: umhverfi og skipulag íþróttar, íþróttir barna og unglinga í skólastarfi, þátttaka barna og unglinga í íþróttastarfi, menntun og rannsóknir, keppnis- og afreksíþróttir, almenningsíþróttir, íþróttamannvirki og lyfjaeftirlit.

3. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Fyrirsjáanlegar/líklegar breytingar

- I. **Íþróttahús Naustaskóla** verður tekið í notkun árið 2016 skv. framkvæmdaáætlun bæjarins. Ákveða þarf rekstrarformið á mannvirkinu, s.s. hver hefur umsjón með því og hvaða íþróttaráherslur verða í húsinu. Sú viðbót sem íþróttahús Naustaskóla hefur í för með sér léttir á öðrum íþróttamannvirkjum bæjarins og um leið fjölgar tímum til almennrar útleigu.
- II. Með tilkomu Íþróttahúss Naustaskóla þarf að ákveða hvaða framtíðarþjónustuhlutverki íþróttahúsið við Laugargötu á að gegna m.t.t. sögu hússins, notagildis, kostnaðar við rekstur, endurbóta og viðhalds.
- III. Sökum aldurs eru fyrirsjáanlegar breytingar meðal forstöðumanna íþróttamiðstöðva Glerárskóla/ Giljaskóla og Íþróttahallarinnar/íþróttahúss Síðuskóla á næstu þremur árum. Í framhaldinu þarf að endurskoða forstöðumannafyrirkomulag íþróttamannvirkja og athuga möguleika á að samræma rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, þ.e. hafa samskonar rekstrarfyrirkomulag á öllum íþróttamannvirkjum.
- IV. Fyrirsjáanlegt er að á næsta ári (2014) verði tekið í notkun rafrænt skráningarkerfi til dreifingar og ut anumhalds á tómsundaávisunum til niðurgreiðslu æfingargjalda til barna. Slíkt kerfi eykur þjónustu við notendur tómsundaávisananna og íþróttafélögin til muna. Nýtt kerfi mun leiða til betri nýtingar á tómsundaávisunum.

- V. Fyrirsjáanlegt er að stærri aldurshópur barna og unglinga mun geta nýtt sér frístundastyrk (niðurgreiðslu) Akureyrarbæjar og upphæð styrksins mun hækka á næstu árum samkvæmt íþróttastefnu Akureyrarbæjar.
- VI. Taka þarf ákvörðun um hlutverk og framtíðarafnot Steinnes-hússins (íbúðarhúsnæði á félagssvæði Þórs) m.t.t. rekstrarkostnaðar, breytinga og viðhalds þegar leigusamningur við núverandi leigutaka rennur út 1. júlí 2017.
- VII. Með áframhaldandi uppbyggingu í Naustahverfi er fyrir séð að þörf er á fjölnota íþrótta- og æfingarsvæði í hverfinu (Íþróttamiðstöð Naustahverfis). Taka þarf frá í skipulagi svæði fyrir íþróttaaðstöðu/-svæði hverfisins.
- VIII. Fyrirsjáanlegar eru framkvæmdir í Sundlaugum Akureyrar. Vinnuhópur um Sundlaugar Akureyrar er að vinna að málum sundlauganna. Þar er verkefnið tvíþætt, annars vegar að ákveða og forgangsraða þeim verkefnum sem eru aðkallandi í viðhaldi og aðbúnaði sundlauganna. Í Sundlaug Akureyrar þarf að bæta aðstöðu fyrir fatlaða, lagfæra yfirborð útisvæðis, skipta um plast í rennibrautinni, bæta búningaaðstöðu og starfsmannaaðstöðu. Hins vegar er það svo framtíðarsýn fyrir sundlaugar Akureyrar, sem kallar m.a. á umræður um stækkun sundlaugar, yfirbyggða 50m laug, nýtt leiksvæði, fjölskyldugarðinn, þarfir og kröfur fyrir grunnskólasundkennslu, breytingar á Glerárlaug, opnunartíma og opnunardaga.
- IX. Samkvæmt framkvæmdaáætlun stendur til að hefja framkvæmdir við aðkomu og útisvæði Glerárlaugar 2015 og endurbætur á innisundlaug Sundlaugar Akureyrar 2014.
- X. Aukið samstarf við framhaldsskóla bæjarins er fyrirsjáanlegt frá haustinu 2014 vegna starfsemi Afreksíþróttasviðs skólanna, s.s. varðandi tíma og aðstöðu í mannvirkjum bæjarns, t.d. Íþróttahöllinni og Naustaskóla.
- XI. Samstarf við Háskólann á Akureyri er líklegt, ef starfsemi Íþróttافرæðideildar við skólann kemst á koppinn, s.s. um tíma og aðstöðu í mannvirkjum bæjarins, t.d. Síðuskóla.
- XII. Fyrirsjáanlegar eru framkvæmdir í Hlíðarfjalli til að auka og viðhalda þjónustustigi Skíðastaða. Undirbúningur að framkvæmdum við nýja Þjónustubyggingu í Hlíðarfjalli hefst 2014 og framkvæmdir 2015, skv. framkvæmdaáætlun. Í samstarfi við VMÍ er líklegt að ný lyfta bætist við í lyftuflota Hlíðarfjalls.
- XIII. Fyrirsjáanlegur er talsverður viðhaldskostnaður í Hlíðarfjalli til að geta staðið undir merkjum besta skíðasvæðis Íslands. Fyrirsjáanleg er endurnýjun á snjótroðurum og bæta þarf við snjóbyssum næstu 3 árin.

- XIV. Farið verður í framkvæmdir við nýja gólfplötu í Skautahöllinni árið 2015 (skv. frkv.áætlun).
- XV. Fyrirsjáanlegt er að uppbyggingu á félagssvæði Nökkva ljúki á næstu árum. Í framhaldinu þarf að huga að rekstrarstyrk eða ñsamningi við Nökkva vegna félagssvæðisins.

Æskilegar breytingar

- XVI. Gos- og sælgætissölu (og annarra sykraðra vara) verður hætt í öllum skólaíþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar til samræmis við markmið íþróttastefnu Akureyrarbæjar, sbr. Aðskóli og íþróttiró.
- XVII. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum þarf að setja saman vinnuhóp sem fer yfir stöðu mála hjá 60+ ára m.t.t. íþróttaaðstöðu, hreyfingar og heilsu hjá þessum aldurshópi (heilsueflandi tómstundir).
- XVIII. Efla þarf og auka **ábyrgð og umsvif ÍBA** m.a. með því að fela bandalaginu:
- a. að hafa umsjón með rekstrarstyrkjum til íþróttafélaga, þ.m.t. fjármagn,
 - b. allt fjármagn vegna afreks- og ferðasjóðs.
 - c. að annast útleigutíma í íþróttahúsum bæjarins.
- XIX. Æskilegt er að koma á laggirnar Íþrótt-/frístundaskóla fyrir 6-12 ára börn þar sem markmiðið er samfelldur dagur íþróttar og skóla og fjölbreytt og margþætt íþróttar- og frístundastarf. Hugsanleg Íþróttaræðideild í HA gæti orði samstarfsvettvangur í þessari vinnu.
- XX. Í samstarfi við ÍBA er mikilvægt að hvetja og beina íþróttahreyfingunni til stefnumótunarvinnu varðandi íþróttastarf og framtíð íþróttar á Akureyri. T.d. þarf að skoða hagkvæmni sameiningar minni félaga innbyrðis eða við stærri félög og ræða hvernig íþróttafélög á Akureyri ætla að bjóða uppá besta barna- og unglingastarf á Íslandi?
- XXI. Að leggjast í framkvæmdir við stofn göngu-/hjóla-/hlaupa- [upphitaðra] og upplýstra stíga sem mynda stofnæð í gegnum og kringum bæinn. Gefa þarf leiðunum/stígunum innanbæjar nöfn og merkja leiðirnar á korti og Á staðnumó. Merkja vegalengdir.
- XXII. Þörf er á að bæta aðstöðu og þjónustu gesta í Síðuskóla til að geta fylgst með kappleikjum og annarri starfsemi í íþróttahúsi skólans.

- XXIII. Í samstarfi við íþróttafélög er málið varðar þarf að skoða og meta hvort gervigras leysi gras af hólmi á ákveðnum grasvöllum bæjarins.
- XXIV. Endurskipuleggja þarf tímaúthlutunarreglur til aðildarfélaga ÍBA. Kerfið þarf að vera skilvirkt, skiljanlegt og gegnsætt.
- XXV. Fjölga þarf útleigutímum til almennings og tryggja lágmarks tímafjölda á viku í hverju húsi til almennings.
- XXVI. Hækka þarf framlög til Afrekssjóðs til að þjónusta þá öflugum afreksmenn sem Akureyri á.
- XXVII. Auka þarf fjármagn til áhalda- og búnaðakaupa í skólaíþróttamannvirkjum sem og að samræma áhalda- og búnaðarkost íþróttahúsa bæjarins. Lista þarf upp þann búnað sem telst vera lágmarksbúnaður í skólaíþróttamannvirki.
- XXVIII. Endurskoða þarf íþróttastefnu og gera aðgerðaáætlun fyrir stefnuna.
- XXIX. Taka þarf upp Íþróttakort sem gefur hagstæð kjör t.d. í Hlíðarfjalli og Sundlaug Akureyrar.
- XXX. Bæta þarf og auka aðgengi og lýsingu náttúrulegra leiksvæða barna víða um Akureyri. Staða málaflokksins

Rekstur íþróttamála

Rekstur íþróttamála tilheyrir samfélags- og mannréttindardeild Akureyrarbæjar. Undir málaflokk 06 fall einnig æskulýðsmál. Meðfylgjandi tafla sýnir rekstur íþróttamála árið 2012.

Niðurgreiðsla þátttökugjalda

Frá árinu 2006 hefur íþróttaráð sent út tómstundaávísanir (frístundastyrk) til barna á Akureyri til niðurgreiðslu á æfingagjöldum vegna þátttöku í íþrotta- og tómstundastarfi. Fram til ársins 2013 fengu börn á aldrinum 6-11 ára kr. 10.000.- á ári. Frá og með árinu 2013 fá börn á aldrinum 6-13 ára sömu upphæð. Yfirlit yfir nýtingu ávísananna er eftirfarandi sl. 2 ár:

Ár	Fjöldi útsendra ávísana	Stúlkur	Drengir	Fjöldi nýtttra ávísana	Stúlkur	Drengir	% nýting	Stúlkur	Drengir
2012	1637	49%	51%	1126	49%	51%	68,78%	68,83%	68,74%
2011	1632			1155			70,77%		

Landsliðsmenn

Íþróttaráð tekur árlega saman fjölda þeirra iðkenda innan ÍBA sem ná sæti í landsliði Íslands. Íþróttaráð veitir íþróttafélögum sem eiga landsliðsmenn viðurkenningu í formi styrkgreiðslu fyrir hvern iðkenda. Fjöldi landsliðsmanna og fjöldi greina sl. 2 ár er eftirfarandi:

Landsliðsmenn	Fjöldi	Konur	Karlar	Greinar
2012	107	41,1%	58,9%	42
2011	96	39,6%	60,4%	25

Íslandsmeistarar

Íþróttaráð tekur saman árlega fjölda þeirra iðkenda innan ÍBA sem verða Íslandsmeistarar. Íþróttaráð veitir íþróttafélögum sem eignast Íslandsmeistara viðurkenningu. Fjöldi Íslandsmeistara sl. 2 ár er eftirfarandi:

Íslandsmeistarar	Fjöldi	Konur	Karlar	Greinar
2012	224	53,1%	46,9%	187
2011	162	32,1%	67,9%	150

Stærðir og fleira frá Fasteignum Akureyrar (FAK)

FAK heldur utan um ýmsar tölulegar staðreyndir varðandi íþróttamannvirkin. Meðfylgjandi eru samantekt á tölum frá FAK varðandi íþróttamannvirkin starfsárið 2013:

	Fjöldi	Brúttó stærð m ²	Rúmál m ³	Lofthæð	Fasteignamat 2013	Fasteignamat 2013 kr/m ²
Íþróttamannvirki	20	41.670	268.770	6,4	4.123.800.500	98.963,53

	Brunabótamat	Brunabótamat kr/m ²	Viðhald 1,3%	Húsaleiga 2013A	Leiga kr/m ²
Íþróttamannvirki	10.467.847.000	251.209	136.082.011	822.888.000	1.646

4. Mannvirki

Hjólabrettasvæði / Sparkvellir

Þörf er að:

- I. endurnýja gervigras á sparkvöllum.
- II. huga að nýjum svæðum og völlum samhliða uppbyggingu nýrra hverfa.

Íþróttamiðstöð Glerárskóla

Þörf á að:

- I. yfirfara og endurbæta áhöld og búnað íþróttahússins, t.d. körfur,
- II. endurnýja og bæta við áhöld og kennslubúnað,
- III. yfirfara loftræstikerfi íþróttamiðstöðvarinnar.

Framtíð sundlaugarinnar er inni á borði verkefnisliðs sem er að horfa til framtíðar varðandi sundlaugar Akureyrar. Þar hefur m.a. verið rætt um framtíðarhlutverk laugarinnar, hvort eigi að stækka laugina og hugmyndir um að endurskoða og skipuleggja breytt aðgengi að íþróttahúsinu og sundlauginni.

Íþróttahús Síðuskóla

Þörf á að:

- I. útbúa aðstöðu fyrir áhofendur og fylgifyrirlit inni í íþróttasalnum svo að þeir geti fylgst með íþróttastarfseminni í salnum.
- II. auka nýtingu salarins (ekki er full nýting á húsnæðinu á skólatíma).

Íþróttamiðstöð Giljaskóla

Þörf á að:

- I. hafa auka starfsmann milli kl. kl. 16-19:30 virka daga samhliða æfingum yngri barna í íþróttahúsinu,
- II. auka nýtingu salarins, þá sér í lagi þess hluta sem er ekki með föstum búnaði Fimleikafélagsins, t.d. með útleigu til almennings, með ÍBA tímum og/eða opna á sunnudögum.

Íþróttahöllin

Þörf er á að:

- I. Höllin eignist litla færanlega senu sem allra fyrst. Notuð við ýmis tækifæri bæði í íþróttasal og á efri hæð. Nauðsynlegt.
- II. endurnýja og bæta við áhöldum og kennslubúnaði (5 millj. á 5 árum),
- III. setja lýsingu á bílastæði sunnan við Höllina,
- IV. skipta um gólfefni á ganginum við búningsherbergi,
- V. setja dyr út úr áhaldageymslu (norður),
- VI. sinna stöðugu viðhaldi hússins,
- VII. skipta út gluggatjöldum.

Íþróttahúsið Boginn / Hamar

Þörf er á að:

- I. ganga frá öryggismálum inni í Boganum, s.s. klæða burðarbíta,
- II. skipta um gervigras í Boganum á næstu 1-2 árum,
- III. bæta aðstöðu til frjálsra íþróttanna í Boganum,
- IV. endurbæta ganginn á milli kjallara Hamars og Bogans.
- V. endurnýja gervigras Bogans og meta gæði undirlagsins (púðans) (árið 2023).

Félagssvæði Þórs

Þörf er á að:

- I. finna varanlega lausn í baráttu við sveppasýkingu í tartanhlaupabrautinni,
- II. skoða á næstu árum möguleikann á því að setja gervigras á aðalvöll Þórs,
- III. útbúa aðstöðu og meðfylgjandi búnað fyrir tímatöku við suðurenda stúkubyggingarinnar.
- IV. útbúa kastsvæði norðan Skarðshlíðar til handa UFA.
- V. gera endurbætur á girðingum í kring um Þórssvæðið,
- VI. bæta og auka nýtingu svæðis næst Boganum, útbúa nothæft grasæfingasvæði upp að Boganum,
- VII. setja þarf upp varanlega sjónvarpsaðstöðu við aðalvöll,
- VIII. bæta þarf aðstöðu fyrir blaðamenn í stúkunni og jafnaframt að skoða möguleikann á því að færa snyrtingar aftur fyrir stúkuna,
- IX. koma upp körfuboltavelli vestan við Bogann,
- X. huga þarf að hverfisvelli fyrir knattspyrnuæfingar í Síðu- eða Giljahverfi
- XI. ákveða framtíðarhlutverk Steinness (íbúðarhúsnæðis á félagssvæði) frá og með sumrinu 2017.

Íþróttahús Lundarskóla / Félagssvæði KA

Þörf er á að:

- I. endurnýja og bæta við áhöldum og kennslubúnaði,
- II. útbúa annan strandblakvöll á svæði KA,
- III. útbúa 2 tennisvelli á svæði KA,
- IV. huga að endurnýjun gervigrasmottunnar árið 2023.

Sundlaug Akureyrar

Árið 2012 var settur saman vinnuhópur til að huga að framtíð Sundlauga Akureyrar. Þar er verkefnið tvíþætt, annars vegar að ákveða og forgangsraða þeim verkefnum sem eru aðkallandi í viðhaldi og aðbúnaði sundlauganna. Í Sundlaug Akureyrar er það bætt aðstaða fyrir fatlaða, laga/lagfæra yfirborð útisvæðis, skipta um plast í rennibrautinni, bæta búningsaðstöðu og starfsmannaaðstöðu. Hins vegar er það svo framtíðarsýn fyrir sundlaugar Akureyrar sem kallar m.a. á umræður um stækkun sundlaugar, yfirbyggða 50m laug, nýtt leiksvæði, fjölskyldugarðinn, þarfir og kröfur fyrir grunnskólasundkennslu, breytingar á Glerárlaug, opnunartíma og opnunardaga.

Nánar er farið í málefni Sundlaugar Akureyrar í skýrslu vinnuhópsins.

Íþróttahús við Laugargötu

Þörf er á að:

- I. ákveða framtíð hússins
- II. endurnýja á áhöld og búnað íþróttahússins.

Íþróttamiðstöðin Hrísey

Þörf er að:

- I. endurskoða opnunartíma sundlaugarinnar
- II. auka nýtingu íþróttasalarins

Sundlaug Grímseyjar

Skautahús

Þörf á að:

- I. endurnýja gólfplötuna,
- II. bæta (félags)aðstöðu í Skautahöllinni, jafnt fyrir félagsmenn sem og gesti og gangandi,
- III. endurnýja vélar, tæki og búnað sem annast umhirðu og vinnslu á ísnum,
- IV. setja upp æfingarsvell (minna),
- V. gera aðstöðu fyrir krulluþróttina,

Reiðhöll

Þörf er á að:

- I. bæta aðkomu og aðgengi að Reiðhöllinni, þ.e. veginn að höllinni.

Akureyrarvöllur

Þörf er á að:

- I. taka upp umræður um hugmyndir um lagningu gervigrass á Akureyrarvöll.

Golfvallarhús – Jaðar

Þörf er á að:

- I. ganga frá og loka uppbyggingarsamningi við GA, lokagreiðslan er eftir,
- II. hefja endurbætur á vélaskemmunni.

Skíðastaðir (hótel)

Skv. 3ja ára áætlun (2014-2016) FAK er áætlað fjármagn til undirbúnings, hönnunar og byggingar á nýrri þjónustumiðstöð. Núverandi skíðahótel fær í framhaldinu breytt hlutverk. Árið 2009 lét Íþróttaráð vinna og gera ~~Masterplan~~ *masterplan*ó fyrir framtíðarskipulag og starfsemi Skíðastaða í Hlíðafjalli. Þar eru starfseminni gerð góð skil.

Skíðalyftur og tæki

Þörf er á að:

- I. fjárfesta í snjótroðurum árin 2015, 2016 og 2017. Snjótroðari kostar á bilinu 50-60 milljónir á verðlagi dagsins í dag.
- II. bæta við snjóframleiðsluvélum, 4-5 byssum á næstu árum,
- III. reisa nýtt verkstæði og aðstöðu til þess að geyma stór tæki eins og snjóbyssur og snjótroðara. Gert er ráð fyrir nýju verkstæði á masterplaninu.
- IV. vinna að nýju deiliskipulagi

V. endurnýja samning við VMÍ

5. Þróun helstu magntalna

Helstu magntölur í málaflokki íþrótta þróast upp á við næstu ár því mikilvægi og samfélagslegt vægi íþrótta vex ár frá ári og mun bæta ýmsum skrautfjöðrum í hatt sinn.

6. Kostnaðarmat

Kostnaðmat við hverja tillögu og fyrirsjáanlega breytingu sem taldar eru upp hér að ofan er verk og vinna sem unnin verður samhliða forgangsröðun verkefnanna.

7. Önnur gögn

Haft var samband við þá sem nýta sér þjónustu íþróttaráðs. Talað var við íþróttahreyfinguna (ÍBA og íþróttafélögin) og íþróttakennarafélag Akureyrar og athugað hvað þessir aðilar hefðu til málana að leggja. ÍBA tók saman gögn frá aðildarfélögum sínum og skilaði inn.

Fræðslu- og uppeldismál

1. Lagarammi

Leikskólinn

Lög

[Lög nr. 90/2008, um leikskóla](#) eins og þeim var breytt með [lögum nr. 38/2009](#) (mars 2009)

[Nefndarálit menntamálanefndar](#) (maí 2008)

[Frumvarp til leikskólalaga](#) með greindargerð (nóvember 2007)

[Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið](#) (janúar 2008)

Reglugerðir

([Frétt Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um útgáfu reglugerðarinnar.](#))

[Reglugerð nr. 893/2009, um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 896/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 655/2009, um starfsumhverfi leikskóla](#) (júlí 2009)

[Reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum](#) (júní 2010), breytt með [reglugerð nr. 986/2010](#) (desember 2010).

Grunnskólinn

Lög

[Lög nr. 91/2008, um grunnskóla](#) eins og þeim var breytt með [lögum nr. 34/2009](#) (mars 2009), [lögum nr. 35/2009](#) (mars 2009) og [lögum nr. 38/2009](#) (mars 2009)

[Nefndarálit menntamálanefndar](#) (maí 2008)

[Frumvarp til grunnskólalaga með greinargerð](#) (nóvember 2007)

[Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið](#) (janúar 2008)

Reglugerðir

[Reglugerð nr. 699/2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalald samkvæmt erlendra námskrá og námskipan.](#)

[Reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum.](#) (5. júní 2012)

[Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#) (21. október 2011)

[Reglugerð nr. 896/2009, um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 980/2009, um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum](#) (desember 2009)

[Reglugerð nr. 440/2010, um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla](#) (apríl 2010)

[Reglugerð nr. 585/2010, um nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) (júní 2010)

[Reglur nr. 656/2009, um skólaakstur](#) (júlí 2009), breytt með [reglum nr. 882/2009](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 658/2009, um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald](#) (júlí 2009)

[Reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða](#) (júlí 2009)

[Reglugerð nr. 531/2009, um heimakennslu á grunnskólastigi](#) (maí 2009)

[Reglugerð nr. 435/2009, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla](#) (apríl 2009), breytt með [reglugerð nr. 662/2009](#) (júní 2009)

[Reglugerð nr. 1157/2008, um skólaráð við grunnskóla](#) (desember 2008)

[Reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum](#) (júní 2010), breytt með [reglugerð nr. 986/2010](#) (desember 2010).

[Reglugerð nr. 1111/2007 um námsgagnasjóð](#)

[Reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 351/2002](#)

Tónlistarskólinn

Lög

[Lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla](#)

Framhaldsfræðsla

Lög

[Lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu](#)

Þvert á skólastig

Lög

[Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla](#)

[Lög 71/2007 um námsgögn](#)

[Nefndarálit menntamálanefndar](#) (maí 2008)

[Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og](#)

[framhaldsskóla](#) (nóvember 2007)

[Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið](#) (febrúar 2008)

[Lög nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa](#) (apríl 2009), breytt með [lögum nr. 77/2009](#) (júlí 2009) og [lögum nr. 26/2010](#) (mars 2010)

[Lög nr. 168/2000 um Námsmatsstofnun](#)

Reglugerðir

[Reglugerð nr. 872/2009, um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara](#) (október 2009)

[Reglugerð nr. 160/2010, um matsnefnd náms- og starfsráðgjafa](#) (febrúar 2010)

[Reglugerð nr. 242/2009, um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla](#) (febrúar 2009)

[Reglugerð nr. 241/2009, um matsnefnd leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara](#) (febrúar 2009)

Gögn á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

[Úrskurðir og álit um málefni leikskóla, grunnskóla o.fl.](#)

[Verklagsreglur um meðferð stjórnsýslumála o.fl. \(málshraði og meðferð erinda\)](#)

Dagforeldrar

[Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005](#)

Hugmyndir um breytingar á lögum

Lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla voru endurskoðuð árið 2008 og því ekki fyriseð að þeim lögum verði breytt í náninni framtíð. Það hefur þó verið í umræðunni að það geti komið til greina að stytta nám til loka framhaldsskóla um eitt til tvö ár. Þá gæti verið að stytting kæmi fram hjá öðru hvoru skólastiginu um 1 ár eða hugsanlega hjá báðum um eitt ár. Ef grunnskólinn yrði stytur um eitt ár skapast svigrúm til að koma öllum fimm ára börnum fyrir í grunnskólahúsnæðinu og þá breytast allar forsendur varðandi þörf fyrir byggingu leikskóla.

Í undirbúningi er frumvarp til laga um tónlistarskóla. Kynningu á því má sjá á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/frettir---skolamal/nr/1621>.

Lögbundin verkefni

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi frá sér í nóvember 2008 erindi um skilgreiningu á grunnþjónustu á sviði fræðslumála <http://www.samband.is/media/skolamal/Grunnthjonusta-a-svidi-fraedslumala.pdf>. Þar kemur fram að grunnskólastarf er ótvírætt lögbundið grunnþjónustuverkefni sveitarfélaga, starfsemi leikskóla er einnig flokkuð sem grunnþjónustuverkefni en þar sem ekki er um skólaskyldu að ræða á því skólastigi er ekki um afdráttarlausan rétt barna að ræða til að fá vist í leikskóla. Rekstur tónlistarskóla og stuðningur við tónlistarfræðslu er valkvætt verkefni sveitarfélaga.

Málefni dagforeldra er einnig valkvætt verkefni sveitarfélaga. Ef fæðingarorlof yrði lengt í eitt ár hefur það bein áhrif á þörf fyrir dagforeldra.

2. Stefna málaflokksins

Í skólastefnu Akureyrar birtist samþykkt og yfirlýst skólastefna frá 31.5.2005 (http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/baeklingar/skolastefna_Ak_vef_utagafa_2006.pdf). Endurskoða átti stefnuna innan sjö ára en sú vinna hefur ekki farið fram.

Skóladeildin setur sér jafnframt stefnu sem birt er á vef bæjarins (http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/Stefna_Skoladeildar_Akureyrarb_2009.pdf).

Hér að neðan eru atriði sem skólanefnd samþykkti á fundi sínum 18. nóvember 2013 um langtímaáætlun sem kallast geta stefnumið. Sum þessara atriða hafa verið samþykkt í bæjarstjórn árið 2012:

Almennt

- Skólanefnd leggur áherslu á að virkja skólaráð og foreldraráð meira í umsagnar- og ákvarðanatökufurlinu, sérstaklega um málefni sem snerta skólana beint.
 - Skólanefnd mun boða foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla til kynningar- og umræðufunda við gerð fjárhags- og starfsáætlana ár hvert.
- Skólaval er lögbundið.
 - Bjóða skal upp á heimsóknir í skólana á starfstíma, ákveðna daga þar sem foreldrar 6 ára barna og barna sem eru að byrja í leikskóla geta kynnt sér starfið og aðstöðu af eigin raun.
 - Rafrænn kynningarbæklingur verði gefinn út fyrir leikskóla og grunnskóla
 - Heimasíður verði teknar til skoðunar og metið hver ávinningur yrði af því að samræma útlit og upplýsingagjöf.
 - Athugað verði hvort árangursríkt geti verið að gera myndband um hvern skóla sem yrði birt á youtube.com og/eða heimasíðu.
- Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega veita viðurkenningar þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi.
 - Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram sínu góða starfi og jafnvel gera enn betur.
 - Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til.

- Aðbúnaður í skólum á Akureyri á að vera til fyrirmyndar.
 - Settur verði á hóp starfshópur til að setja viðmið um fyrirmyndar aðbúnað í skólum.
- Innra mat ñ Lögð er áhersla á að allir skólar uppfylli kröfur laga og reglugerða um innra mat.
- Ytra mat ñ Lögð er áhersla á að sveitarfélagið uppfylli kröfur laga og reglugerða um ytra mat. Leitað verði eftir samstarfi við HA vegna þessa þegar ljóst liggur fyrir hvernig tilraunaverkefni það, sem er nú í gangi samkvæmt samkomulagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, kemur til með að virka. Þetta verkefni er nú staðsett hjá Námsmatsstofnun.
- Skólaárið og skipulag þess. Áhersla er lögð á að starfsdagar á skólaárinu séu samræmdir eftir því sem hægt er milli leik- og grunnskóla. Vetrarfrí verði einnig samræmd við framhaldsskóla.
- Heilsa og heilbrigði ñ Holtt og gott fæði í skólamötuneytum.
 - Skólarnir uppfylli skilyrði sem sett eru til að geta kallast Heilsueflandi skólar samkvæmt skilgreiningu Landlæknisembættisins.
 - Samræmd innkaup sem byggja á gæðum hráefnis.
 - Matreiðsla byggja á leiðbeiningum Landlæknisembættisins.
 - Áhersla er lögð á að upplýsa á greinargóðan hátt um innihald og matreiðslu á matseðlum.
 - Reglulega verði lagt mat á framreiðslu og gæði matar í skólamötuneytum af til þess völdum aðilum.
 - Verð á skólamáltíðum grunnskóla standi undir öllum kostnaði við rekstur mötuneytanna.
 - Ekki er gert ráð fyrir því að fullbúið eldhús verði í hverjum skóla en í öllum skólum verði góð aðstaða til að matast.
- Allir skólar hafi skilgreinda náms- og kennslustefnu og kynni hana í skólanámskrá.
- Skólastjórum verði veitt ráðgjöf til að efla faglega/kennslufræðilega forystu í skólunum, skerpa á stjórnunarfyrirkomulagi skólanna og skilgreina ábyrgðarhlutverk, starfsskyldur og vinnubrögð, s.s. umsjónarkennara, deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra og að sett verði erindisbréf fyrir stjórnendur í leikskólum sambærileg erindisbréfum í grunnskóla.
 - Lagt er til að þetta verði verkefni Miðstöðvar skólaþróunar í samráði við skóladeild ñ mannauðsstjóra.
 - Til að styrkja samfellu skólastiga sýnir reynslan að það er árangurríkt að mynda teymi skólastjóra leik- og grunnskóla. Því er lagt til að þeir myndi eitt eða fleiri teymi er vinni markvisst saman að kennslufræðilegum málum með reglulegum fundum.
 - Leitað verði eftir auknu samstarfi við stjórnendur framhaldsskólanna.
 - Skóladeild skipuleggi reglulega faglegan samvinnudag allra skólastjóra á Akureyri þar sem unnið verður með leiðir til að uppfylla stefnu og sýn sem birtist í aðalnámskrá og skólastefnu Akureyrarbæjar. Þar verði unnið út frá framkvæmdaáætlunum og þróunaráætlunum.

- Hvatt er til að komið verði á teymisvinnu í öllum skólum sem hluta af lærdómssamfélagi (professional learning community, PLC). Lærdómssamfélagið grundvallast á eftirfarandi 6 þáttum:
 - Sameiginlegri sýn, skýrri leiðarlýsingu, sameiginlegum gildum og markmiðum þar sem áhersla beinist alltaf að námi og árangri nemenda.
 - Samstarfsmenningu með áherslu á nám.
 - Sameiginlegri greiningu á því sem best gerist og því sem er.
 - Áherslu á athafnamiðað nám (A~~l~~earning by doing)
 - Skuldbindingu til að leggja sitt af mörkum til stöðugar þróunar og umbóta.
 - Áherslu á árangur.
- Teymi er grunneining í lærdómssamfélagi. Þar á sér stað þekkingarsköpun þar sem fólk tekst á við starfið á vettvangi út frá skýrum markmiðum um framvindu og árangur náms og kennslu. Með teymisvinnu er átt við að þátttakendur í teyimum rýni með formlegum hætti í eigið starf og störf hver annars og tali um hvað þeir gera og af hverju, þeir spyrja gagnrýninna spurninga og leita saman leiða til að bæta starfið með nemendum. Á uppbyggjandi hátt er tekist á um og veittur stuðningur um leiðir og útfærslur og leitað að sameiginlegum skilningi á hugtökum til að vinna eftir.
- Erlendar rannsóknir hafa beint athygli að þáttum sem tengjast samvinnu og teymis-vinnu kennara og hvernig þeir þættir geti haft áhrif starfsþróun kennara. Í rannsóknum **Harris** kemur meðal annars fram að árangursrík starfsþróun byggist á samvinnu kennara bæði á formlegan og óformlegan hátt. Vísbendingar gefa til kynna að kennarar nái betri árangri í kennslu þegar þeir styðja hver annan, vinna og læra saman.
- Langtímarannsóknir á skólum þar sem til er lærdómssamfélag hafa sýnt fram á aukinn árangur nemenda og starfsþróun kennara. Einn þáttur af fimm sem einkenna lærdómssamfélag er markviss og skipulögð teymisvinna/samvinna. Einkenni hennar er ígrundandi umræða sem leiðir til djúprar og stöðugar samræðu meðal kennara um námskrá, kennsluáðferðir og þroska nemenda. Hún dregur úr einangrun kennara og gerir kennsluna sýnilega til þess að auðvelda umræðu um hana í umbótaskyni. **Bolam o.fl.** benda á að teymisvinna stuðli að sjálfbærni þannig að þekking og færni haldist innan stofnunar og þróist með þá sameiginlegu sýn að leiðarljósi að bæta nám nemenda.
- Þegar Naustaskóli var stofnaður var horft sérstaklega til samstarfs eða samfellu Naustaskóla og Naustatjarnar. Á fyrsta starfsári Naustaskóla var hluti starfsemi Naustatjarnar hýst innan veggja hans og mötuneyti leikskólans nýtt fyrir Naustaskóla. Nú eru skólarnir með sameiginlegt mötuneyti sem er í nýju húsnaði Naustaskóla. Samstarf skólanna tveggja hefur þróast á farsælan hátt og ástæða til að ætla að það geti þróast enn frekar enda hafa skólastjórar beggja skólanna gefið út yfirlýsingu þess efnis.
 - Skólunum verður veitt ráðgjöf og stuðningur til að vinna að áframhaldandi þróun samstarfs skólanna.
 - Í upphafi verður áhersla lögð á að stjórnendur skólanna skoði möguleika á samnýtingu starfsmanna annarra en kennara.

- Í öðru lagi verði skoðað hvernig nýta megi húsnæði skólanna í þágu beggja.
- Í þriðja lagi er mikilvægt að skoða hvaða hugmyndir eða viðfangsefni skólarnir eiga sameiginleg og hvernig þeir geta unnið saman að þeim við að móta samfellt skólastarf.
- Lögð er áhersla á að stjórnendur leiði þetta starf á lýðræðislegan hátt en fái markvissan stuðning við að koma á umræðum, draga saman niðurstöður og móta sýn.

Rekstrarform skóla

- Áhersla er lögð á að skoða alltaf, þegar tækifæri gefast til, möguleika á öðrum rekstrarformum skóla en þeim að sveitarfélagið sinni honum. Þetta getur til dæmis komið til þegar nýr skóli hefur starfsemi eða mikil stjórnunarleg umskipti verða í skóla.

Leikskólar og dagforeldrar

- Gengið er út frá því að grunnvalartími í leikskóla verði 8 tímar á dag. Foreldrar geta keypt korter fyrir og eftir grunnvalartíma með 100% álagi. Auka má sveigjanleika enn frekar með því að bjóða foreldrum að greiða raunkostnað við að lengja dvalartíma um 15 - 30 mín. til viðbótar eftir kl. 16.15 með því skilyrði að 6 börn nýti þjónustuna að lágmarki.
- Við innritun í leikskóla er horft til kennitölu og lögheimilis þegar pláss eru boðin í mars. Börn sem eru með lögheimili á Akureyri ganga fyrir börnum sem ekki hafa lögheimili þar á þeim tíma sem þeim er boðið pláss.
- Gjaldskrá vegna vistunar er ákveðin fyrir hvert ár við gerð fjárhagsáætlunar á grundvelli þeirra forsendna sem fyrir liggja hverju sinni. Miðað er við að tekjur standi undir a.m.k. 22% af brúttókostnaði við rekstur leikskóla.
- Gjaldskrá vegna fæðis í leikskólum breytist árlega að jafnaði til samræmis við breytingu á vísitölu matarverðs og skal standa a.m.k. undir hráefniskostnaði.
- Veikindaafleysing ñ viðmiðið verður 7% af launakostnaði eitthvað áfram til afleysinga vegna veikinda. Skoða þarf reynslu af núverandi skipulagi og endurskoða m.t.t. niðurstaðna. Hugsanlega þarf að hafa innra skipulag leikskólans sveigjanlegra. Gert er ráð fyrir því að auka þetta hlutfall við fyrsta tækifæri í 8,33% og þá hugsanlega þannig að búinn sé til miðlægur launapottur vegna langtímaveikinda t.d. þegar fjarvera varir lengur en í mánuð. Greiðsla úr potti verður þá fyrir allt sem er umfram mánuð. Vinna þarf skipulega að því að draga úr fjarveru starfsmanna með öllum ráðum.
- Sumarlökun
 - Leikskólar vinna þetta skipulag sjálfir í samráði sín á milli og í samráði við foreldrasamfélag á hverjum stað. Lokað er í fjórar vikur samfellt.
- Starfsmannafundur í leikskólum ñ svigrúmið í dag er 48 klst. á dagvinnutíma sem er ígildi 6 daga og einn 4 tíma fundur utan skólatíma. Skipulag þessara daga í skóladagatali leikskólanna skal unnið í samráði við foreldraráð á hverjum stað og lagt fyrir skólanefnd til staðfestingar.

- Eitt af forgangsmálum skólanefndar er að fjölga fundum aftur ef svigrúm skapast til þess, t.d. um 4*2 yfirvinnutíma á starfsmann?
- Sérkennsla ñ frá 2012 hefur verið miðað við 18,5 stöðugildi til sérkennslu í alla leikskólana. Lögð er áhersla á að sinna börnum sem mest í sínum heimaskóla undir stjórn sérkennslustjóra sem hefur einnig það hlutverk að leiðbeina almennum leikskólakennurum og veita þeim ráðgjöf vegna barna með sérþarfir í þeirra umsjá.
- Fagmennska í leikskólum. Samkvæmt lögum skulu 2/3 hlutar starfsmanna í leikskóla vera með leikskólakennaramenntun. Áhersla er lögð á að manna skólana fagfólki eins og kostur er. Fjölbreytt flóra fagfólks gerir skólunum kleift að sinna hlutverki sínu betur.
- Leikskólar skulu að jafnaði vera fyrir 90 ñ 150 börn, samanber samþykkt skólanefndar og bæjarstjórnar.
- Lögð er áhersla á almennt listnám og sköpun í leikskólastarfi. Til að ýta undir það og efla verði haldin listahátíð skóla einu sinni á hverju skólaári.
- Skólalóðir bjóði upp á fjölbreytta hreyfingu sem reyni á sem flesta þætti. Áhersla er lögð á reglulega og skipulagða hreyfingu í dagsskipulagi.
- Dagforeldrar - Ungbarnaleikskóli
 - Með nýjum samningi við dagforeldra sem samþykktur var árið 2013 hefur verið búinn til skýrari rammi utan um þessa þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir meiriháttar breytingum á þessari þjónustu nema sem afleiðingu af styttingu grunnskólanáms og gildistöku laga um lengra fæðingarorlof.

Grunnskólar

- Grunnskólar eru/verði heildstæðir (1. ñ 10. bekk) með að jafnaði 450 ñ 500 nemendur.
- Í hverjum grunnskóla verði góð aðstaða og búnaður til að kenna allar námsgreinar sem kveðið er á um í aðalnámskrá að undanskildu sundi en aðstaða til sundkennslu verður ekki við hvern grunnskóla.
- Grunnskólar skulu vera staðsettir miðsvæðis í hverju íbúahverfi með aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur þar sem lögð er sérstök áhersla á öryggi þeirra. Draga skal sem mest úr þörf fyrir bílaumferð í kringum skólana.
 - Skoðað verði hvernig hægt sé að koma upp göngustrætó um hverfin á leið til skóla. Þetta verði gert með því að fá skólaliða og/eða foreldra til að ganga ákveðnar leiðir um hverfið til skóla og safna börnum með sér á leiðinni. Með þessu móti má auka á hreyfingu og skapa meira öryggi á leið barnanna í skólann.
- Skólalóðir bjóði upp á fjölbreytta hreyfingu sem reyni á sem flesta þætti í þroska barna.
- Fagmenntun starfsmanna ñ lögbundið er að leyfisbréf þarf til kennslu. Við þjálfun barna, sem eru með frávík, eru oft ráðnir þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og leikskólakennarar. Það er æskilegt að hafa fjölbreytta flóru fagmenntunar í skólum og eykur líkur á að hægt sé að greina ólíkar þarfir barna og mæta þeim. Það verður að vera faglegt mat skólastjórnar hvernig þjónusta við börn með frávík er mönnuð og geta þar komið til stuðningsfulltrúar í ákveðnum tilvikum.

- Skóli án aðgreiningar er lögbundinn. Til þess að gera slíkan skóla að veruleika þarf að leggja áherslu á samstarf kennara og sérfræðinga og teymiskennslu þar sem kennarar kenna saman. Æ Akureyri er lögð áhersla á að mæta öllum nemendum í heimaskóla. Sérdeild er þó starfrækt fyrir einhverf börn og önnur fyrir börn sem eru mikið líkamlega og vitsmunalega fötluð. Foreldrar barna sem falla undir viðmið þessara deilda eiga val um að börn þeirra fari í þessar deildir eða heimaskóla. Auk þessa er rekinn einn sérskóli, Hlíðarskóli, fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan aðlögunarvanda að stríða í heimaskóla eða umhverfi heimaskóla nær ekki að mæta þörfum nemanda. Skólavist í Hlíðarskóla er að jafnaði tímabundið úrræði.
- Vettvangsferðir. Áhersla er lögð á að skapa skólum tækifæri til að fara með nemendur í vettvangsferðir.
 - Þar er horft til þess að frítt er í strætó en einnig verður að veita skólum fjárhagslegt svigrúm þegar tækifæri gefst til lengri ferða með rútum.
 - Með samkomulagi við Hollvínafélag Húna II er öllum nemendum í 6. bekkjum grunnskólanna boðið að fara í siglingu þar sem fjallað er um lífríki sjávar og strandmenningu við Pollinn.
- Vetraríþróttir og skólastarf.
 - Lögð er áhersla á að efla og styrkja samstarf við Íþróttaráð, Hlíðarfjall, Skautafélag Akureyrar og Skíðafélag Akureyrar.
 - Áfram verði boðið upp á skautakennslu fyrir nemendur í 3. og 4. bekkjum hvers árs í samstarfi við Skautafélagið.
 - Skíðafélagið hefur í samstarfi við Hlíðarfjall boðið öllum nemendum í 4. bekk grunnskólanna á Akureyri kynningu á skíðaíþróttinni.
 - Áfram verði í samstarfi við Íþróttaráð og Hlíðarfjall farið með alla grunnskólanemendur á skíði í Hlíðarfjall einn dag á hverju skólaári.
- Valgreinar í 8. ñ 10. bekk. Áhersla er lögð á áframhaldandi samstarf skólanna um val á unglingastigi og lögð áhersla á að bjóða fjölbreytt val námsgreina sem taki mið af áhugasviðum nemenda.
- Skóladagurinn ñ skoðað verði hvað rannsóknir segja um upphaf og endi skóladags með hliðsjón af árangri nemenda. Þegar niðurstöður liggja fyrir verði fyrirkomulag skóladagsins í skólunum rætt í skólasamfélaginu.
- List- og verkgreinakennsla í grunnskólum verði efld. Til þess þarf m.a. að leggja skólunum til meira fjármagn en nú er.
 - Áhersla á frjálsa sköpun og skapandi hugsun
 - Áhersla á samstarf við listaskóla og listamenn
 - Áhersla á grunnþætti listkennslu samanber námskrá
 - Kenna um listir í gegnum listir
 - Áhersla á að nýta sem best efni úr nánasta umhverfi barnanna
 - Áhersla á fjölbreytt vinnubrögð
 - Áhersla á sveigjanleika í skipulagi skóla
 - Vinna gegn kynbundnum hlutverkum í list- og verkgreinum
 - Áhersla á umhverfis- og myndlæsi og boðskap í listum (auglýsingar ñ sjónvarpsefni)

- Listahátíð skóla einu sinni á ári ñ vinna í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki.
- Gjaldskrá frístundar ñ tekjur standi undir launakostnaði við almenna vistun á hverjum tíma.

Tónlistarskóli - Listaskóli

- Rætt hefur verið í skólanefnd hvort skynsamlegt sé að Tónlistarskólinn á Akureyri verði hluti Listaskóla á Akureyri þar sem kennd yrði tónlist, sviðslistir og sjónlistir. Þetta er þá hugsað þannig að umgjörð tónlistarnámsins breyttist ekki frá því sem nú er en aðrar listgreinar fengju betri umgjörð.
 - Lagt er til að komið verði á fót starfshópi sem meti kosti og galla við slíkt fyrirkomulag og leggi fram tillögu að fyrirkomulagi og skipulagi slíks skóla ef það er metið svo að það sé æskilegt.

Sérfræðipjónusta

- Samningur við HA ñ Miðstöð skólaþróunar um kennslu- og stjórnunarráðgjöf við skólana verði áfram í gildi en framkvæmdin endurskoðuð reglulega til að tryggja sem bestan árangur.
- Hlíðarskóli ñ Skipaður verði starfshópur til að meta og endurskoða þjónustu skólans sem sérskóla fyrir nemendur sem eiga erfitt með að aðlagast í sínum heimaskóla. Í þessu ferli verði metið hvort staðsetja eigi göngudeild skólans í Glerárgötu 26 með annarri sérfræðipjónustu sem þar er.
- Nýlega var lögð fram í skólanefnd skýrsla sem er afrakstur endurskoðunar á framkvæmd einstaklingsþjónustu við nemendur í grunnskólum. Þar koma fram fjölmargar tillögur að breytingum og aðlögun sem lagt er til að unnar verði áfram til að bæta þjónustu kerfisins enn frekar. Þessar tillögur snerta m.a.:
 - Skipulag
 - Staðsetningu verkefna
 - Námsráðgjafa ñ hlutverk og virkni
 - Skólahjúkrunarfræðinga og þjónustu þeirra
 - Fjölskyldumeðferð eins og hún er stunduð í Hlíðarskóla og PMT/PMTO
 - Fyrirbyggjandi aðgerðir ñ agastefnur ñ námskeið fyrir foreldra og nemendur.
- Innflytjendur ganga í sína heimaskóla og er kennt þar. Kennsluráðgjafi starfar á skóladeild sem sinnir innflytjendum í grunnskólum og kennurum þeirra sérstaklega.

3. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Fyrirsjáanlegar/líklegar breytingar á næstu 10 árum:

- Skapað verður svigrúm til að ráða mannauðsstjóra sem sinnir ráðgjöf til stjórnenda skóla vegna starfsmannamála. Þá getur mannauðsstjóri einnig sinnt ráðgjöf til starfsmanna skólanna.
- Allir starfsmenn leikskóla verði með aðgengi að spjaldtölvum til að nota í starfi sínu í leikskólanum ekki seinna en árið 2017.

- Horft verði til þess við staðsetningu nýrra leikskóla að þeir séu tengdir gangstígakerfi sem gerir foreldrum kleift að ganga í þá með börn sín. Staðsetning nálægt grunnskóla er æskileg, annars inni í íbúðahverfi aðeins frá aðalumferðaræðum hverfis.
- Spjaldtölvur - Stefnt er að því að allir grunnskólanemendur verði komnir með spjaldtölvur haustið 2017. Þetta verði gert í áföngum á þremur árum.
 - Námskeið og eftirfylgni verði skipulögð fyrir kennara.
 - Framkvæmdaáætlun verði unnin vegna spjaldtölvuvæðingar skólanna.
- Allir skólar uppfylli kröfur til að flagga grænfána.
 - Áhersla á útikennslu.
 - Skólar hafi aðgang að útikennslusvæði sem næst skólunum.
 - Samstarfi verði komið á við Norðurorku/Orkusetun um umhverfisfræðslu sem snýr að orkuöflun og nýtingu vatns.
- Kjarasamningar kennara n. gr. 2.1.2 í kjarasamningi varðandi vinnutímaskilgreiningu. Ef ekki næst samkomulag um breytingar á landsvísi er lagt til að teknir verði upp sersamningar eins og 2007 n. 2009. Gerð verði ný kostnaðargreining til viðmiðunar ef og þegar ákvörðun verður tekin.
- Lögð er áhersla á íþrótt-, lista- og tómstundaskóla (frístund). Þetta verði gert í samráði við Íþróttaráð og Samfélags- og mannréttindaráð. Fyrir liggur skýrsla starfshóps sem skólanefnd skipaði 2012.
 - Dvalartími verði skoðaður í samhengi við skipulag á heildstæðari þjónustu fyrir börn í bæjarfélaginu.
 - Fagmönnum verði skoðuð í samhengi við breytta þjónustu þ.e. íþrótt-, lista- og tómstundaskóla.

Kjarasamningar grunnskólakennara

Ef samningsmarkmið Sambands íslenskra sveitarfélaga ná fram að ganga færast vinnutími grunnskólakennara til samræmis við vinnutíma annarra háskólastétta. Hver kostnaðaraukinn verður vitum við ekki en gögn frá Danmörku sem Sambandið hefur verið með í umræðunni er á bilinu 14-20%.

Fjölgun nemenda í Tónlistarskólanum á Akureyri

- Aukið samstarf tónlistarskóla og grunnskóla
- Fleirum gefið tækifæri til að stunda nám í tónlist

Dagforeldrar - Ungbarnaleikskóli

- Með breytingu á lögum um fæðingarorlof nr. 143/2012 lengist fæðingarorlof í 12 mánuði í áföngum, en sú breyting tekur að fullu gildi árið 2016. Þetta er mikilvægt skref fyrir sveitarfélög og ekki síst börn og foreldra þeirra. Þessi breyting hefur mikil áhrif á rekstrarkostnað sveitarfélaga vegna barna sem eru hjá dagforeldrum nú. **Gildistöku þessarar breytingar var frestað við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014 en þá átti fæðingarorlofið að lengjast úr 9 í 10 mánuði.**
- Reiknaður hefur verið út kostnaður við hugsanlega stofnun ungbarnaleikskóla. (Ef tekið er mið af útreikningi Reykjavíkurborgar þá yrði kostnaður

Akureyrarbæjar allt að 600 milljónum á ári ef 98% barna frá 12 mánaða aldri væru á leikskóla.) Sé hinsvegar tekið mið af kostnaði við dvalargildi á leikskólanum Hólmasól, sem er tæplega 13 þús. kr. í júní 2013, er kostnaður vegna 150 barna (2 barngildi hvert) = 13.000 kr. * 300 barngildi * 8 vistunartímar * 11 mán. = 343.200 þús. kr. Þá á eftir að draga frá gjöld foreldra (nettó) sem eru áætluð um 4 m.kr. á mánuði í 11 mán. eða 44 m.kr. og bæta við kostnaði vegna húsaleigu og trygginga sem er áætluð um 50 m.kr. Niðurstaða samkvæmt þessum útreikningi er að **kostnaður við 150 barna ungarnaleikskóla sé um 350 m.kr. á verðlagi ársins 2013.** Árið 2013 greiðir bærinn um 100 milljónir til gæslu barna í heimahúsum. **Hér er því um verulegan viðbótarkostnað að ræða.**

4. Staða málaflokksins

Mælikvarðar eru teknir fyrir grunnskólann úr Skólavoginni

Mælikvarðar	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Rekstur											
Fjöldi nem. á starfsm. við kennslu	10,4										
Fjöldi nem. á hvern kennara	12,4										
Fjöldi nem. á hverja stjórnunarst	122,5										
Fjöldi nem. á hvern alm. starfsm.	20,1										
Hlutf. starfsm. við kennslu m. rétt	97,5%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Árlegur launakostnaður á nem	802										
Árlegur kostnaður nettó á nem	1110										
Innri húsaleiga á nem	279										
Hlutfall grunnskólakost. af skattt	29,2%										
Nemendur											
Virkni											
Ánægja af lestri	5,3	5									
Þrautseigja í námi	5,1	5,3									
Trú á eigin námsgetu	4,5	4,7									
Liðan											
Sjálfsálit	4,9	4,8									
Vellíðan		5									
Einelti	4,9	5,3									
Skóla og bekkjarandi											
Samband nem við kennara	5,8	5,6									
Agi í tímum	5,3	5,3									
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,8	5,5									

5. Mannvirki

Hér að neðan eru nefnd helstu atriði er snúa að húsnæðisþörf næstu tíu árin að mati skólanefndar:

- Lagt er til að byggður verði leikskóli á lóð vestan Síðuskóla og starfsemi Krógabóls flutt þangað. Leigusamningur Krógabóls í Gleráarkirkju er í gildi til 2021.
- Horft er til möguleika á að byggt verði við Hulduheima - Sel og Lundarsel. Lóðir beggja skólanna leyfa stækkun ef þurfa þykir.
- Byggt verði við neðra húsið í Pálmholti og starfsemi í efra húsi (gamla Pálmholt) lögð niður.
- Sunnuból er starfrækt í leiguhúsnæði. Lagt til að leigusamningur verði ekki framlengdur og starfsemin flutt í nýjan leikskóla í Naustahverfi 2017.
- Miðað við íbúasamsetningu vantar nú þegar rými fyrir 20 börn í Naustahverfi í Naustatjörn og 50 börn eru núna í húsnæði Naustaskóla. Ef bjóða á foreldrum leikskólavist í sínu hverfi þarf að byggja leikskóla í Naustahverfi ekki seinna en 2017. Þá rennur einnig út leigusamningur á Sunnubóli og er reiknað með að færa leikskólarými þaðan í Naustahverfi.
- Önnur leið til lausnar í Naustahverfi er að byggja við Naustatjörn rými fyrir 40 ñ 50 börn fyrir árið 2017 og gæti sú bygging komið á milli Naustaskóla og Naustatjarnar þannig að byggingar skóla verði samtengdar og innangengt á milli.
- Skoða þarf hugsanlegar lausnir vegna leikskólarýma í Glerárhverfi, t.d. byggja nýjan 120 barna leikskóla á lóð Glerárskóla. Taka þarf samning við Hvítasunnusöfnuðinn um rekstur leikskólans Hlíðarbóls til endurskoðunar. Skólinn uppfyllir t.d. ekki stærðarviðmið um leikskóla.
- Ef grunnskólinn verður stytur um eitt ár skapast rými fyrir 5 ára börn í grunnskólahúsnæðinu og þá opnast nýir möguleikar. Mögulegt verður þá að innrita eins árs gömul börn í leikskóla án þess að bæta við húsnæði leikskóla og þá gæti verið möguleg lausn í Naustahverfi að byggja eina deild við Naustatjörn.

6. Þróun helstu magntalna

		<i>Spá</i>	<i>Spá</i>	<i>Spá</i>	<i>Spá</i>
	2013	2014	2017	2020	2023
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla	13	13	13	13	13
Leikskólar Akureyrarbæjar	9	9			
Sjálfstætt starfandi leikskólar	2	2			
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2	2			
Fjöldi dagforeldra	41	37	20	20	20
Fjöldi grunnskóla	10	10	10	10	10
Grunnskólar	7	7			
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2	2			
Sérskólar	1	1			
Frístund í grunnskólunum	7	7	7	7	7
Fjöldi tónlistarskóla	1	1	1	1	1
Barnið, nemandinn					
Fjöldi barna í leikskólum	1.091	1.091	1.165	1.165	1.165
Leikskólar Akureyrarbæjar (og deildir)	895				
Sjálfstætt starfandi leikskólar	196				
Fjöldi sérkennslubarna í leikskólum	46				
Fjöldi sérkennslubarna í 1. flokki	7				
Fjöldi sérkennslubarna í 2. flokki	21				
Fjöldi sérkennslubarna í 3. flokki	18				
Fjöldi dvalarstunda í leikskólum	8.685				
Leikskólar Akureyrarbæjar (og deildir)	7.028				
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.657				
Meðal dvalartími barns á dag (klst)	7,91				
Fjöldi barna eftir aldri í leikskólunum	1091				
5 ára	251				
4 ára	258				
3 ára	301				
2 ára	226				
1 árs	55				
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	168	160	85	85	85
Grunnskólar/sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	2.635	2.592	2.626	2.630	2.633
Fjöldi nemenda í sérdeildum (þar af)	14	14	14	14	14
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn (þar af)	21	20	20	20	20
Sérkennsla í grunnskólum					
Fjöldi nemenda með greiningu (spá um 10% nemenda)	253	259	263	263	263
Fjöldi nemenda með fötlunargreiningu	51				
Fjöldi nem með fötlunargreiningu - flokkur 1	33				

Fjöldi nem með fötlunargreiningu - flokkur 2	18				
Fjöldi nemenda með aðra greiningu	116				
Fjöldi nemenda með ADHD	86				
Fjöldi nemenda með ísl sem annað tungumál *	79	78			
Fæðissala í grunnskólum á ári					
Fjöldi seldra máltíða til nemenda í grunnskólunum	374.832				
Hlutfall nemenda í mat - samtals (okt ár hvert)	83,7%				
Hlutfall nemenda í mat í 1. - 4. bekk (okt. ár hvert)	91,8%				
Hlutfall nemenda í mat í 5. -7. bekk (okt. ár hvert)	83,0%				
Hlutfall nemenda í mat í 8. - 10. bekk (okt ár hvert)	74,2%				
Frístund í grunnskólum					
Fjöldi nemenda í 1. - 4. bekk	1.041	1.049	1.064	1.013	1.060
Fjöldi nemenda í frístund	456	459	466	444	464
Hlutfall nemenda í frístund (samtals)	43,8%	43,8%	43,8%	43,8%	43,8%
Hlutfall nemenda í 1. bekk í frístund (okt)	75,6%				
Hlutfall nemenda í 2. bekk í frístund (okt)	61,6%				
Hlutfall nemenda í 3. bekk í frístund (okt)	27,9%				
Hlutfall nemenda í 4. bekk í frístund (okt)	12,7%				
Fjöldi vistunartíma á ári (klst)	131.355	132.352	134.245	127.810	133.740
Fjöldi vistunartíma á barn á ári (klst)	288	288	288	288	288
Fjöldi nemenda í Tónlistarskólanum	380	0	0	0	0
Fjöldi nemenda á áfangabraut	324				
Fjöldi nemenda á suzukibraut	56				
Skipting nemenda TA í grunn-, mið- og framhaldsnám					
Nemendur í grunnnámi á hljóðfæri (haust)	248				
Nemendur í miðnámi á hljóðfæri (haust)	61				
Nemendur í framhaldsnámi á hljóðfæri (haust)	26				
Nemendur í grunnnámi í söng (haust)	21				
Nemendur í miðnámi í söng (haust)	18				
Nemendur í framhaldsnámi í söng (haust)	10				
Mannauður					
Stöðugildi alls í leikskólum	257,82	257,82	257,82	257,82	257,82
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda	122,92	122,92	122,92	122,92	122,92
Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun	25,11	25,11	25,11	25,11	25,11
Stöðugildi leiðbeinenda	34,23	34,23	34,23	34,23	34,23
Stöðugildi annars starfsfólks	58,30	58,30	58,30	58,30	58,30
Stöðugildi í sérkennslu	17,26	17,26	17,26	17,26	17,26
Stöðugildi í langtímaveikindum (sept-okt)	6,875				
Veikindadagar á ári	6.815				
Fjöldi stjórnenda í leikskólum Akureyrarbæjar					
Fjöldi leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra	22	22	22	22	22
Fjöldi stöðugilda deildarstjóra	47	47	47	47	47
Hlutfall fagmenntaðra í deildarstarfi	79,5%	79,5%	79,5%	79,5%	79,5%
Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum	59,3%	59,3%	59,3%	59,3%	59,3%

Stöðugildi alls í grunnskólum	405,2	401,2	401,2	401,2	401,2
Stöðugildi skóla- og aðstoðarskólastjóra	15,09	15,09	15,09	15,09	15,09
Stöðugildi deildarstjóra	6,68	7,05	7,05	7,05	7,05
Stöðugildi grunnskólakennara	246,2	241,5	241,5	241,5	241,5
Námsráðgjafar (auk 2ja fjölskylduráðgjafa í sérskóla)	6,95	7,15	7,15	7,15	7,15
Stöðugildi á bókasafni	6,6	6,6	6,6	6,6	6,6
Stöðugildi ritara	6,6	6,6	6,6	6,6	6,6
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	24,32	24,84	24,84	24,84	24,84
Stöðugildi skólaliða (blönduð störf)	51,8	51,45	51,45	51,45	51,45
Stöðugildi í frístund	16,41	16,5	16,5	16,5	16,5
Stöðugildi matráða og aðstoðarmatráða	17,45	17,27	17,27	17,27	17,27
Stöðugildi húsvarða	7,15	7,15	7,15	7,15	7,15
Stöðugildi í langtímaveikindum (sept-okt)	5,708				
Veikindadagar á ári	6.906				
Stöðugildi alls á skrifstofu skóladeildar					
Fjöldi stöðugilda	7,9	7,9	7,9	7,9	7,9
Rekstur og helstu magntölur					
Leikskólar - Helstu kostnaðartölur á verðlagi hvers árs					
Brúttókostn. leikskóla, án einkarekinnna skóla (þús.kr.)	1.504.298	1.543.825	1.739.375	1.739.375	1.739.375
Hlutfall tekna af brúttókostn. (án einkarekinnna skóla)	21,7%	21,3%	22%	22%	22%
Kostnaður leikskóla nettó (þús. kr.)	1.428.904	1.473.855	1.567.974	1.567.974	1.567.974
Kostnaður pr. barn á ári (þús. kr.)	1.310	1.351	1.346	1.346	1.346
Kostnaður foreldra pr. barn á ári (þús kr.)	299	302	321	321	321
Grunnskólar - Helstu kostnaðartölur á verðlagi hvers árs					
Fjöldi alm. kennslustunda	5.050	4.903	4.977	5.046	5.052
Fjöldi sérkennslustunda	1.318	1.335	1.353	1.379	1.396
Heildarrekstrarkostnaður grunnskóla í þús. kr.	3.088.996	3.214.217			
Kostnaður pr. kennslustund	485.081	515.264			
Kostnaður pr. nemanda	1.172.294	1.240.053			
Tónlistarskóli - Helstu kostnaðartölur á verðl. hvers árs					
Fjöldi kennslustunda pr. skólaár	18.677	18.184	18.184	18.184	18.184
Fjöldi vikna í skólaári	34,4	34,4	34,4	34,4	34,4
Fjöldi kennslustunda á viku	543	529	529	529	529
Heildarrekstrarkostnaður í þús. kr.	208.251	206.301			
Launakostnaður í þús.kr.	186.626	189.122			
Annar rekstarkostnaður í þús.kr.	88.989	86.729			
Skólagjöld	33.587	36.000			
Hlutfall skólagjalda af öðrum rekstrarkostnaði	37,7%	41,5%	41,5%	41,5%	41,5%
Kennslukostnaður (laun) á kennslustund (þús.kr.)	344	358			
Nettó kostnaður á kennslustund (þús.kr.)	384	390			
Kostnaður á nemanda (þús.kr.)	548				

7. Kostnaðarmat

Viðbótarkostnaður næstu tíu ár - hugmynd 1

	2015	2018	2021	2023	
Grunnskólar:	114.000.000	170.200.000	195.700.000	197.800.000	73.259
Námsráðgjafar	9.500.000	9.500.000	9.500.000	9.500.000	
Kennsla (fjölgun nemenda)	6.500.000	39.700.000	52.400.000	50.800.000	
Kennsluafsláttur	6.000.000	21.500.000	34.300.000	38.000.000	
Tölvuumsjón	20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000	
Naustaskóli		17.500.000	17.500.000	17.500.000	
Spjaldtölvur og innleiðing	55.000.000	45.000.000	45.000.000	45.000.000	
Vettvangsferðir	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	
Aðkeypt þjónusta	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	
Aukið svigrúm, aðrir liðir	10.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000	
Leikskólar:	13.000.000	114.500.000	114.500.000	114.500.000	99.565
Pálmholt viðbygging		2.500.000	2.500.000	2.500.000	
Nýr leikskóli í Naustahverfi 140		191.000.000	191.000.000	191.000.000	40 rýma fjölgun
Rekstri Sunnubóls hætt 60		-77.000.000	-77.000.000	-77.000.000	
Fækkun á Naustatjörn 40		-40.000.000	-40.000.000	-40.000.000	
Spjaldtölvur og innleiðing	8.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	
Fjölgun funda utan dagvinnu		4.000.000	4.000.000	4.000.000	
Aukið svigrúm, aðrir liðir	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	
Leikskóli við Glerárskóla 120		150.000.000	150.000.000	150.000.000	34 rýma fjölgun
Fækkun rýma 76		-90.000.000	-90.000.000	-90.000.000	
Dagforeldrar - fækkun barna um helming		-40.000.000	-40.000.000	-40.000.000	
Samtals:	127.000.000	284.700.000	310.200.000	312.300.000	81.117

Hér er alltaf um að ræða viðbót við það sem áætlað er í fjárhagsáætlun 2014. Þetta eru hugmyndir sem eru settar fram til að hægt sé að glöggva sig á þeim fjárhagsupphæðum sem talið er að langtímaáætlunin geti leitt af sér.

Rétt er að benda á að þær tillögur sem hér eru settar fram fyrir leikskólana gera ráð fyrir 40 rýma fjölgun í Naustahverfi og 34 rýma fjölgun í Glerárhverfi.

Ef aðrar leiðir verða valdar má reikna með minni tilkostnaði og færri viðbótarýmum. Það hefði hins vegar áhrif á fjölda eins árs barna í leikskólum og þar af leiðandi hjá dagforeldrum.

Viðbótarkostnaður næstu tíu ár - hugmynd 2

	2015	2018	2021	2023	
Grunnskólar:	114.000.000	170.200.000	195.700.000	197.800.000	73.259
Námsráðgjafar	9.500.000	9.500.000	9.500.000	9.500.000	
Kennsla (fjölgun nemenda)	6.500.000	39.700.000	52.400.000	50.800.000	
Kennsluafsláttur	6.000.000	21.500.000	34.300.000	38.000.000	
Tölvuumsjón	20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000	
Naustaskóli		17.500.000	17.500.000	17.500.000	
Spjaldtölvur og innleiðing	55.000.000	45.000.000	45.000.000	45.000.000	
Vettvangsferðir	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	
Aðkeypt þjónusta	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	
Aukið svigrúm, aðrir liðir	10.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000	
Leikskólar:	13.000.000	70.500.000	70.500.000	70.500.000	61.304
Pálmholt viðbygging		2.500.000	2.500.000	2.500.000	
Stækkun Naustatjarnar 20		30.000.000	30.000.000	30.000.000	20 rýma fjölgun
Rekstri Sunnubóls hætt 60		-77.000.000	-77.000.000	-77.000.000	60 rýma fækkun
Viðbygging við Hulduh. Sel 40		55.000.000	55.000.000	55.000.000	40 rýma fjölgun
Spjaldtölvur og innleiðing	8.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	
Fjölgun funda utan dagvinnu		4.000.000	4.000.000	4.000.000	
Aukið svigrúm, aðrir liðir	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	
Leikskóli við Glerárskóla 120		150.000.000	150.000.000	150.000.000	34 rýma fjölgun
Fækkun um 86 rými		-88.000.000	-88.000.000	-88.000.000	
Dagforeldrar - fækkun barna um fjórðung		-20.000.000	-20.000.000	-20.000.000	
Samtals:	127.000.000	240.700.000	266.200.000	268.300.000	69.688

Hér er alltaf um að ræða viðbót við það sem áætlað er í fjárhagsáætlun 2014.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa er skrifstofa atvinnu-, ferða-, menningar-, markaðs- og kynningarmála hjá Akureyrarbæ. Þjónusta sú sem veitt er á vegum Akureyrarstofu nær til allra aldurshópa þó að samfélags og mannréttindadeild komi sterk inn í menningarstarf ungs fólks.

Ef horft er til **menningarmála** sérstaklega felur aukinn íbúafjöldi fyrst og fremst í sér *tækifæri fyrir þau*. Fólksfjölgun gefur menningastarfi möguleika til vaxtar vegna stærri markaðar án þess að endilega þurfi að koma til aukin opinber framlög. Eigi að halda í þau meginverkefni og markmið sem Akureyrarbær hefur sett sér sem menningarbær er óraunhæft að draga úr opinberum framlögum. *Mögulegt markmið er að geirinn fjármagni sjálfur ný verkefni* og breytingar sem valda auknum kostnaði, umfram verðbætur vegna verðlagsþróunar. Rétt er þó að hafa í huga þróun framlaga til annarra verkefna en menningarhússins Hofs undanfarin ár en fjallað er um hana í lokakafla þessarar samantektar. Framlögín hafa dregist mikið saman ef tekið er mið af verðlagsþróun.

Vegna áberandi fjölgunar íbúa í elsta aldurshópnum er hugsanlegt að taka þurfi sérstakt tillit til þarfa þess hóps þegar þjónusta og tilboð eru þróuð en ekki sjálfgefið að það kosti endilega aukin framlög að hálfu hins opinbera.

Ef horft er til **atvinnumála** og þeirra verkefna sem þeim fylgja þá má segja að auðveldara sé að ákvarða umfang frá ári til árs. Aukinn íbúafjöldi kallar heldur ekki sjálfkrafa á aukin útgjöld í þessum málaflokki, aukinn íbúafjöldi sem er tilkominn vegna áberandi aukinna umsvifa í atvinnulífinu gæti þvert á móti verið vísbending um að óhætt sé að draga úr eða í.þ.m. að ekki sé ástæða til aukinna framlaga að hálfu sveitarfélagsins.

Ef horft er til **ferða-, markaðs- og kynningarmála** þá er óraunhæft að ætla að draga megi úr framlögum til þeirra verkefna þar sem samkeppni um íbúa og gesti við önnur svæði lýkur aldrei. Akureyrarbær mun væntanlega aldrei leggja af kynningarstarf á sínum vegum og á þar sameiginlega hagsmuni með aðilum í ferðaþjónustu og þeim sem framleiða minni og stærri viðburði af ýmsu tagi. Á næstu árum þarf að herða róðurinn í markaðssetningu á Akureyri sem áfangastað fyrir fundi og ráðstefnur. Leggja þarf vinnu og fjármuni í að gera að veruleika möguleika sem búa í Hrísey og Grímsey sem áfangastöðum.

Rétt er jafnframt að gera ráð fyrir að einstök ár eða árabíl þurfi tímabundið auknar fjárveitingar vegna markaðsátaka eða endurskilgreiningu á ímynd sveitarfélagsins hvort heldur sem er á íbúa-, gesta- eða fyrirtækjamarkaði.

Hugsanlegt er að bæjayfirvöld vilji á tímabilinu standa fyrir sérstöku átaki í markaðssetningu á bænum sem ákjósanlegum búsetukosti fyrir fólk á barneignaraldri í ljósi þess að mannfjöldaspáin bendir til þess að hlutfallslega fjölgi mest í elsta aldurshópnum.

1. Menningarmál

Meginmarkmið Menningarstefnu Akureyrarbæjar eru í grunninn skýr og einföld: að styðja við menningu þannig að hún blómstri, þroskist og komi sífellt á óvart. Að ætíð sé unnið út frá þremur stefnum sem eru **samvinna, metnaður og fjölbreytni**. Til menningarmála skv. stefnu þessari heyra þær stofnanir sem sinna menningarstarfi ýmist reknar beint af Akureyrarbæ eða með stuðningi hans. Til málaflokksins heyrir einnig samstarf við félög og einstaklinga um viðburði og sköpun af fjölbreytilegum toga. Það er hlutverk bæjarstjórnar Akureyrar með stuðningi ríkisins að vera ákveðin kjölfesta, leggja hönd á plóg við frumsköpun og frumkvæði, styðja bæði listafólk og þá sem njóta lista og gegna menningarstofnanir bæjarins með skýr skilgreind lykilhlutverki í þeim efnum.

Úr menningarstefnu Akureyrarbæjar

Helstu stofnanir Akureyrarbæjar

Amtsbókasafnið

Amtsbókasafnið á að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna. Þjónusta safnsins skal ná til þeirra allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Amtsbókasafnið á að auðga skilning á íslenskri tungu, bókmenntum og menningararfi, hvetja til lesturs, styðja nám og símenntun.

Um hlutverk og stefnu safnsins:

<http://www.akureyri.is/amtsbokasafn/thjonusta/stefna-amtsbokasafnsins>

Héraðsskjalasafnið

Hlutverk Héraðsskjalasafnsins á Akureyri er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra heimilda um starfsemi og sögu héraðsins til notkunar fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra svo og fyrir einstaklinga.

Um hlutverk og stefnu safnsins: http://www.herak.is/page/um_safnid_hlutverk
Samþykkt: http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/samthykkt-fyrir-heradsskjalasafnid-a-akureyri.pdf

Sjónlistamiðstöðin

Hlutverk Sjónlistamiðstöðvarinnar er að kynna sjónlistir og miðla þekkingu á þeim, bæði á sviði myndlistar og hönnunnar. Þá stendur miðstöðin fyrir margvíslegum viðburðum sem hafa það að markmiði að hlutverk hennar nái fram að ganga. Hlutverk Listasafnsins á Akureyri er að safna, varðveita, skrá og rannsaka listaverkasafn Akureyrarbæjar og standa fyrir sýningum á sjónlistum af innlendum og erlendum uppruna.

(Úr samþykkt fyrir Sjónlistamiðstöðina – í endurskoðun)

Núgildandi samþykkt fyrir Listasafnið á Akureyri:

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/samthykkt-fyrir-listasafnid-a-akureyri>

Sjálfseignarstofnanir og félög sem styrkt eru af Akureyrarbæ

Minjasafnið á Akureyri

Markmið Minjasafnsins er að safna, varðveita og rannsaka menningarsögulegar minjar, einkum þær sem eru lýsandi fyrir daglegt líf og atvinnuvegi í Eyjafirði. Safninu ber í sýningum sínum að gefa góða innsýn í sögu og menningu héraðsins og skal veita almenningi og skólanemendum í héraðinu fræðslu. Safnið er sjálfseignarstofnun og rekið sameiginlega af sveitarfélögunum í Eyjafirði. Nánar um starfsemi Minjasafnsins: <http://www.akmus.is>

Leikfélag Akureyrar

Leikfélagið rekur eina atvinnuleikhús landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Það er rekið með stuðningi Akureyrarbæjar á grunni samnings við Menntamálaráðuneytið. Atvinnuleikhús hefur félagið rekið frá árinu 1973.

Nánar um starfsemi LA: <http://www.leikfelag.is>

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Hljómsveitin er sjálfseignarstofnun og er rekin með stuðningi Akureyrarbæjar á grunni samstarfssamnings bæjarins og Menntamálaráðuneytisins. Markmið hljómsveitarinnar er að stuðla með tónleikahaldi að auknu tónlistarlífi og menningarstarfsemi á Norðurlandi, eins og segir í samþykkt. Að auki hefur hljómsveitin markað sér þá sérstöðu að vera sinfóníuhljómsveit landsbyggðarinnar.

Nánar um starfsemi hljómsveitarinnar: <http://sinfonianord.is/>

Menningarfélagið Hof

Félagið er sjálfseignarstofnun og annast rekstur menningarhússins Hofs með stuðningi frá Akureyrarbæ. Meginmarkmið með rekstri hússins er að skapa eftirsóknarverðan vettvang fyrir tónlistar- og menningarlíf ásamt ráðstefnu- og sýningarhaldi á Norðurlandi, styrkja ímynd Akureyrar sem ferðamannastaðar með fyrsta flokks aðstöðu í einstöku húsi og skapa metnaðarfulla aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk Tónlistarskólans og umhverfi sem styður við starfsemi hans og frekari þróun.

Nánar um félagið: <http://www.menningarfelag.is>

Menningarráð Eyþings

Ráðið er starfrækt á grundvelli samnings sveitarfélaganna í Eyþingi við ríkið um eflingu menningarstarfs á svæðinu. Samningsaðilar leggja fé til samstarfsins sem svo er úthlutað í formi styrkja til afmarkaðra verkefna á sviði menningar og lista í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni, verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og verkefna sem hafi það hlutverk að skilgreina menningarsögulegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða.

Nánar um ráðið: <http://www.eything.is/menningarrad/um-menningarrad>

Menningarsjóður Akureyrar

Sjóðurinn er fjármagnaður af fjárhagsáætlun hvers árs og stjórn Akureyrarstofu úthlutar úr honum árlega. Nokkur hluti styrkja er bundinn í samningum við félög, kóra og ýmsa aðila úr menningarlífinu. Starfslaun listamanna eru einnig fjármögnuð af sjóðnum.

Reglur sjóðsins:

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/reglugerd-fyrir-menningarsjod-akureyrar.-1>

Samþykkt um starfslaun listamanna:

<http://www.akureyri.is/is/moya/page/samthykkt-um-starfslaun-listamanna-1>

Um samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Akureyrarbær og menntamálaráðuneytið hafa síðan á árinu 1997 gert með sér samninga um stuðning þess síðarnefnda við menningarstarf á Akureyri. Meginverkefni samningsins eru að efla starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Sjónlistarmiðstöðvarinnar á Akureyri, starfsemi atvinnuleikhúss á Akureyri og stuðla að því að Menningarhúsið Hof geti með öflugum hætti rækt það hlutverk sitt að vera eftirsóknarverður vettvangur fyrir listviðburði af landinu öllu og þjóni öllum Norðlendingum, jafnt framleiðendum listviðburða, listamönnum og gestum.

Sjá samninginn:

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/mrn-og-akbaer-2013-2015.pdf

2. Atvinnumál

Framtíðarsýn: Árið 2021 hafi atvinnulíf sveitarfélagsins stuðlað að bættri samkeppnishæfni, framförum og þróun vegna aukinnar þekkingar og herra menntunarstigs. fjölbreytt menning sveitarfélagsins skapi líflegan bæjarbrag sem laði að bæði íbúa og gesti. Öflugir innviðir bæjarfélagsins hvetji atvinnulífið til dáða. (Úr atvinnustefnu Akureyrar 2014-20121)

Akureyrarstofa

Meginhlutverk sveitarfélagsins í atvinnumálum er veita góða grunnþjónustu og skapa sem bestan jarðveg fyrir atvinnurekstur. Sveitarfélagið sér til þess að grunnþjónusta og þættir hennar þróist í takt við vöxt samfélagsins og þróun atvinnulífsins, s.s. skipulag, samgöngur, rafmagn, vatns-, gagna- og fráveitur o.s.frv. Að þessu verkefni koma fjöldamargir aðilar innan bæjarkerfisins.

Akureyrarstofa fer með **atvinnumál** fyrir hönd Akureyrarbæjar og annast sérhæfð hlutverk í öflun upplýsinga um atvinnulífið og mun þjóna atvinnumálaráði sem hefur þann megin tilgang að afla gagna og þekkingar og miðla skipulega. Þá er markaðshlutverk Akureyrarstofu nýtt til að koma kostum Akureyrar á framfæri til að styrkja ímynd bæjarins sem búsetukost og vettvangur til athafna.

Sjá atvinnustefnu:

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/atvinnustefna_ak_2014-2021_baeklingur.pdf

Akureyrarstofa fer með málaflokkinn **ferðamál** fyrir hönd Akureyrarbæjar og stærsta hlutverkið er fólgið í upplýsingagjöf í víðasta skilningi, allt frá rekstri upplýsingamiðstöðvar og útgáfu upplýsingabæklinga yfir til merkinga leiða og athyglisverðra staða. Akureyrarstofa heldur úti ferðamannavefnum www.visitakureyri.is. Akureyrarbær styður við ferðaþjónustu m.a. vegna þess að gestir og ferðamenn flytja með sér kaupmátt sinn og styrkja þannig efnahag svæðisins, þeir bæta nýtingu fjárfestinga, bæði einkaaðila og opinberra. Upplýsingagjöf og markaðsstarf eru ómissandi stoðir góðrar ferðaþjónustu. Akureyrarstofa kemur sterk inn í upplýsingagjöf og markaðsstarf og þjónar þar með hagsmunum ferðaþjónustunnar og samfélagsins í senn.

Markaðs- og kynningarmál eru því í raun miðjan eða sá málaflokkur sem Almiró saman verkefni Akureyrarstofu í menningar-, ferða-, og atvinnumálum. Akureyrarstofa heldur utan

um rekstur www.akureyri.is sem er í senn opinber upplýsingavefur sveitarfélagsins og markaðstæki. Akureyrarstofa heldur líka úti markaðsstarfi í fjölmiðlum með auglýsingum, á samfélagsmiðlum og stýrir markaðsátökum í samstarfi við hagsmunaaðila.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er byggðasamlag sjö sveitarfélaga við Eyjafjörð. AFE er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Eyjafjarðarsvæðinu með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, efla hagvöxt, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem í boði eru, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og tækifæri og efla Eyjafjörð sem eftirsóttan valkost til búsetu. Akureyrarstofa er tengiliður við félagið.

Nánar um hlutverk félagsins: <http://www.afe.is/is/um-afe>

Markaðsstofa Norðurlands

hefur starfað frá árinu 2003 en skrifstofan er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum. Helsta hlutverk MN er að samræma markaðs- og kynningarmál norðlenskrar ferðaþjónustu gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum. Akureyrarstofa er tengiliður við skrifstofuna.

Nánar um starfsemi skrifstofunnar hér:

http://www.nordurland.is/media/PDF/Supufundir_okt_2012.pdf

3. Lagarammi

Þau lög sem varða starfsemi á vegum stjórnar Akureyrarstofu eru:

Bókasafnslög

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.150.html>

Lög um skilduskýl til safna

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2002020.html>

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands

<http://www.althingi.is/lagas/140b/1985066.html>

Safnalög

<http://www.althingi.is/lagas/140a/2011141.html>

Leiklistarlög

<http://www.althingi.is/lagas/140b/1998138.html>

Samkeppnislög

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2005044.html>

Sveitarstjórnarlög (sérstaklega um bann við ábyrgðum til þriðja aðila)

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html>

Samandregið eru lögbundin verkefni sveitarfélagsins skv. ofantöldu þessi:

Rekstur almenningubókasafns og skylduskilasafns eru einu lögbundnu verkefni sem tilheyir málaflokki menningarmála.

Í atvinnumálum sem slíkum eru engin lögbundin verkefni en fjöldamargir málaflokkar, sem snerta atvinnulífið beint, eru lögbundnir og má sem dæmi nefna skipulagsmál, byggingareftirlit, heilbrigðiseftirlit og eldvarnareftirlit.

Auk laga hefur verið unnin opinber stefnumótun sem snertir málaflokka stjórnar Akureyrarstofu og er það metnaðarmál hennar að fylgja henni eftir sem best:

- Menningarstefna íslenska ríkisins
http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/CE6CC1A65D1994F000257B5100411B0F/Attachment/menningarstefna_2013.pdf
- Ísland 2020 ñ sóknaráætlun
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>

Lagabreytingar sem liggja fyrir

Von er á nýjum lögum um Þjóðskjalasafn og þar með hlutverk og skyldur héraðsskjalasafna

4. Stefna málaflokkana

Samþykkt stefnumörkun fyrir málaflokka stjórnar Akureyrarstofu:

Menningarstefna:

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/menningarstefna-akureyrbaejar-2014.pdf

Atvinnustefna:

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/atvinnustefna_ak_2014-2021_baeklingur.pdf

Auk þessara stefna eru stefnur sem Akureyrbær hefur samþykkt og liggja þvert á málaflokka.

5. Framtíðarsýn fyrir málaflokkana

5.1. Fyrirsjáanlegar/líklegar breytingar

Menningarmál:

Samstarfssamningur við ríkið:

Ekki er óhætt að ganga út frá því að veigamiklar breytingar verði en Akureyrbær hefur margsinnis farið fram á að framlög til samningsins verði hækkuð (sjá næsta kafla).

Amtsbókasafnið:

Ekki eru fyrirsjáanlegar verulegar breytingar á starfseminni. Vangaveltur eru um hvaða áhrif rafvæðing bóka geti haft í för með sér en engin víska er um þau efni. Sé litið 10 ár aftur í tímann kemur í ljós að ekki hefur orðið samdráttur í útgáfu bóka á pappír nema síður sé. Almennir hefur þróun á almenningubókasöfnum verið sú að minni áhersla er á safnkostinn en meiri á kynningu á honum og þjónustu. Um prentskilahlutverk safnsins er fjallað í næsta kafla.

Héraðsskjalasafnið:

Líklegt er að Héraðsskjalasafnið þurfi að laga sig að þeim veruleika að æ stærri hluti skjala og gagna sem varðveita þarf eru á tölvutæku formi. Eitt að því sem máli skiptir í þessu samhengi er hvort rafræn skjöl verða umbreytt og vistuð á einum stað á landinu eða hvort því hlutverki verður sinnt miðlægt. Til þess gæti þurft fjárfestingu í tækjum sem teldist veruleg m.v. rekstrarlegt umfang safnsins. Að 10 árum loknum er líklegt að safnið þurfi á frekari geymslum að halda og undirbúningur hefjist í lok tímabilsins.

Sjónlistamiðstöðin:

Nauðsynlegt er fara í verulegt viðhald á húsnæði Listasafnsins (Samlagsins) og í kjölfarið verði efsta hæð þess tekin í notkun fyrir safnið. Hún hefur hingað til þjónað sem pláss fyrir vinnustofur listamanna. Líklegt er að endurbæturnar komi fram í aukinni húsaleigu en lagt er upp með að leitað verði hagkvæmra lausna og að húsnæðið fái að halda hráleika sínum. Ákveðið hefur verið að bjóða Deigluna til sölu og mögulega gestavinnustofuna sem liggur við hlið hennar.

Minjasafnið á Akureyri:

Líklegt er að hlutverk Minjasafnsins í safnageiranum á Akureyri og nágrenni muni stækka. Þannig verði það höfuðsafn sem fær formlega það hlutverk að vera leiðandi í héraði. Líklegt er að Minjasafnið komi að rekstri annarra safna ýmist með sameiningu eða með þjónustusamningi um rekstur og þróun.

Leikfélag Akureyrar:

Nú er unnið að sameiningu rekstrar Leikfélagsins, Menningarfélagsins Hofs og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Á þessum tímapunkti er of snemmt að segja til um líkurnar á því að af verði. Í menningarstefnu Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir rekstri atvinnuleikhúss með listrænan metnað, góðan grunn í þekkingu og sköpun, samstarfi við áhugaleikfélög og skóla, sem hornsteini sviðslista í samfélaginu. Opinber framlög til félagsins hafa ekki haldið í við verðlag en jafnframt hafa tekjur félagsins dregist saman. Eigi félagið að standa fyrir framleiðslu á að lágmarki 4 sýningum á ári þarf að bregðast við hvoru tveggja.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands:

Nú er unnið að sameiningu rekstrar Leikfélagsins, Menningarfélagsins Hofs og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Á þessum tímapunkti er of snemmt að segja til um líkurnar á því að af verði. Í menningarstefnu Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir að hljómsveitin gegni ásamt Tónlistarskólanum á Akureyri og öðrum tónlistarskólum á svæðinu lykilhlutverki í að viðhalda mannauði í tónlist og gera atvinnufólki kleift að búa og starfa á Akureyri. Framlög til hljómsveitarinnar hafa ekki haldið í við verðlag en sértekjur hennar hafa aukist. Hljómsveitin hefur náð að nýta sér kosti Hofs sem vettvangs en ljóst er að þar eru afar mörg ónýtt tækifæri. Ná mætti enn betri árangri með því að styrkja rekstrargrunn sveitarinnar jafnt og þétt.

Menningarfélagið Hof:

Nú er unnið að sameiningu rekstrar Leikfélagsins, Menningarfélagsins Hofs og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Á þessum tímapunkti er of snemmt að segja til um líkurnar á því að af verði. Akureyrarbær styrkir starfsemi félagsins með rekstrarframlagi en einnig með því að félagið hefur Hof til ráðstöfunnar og aflar sér tekna með útleigu á því. Markmiðið er að skapa fyrirmyndar vettvang fyrir viðburði af fjölbreytilegum toga. Fjárhagslega er markmiðið að sértekjur félagsins standi með tíð og tíma undir rekstri þess. Akureyrarbær hefur þegar á fyrstu árum í rekstri dregið úr framlögum.

Menningarsjóður og smærri óstofnanabundin verkefni:

Ekki eru fyrirsjáanlegar stórar breytingar á þessum verkefnum.

Menningarráð Eyþings:

Breytingar á verkefnum og verklagi Menningarráðsins ráðast af vilja ríkisvaldsins auk sveitarfélaganna sem greiða til samstarfssamnings þessara aðila. Vilji hefur verið til þess hjá ríkisvaldinu að beina verkefna- og nýsköpunarstuðningi í færri og samhæðari farvegi. Ekki ljóst hvernig þróunin verður.

Atvinnumál:

Akureyrarstofa:

Akureyrarbær mun áfram koma að málaflokkunum sem tilheyra Akureyrarstofu og tryggja að þeir eigi sér heimahöfn í bæjarkerfinu. Málaflokkarnir eru atvinnu-, ferða-, markaðs-, kynningar-, og menningarmál. Hvernig aðkoman er skipulögð getur hins vegar breyst frá einum tíma til annars og áherslur innan málaflokkanna mun áreiðanlega breytast í takt við þróun.

Markmið Akureyrarstofu hefur verið að nýta sem allra best fastan rekstrarkostnað sem hlýst af rekstri málaflokkanna þannig að starfsfólk og bjargir nýtist sem allra best. Þannig er það ekki markmið að Akureyrarstofa stækki heldur flytji fremur áherslur sínar til í takt við breyttar þarfir. Verði stigin ný skref í sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð munu skapast tækifæri til að sameina verkefni meira á færri höndum og einfalda skipulag.

AFE:

Allar líkur eru á að sveitarfélögin í Eyjafirði vilji áfram reka sameiginlegan vettvang sem hefur atvinnuþróunarverkefni á sinni könnu. Ekki er sérstök ástæða til að gera ráð fyrir breytingu á umfangi. Sameining sveitarfélaga gefur aukna möguleika á einföldun skipulags.

MFN (þ.m.t. flugklasinn AIR66)

Líklegt er að áfram verði til sameiginlegur kynningarvettvangur fyrir ferðapjónustuna á Norðurlandi. Ávallt er spurning um hversu stórt starfssvæði á að vera og hversu mikið framlag sveitarfélaganna á að vera. Áframhaldandi vöxtur greinarinnar ætti að geta leitt til þess að framlög sveitarfélaga lækki hlutfallslega. Eins og í öðrum samstarfsverkefnum þá gefur frekari sameining sveitarfélaga færi á einföldun skipulags. Viða erlendis annast stærsta sveitarfélagið svæðisbundið markaðsstarf fyrir minni nágrannasveitarfélög.

5.2. Æskilegar breytingar

Menningarmál:

- Æskilegt er að rekstur LA, MH og SN verði sameinaður.
- Einnig er mikilvægt að skoða mögulega sameiningu og samrekstur í safnagreiranum. Á Akureyri eru mörg söfn og margar sýningar og ekki vafi á að samrekstur og sameiginleg stjórnun yrði til hagsbóta.
- Mikilvægt er að Akureyrarbær setji sér skýra safnastefnu. Æskileg forgangsroðun væri að hlú betur að söfnum og sýningum sem fyrir eru fremur en að fjölga þeim ört.
- Æskilegt væri að auka stuðning við grasrótarstarf og óstofnanabundið starf. Til þess yrði Menningarsjóður að stækka. Eins er mikilvægt að styðja sérstaklega við öflugt listafólk á heimaslóð svo það geti nýtt Hof sem vettvang sinn í auknu mæli.
- Afar brýnt er að ríkisvaldið veiti meiri fjármunum inn í atvinnustarfsemi í menningu og listum á Akureyri.

Atvinnumál:

- Að hlutverk sveitarfélagsins í atvinnumálum sé á hverjum tíma eins skýrt og nokkur kostur er. Þannig fari saman væntingar og verkefni.
- Að til verði Atvinnumálaráð Akureyrar, sbr. hlutverk Akureyrarbæjar í Atvinnumálastefnunni.
- Að klasasamstarf verði megin vinnuaðferð í samvinnu opinberra aðila og einkaaðila (dæmi: Komdu norður, Artic Services, AIR66).
- Að vilji hagsmunaaðila til að leggja fjármuni og vinnu til samstarfsverkefna verði megin mælikvarði mikilvægi þeirra.
- Að stoðaðilar í atvinnulífi (þ.m.t. ferðaþjónustu) starfi í sambýli hver við annan þó starfssvæði og skyldur liggi ekki að fullu saman. Þannig verði Akureyrarstofa, Markaðsstofa Norðurlands og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar starfrækt undir sama þaki.

6. Staða málaflokksins

Aðsóknar- og nýtingatölur, þróun útgjalda, framlög til rekstrar og framlög til rekstrar húsnæðis

Vegna fjölbreytileika starfsemi og í rekstrarformi eru upplýsingar af þessum toga teknar saman í lokakafla.

7. Mannvirki

Ekki er útlit fyrir að málaflokkarnir þurfi á nýju húsnæði að halda (nema síður sé). Brýnt er að fara í endurbætur í Sjonlistamiðstöð n Listasafninu. Mikilvægt er að lágmarka rekstur fasteigna eins og kostur er og selja húsnæði sem ekki er augljós þörf fyrir.

Húsnæði sem ekki er í nýtingu í málaflokkum sem tilheyra stjórn Akureyrarstofu sé í umsjón Fasteigna Akureyrar.

8. Kostnaðarmat

Almennt er ekki útlit fyrir að þörf verði á verulegum auknum framlögum til málaflokkanna að því gefnu að þeim verði gert kleift að nýta hagræðingu/sparnað í eigin þágu. Framlög til menningarmála hafa þó á síðustu árum ekki vaxið í samræmi við verðlag (sjá næsta kafla). Æskilegt væri að bregðast við þessu þar sem skortur á fjármunum háir þróun starfseminnar. Þetta þýðir líka að mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að girða sig í brók varðandi samstarfssamninginn um menningarmál.

Almennt má sjá fyrir sér að framlag bæjarsjóðs til menningar- og atvinnumála geti minnkað hlutfallslega ef vöxtur er í samfélaginu og þar með hjá sveitarfélaginu.

9. Önnur gögn



Þróun útgjalda til menningarmála 2009 ñ 2013:

Útgjöld til menningarmála 2009 - 2013						
	2009	2010	2011	2012	2013	
Kostnaður bæjarsjóðs	397	504	631	709	664	
Tekjur	-169	-162	-163	-168	-177	
Heildarútgjöld	566	666	794	877	841	
Þar af Menningarhúsið Hof	11	116	263	269	281	
Kostnaður bæjarsjóðs án Menningarhúss -						
verðlag hvers árs	386	388	368	440	383	
Kostnaður bæjarsjóðs 2009 framreiknaður í skv. vísitölu	386	411	419	446	465	Alls árbil:
Mismunur	0	-23	-51	-6	-82	-163

Athugasemdir:

Á árinu 2012 var framlag aukið vegna 150 ára afmælis bæjarins. Þá var einnig farið í umtalsverðar björgunaraðgerðir vegna LA. Það olli 17 mkr. útgjöldum sem ekki var áætlað fyrir.

Á árinu 2013 er miðað við áætlun ársins



Eins og sjá má hafa framlög til menningarmála ekki haldið í við verðlagshækkanir á síðustu árum. Þetta hefur m.a. birst í þröngum stakki stofnana og verkefna.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingamál, umhverfisskipulag, lóðaðhlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur um landnotkun og framtíðarnýtingu svæða í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að hafin verði endurskoðun á aðalskipulaginu á næsta kjörtímabili en núverandi aðalskipulag rennur út 2018. Aðalskipulagsáætlun skal gerð til a.m.k. 12 ára og má því búast við að í lok næsta kjörtímabils verði búið að samþykka aðalskipulagsáætlun sem gildir til ársins 2030.

Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd heldur u.þ.b. 20 fundi á ári og tekur til umfjöllunar u.þ.b. 200-300 mál.

Helstu skipulagsverkefni í vinnslu eru:

- **Miðbær 2. áfangi, deiliskipulag Skipagötureits og nágrennis.**
Skipulagsvinnu vegna endurskoðunar deiliskipulags miðbæjarins er lokið. Haldnir hafa verið tveir íbúafundir þar sem tillagan hefur verið kynnt. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að taka tillit til þeirra athugasemda sem fram komu við tillögu sem auglýst var á fyrra kjörtímabili, s.s. vegna síkis, of mikils byggingarmagns og bílastæðamála. Gert er m.a. ráð fyrir endurgerð Torfunefsbyggju í tillögunni. Deiliskipulagstillaga miðbæjarins er í auglýsingarferli og gert ráð fyrir að hún verði staðfest í lok kjörtímabils.
- **3. áfangi Naustahverfis - Hagahverfi.**
Vinna við deiliskipulagningu Hagahverfis er lokið og hafa þær tillögur verið afgreiddar í skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir blandaðri byggð en þó reynt að hafa byggðina fjölbreytta og aðlaðandi. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan fari í auglýsingaferli í byrjun árs 2014 til þess að tryggja að nægilegt framboð lóða verði á hverjum tíma.
- **Jaðarstún – deiliskipulag.**
Svæði vestan Tjarnarhóls, Jaðarstún, var tekið undir íbúðabyggð en svæðið hafði áður verið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Skipulagsvinnu er lokið á svæðinu en þar er gert ráð fyrir 6 fjórþýlishúsum og 6 parhúsum eða í allt 36 íbúðum. Öllum þessum lóðum hefur nýlega verið úthlutað.

- **Glerárdalur, fólkvangur.**
Bæjarstjórn samþykkti á 150 ára afmæli bæjarins að hluti Glerárdals yrði friðlýstur sem fólkvangur og er undirbúningsvinnu lokið. Verkefnið hefur verið unnið í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun en í þeirri vinnu hefur verið lögð mikil áhersla á aðgengi að dalnum m.t.t. útivistar. Gert ráð fyrir að formlegri afgreiðslu vegna þessa verði lokið í byrjun árs 2014.
- **Virkjun á Glerárdal - deiliskipulag.**
Bæjarstjórn hefur gert samning við Norðurorku um undirbúning vegna 3.3 MW virkjunar á Glerárdal. Vinna vegna deiliskipulagningar svæðis á Glerárdal er lokið og er í auglýsingarferli en þar er gert ráð fyrir uppistöðulóni fyrirhugaðrar virkjunar í efri hluta Glerár. Þar verður lögð áhersla á góðar gönguleiðir að þéttbýlinu og áningastaði í tengslum við uppbygginguna. Gera þurfti aðalskipulagsbreytingu samhliða deiliskipulagningu virkjunarsvæðisins en tekið skal fram að virkjunarsvæðið er utan afmörkunar fólkvangs.
- **Hlíðarfjall, deiliskipulag skíðasvæðis.**
Deiliskipulag skíðasvæðisins var auglýst að nýju eftir að svokallað snjóflóðahættumat lá fyrir frá Veðurstofu Íslands. Deiliskipulagstillagan hefur nú verið staðfest og tekið gildi. Um að ræða mjög framsækið skipulag með umtalsverðri uppbyggingu fyrir rekstrar- og hagsmunaaðila en ljóst er að uppbyggingin mun vara næstu ár og áratugi.
- **Kjarnaskógur, deiliskipulag.**
Deiliskipulagsvinnu er lokið en deiliskipulagið tekur til alls Kjarnaskógar og tjaldsvæðisins við Hamra. Í deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir framtíðarstækkun tjaldsvæðisins til norðurs.
- **Svæðisskipulag Eyjafjarðar.**
Endurskoðun á svæðisskipulaginu er lokið og tillagan staðfest af Skipulagsstofnun.
- **Aðalskipulag Hríseyjar** hefur verið í endurskoðun í samráði við Hverfisráð Hríseyjar. Þeirri vinnu er ekki lokið og má vænta að henni verði lokið 2014.

Samkvæmt stefnu L-listans í bæjarstjórn á tímabilinu 2010 -2014 er lögð áhersla á neðangreind verkefni:

Verkefni á undirbúningsstigi :

- Krossanes n Þórsnes, deiliskipulag
- Göngu- og hjólastígatengingar innan bæjarlandsins frá Kjarnaskógi að Krossanesborgum

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar :

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Háspennulínur um Akureyri, aðalskipulagsbreyting.

Landsnet ohf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar þannig að

hægt verði að ljúka við Blöndulínu 3 og áframtengingu við Kröflulínu. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleiðarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá. Skipulagsnefnd hefur lagt til að áframtengingin frá Kífsá að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Framkvæmdadeild

1. Almennar forsendur

Í takti við fjölgun íbúa eykst þörf fyrir aukna þjónustu þeirra stofnana sem heyra undir framkvæmdaráð. Verkefni sem falla undir framkvæmdaráð eiga jafnt við börn, unglinga, sem fullorðna og aldraða einstaklinga þar sem undir málaflokkinn falla málefni eins og leikvællir, vinnuskóli, samgöngumál og ferliþjónusta aldraðra og fatlaðra.

Huga þarf að því hvernig best er að taka tillit til ört vaxandi hóps eldri borgara þ.e. 60 ára og eldri, þegar þjónusta framkvæmdadeildar er skoðuð til næstu ára.

2. Lagarammi

107-

[75/2000](#) Lög um brunavarnir

[61/1992](#) Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi

Reglugerð nr. 792/2001

Fylgiskjöl / samningar

[Brunavarnaráætlun](#)

108-

[55/2003](#) Lög um meðhöndlun úrgangs

[162/2002](#) Lög um úrvinnslugjald

[Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarkaupstað](#)

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008033.html>

Fylgiskjöl / samningar

Könnun á ánægju íbúa um sorpmál

110-

Lög um hönnun nr.46/2001

Lög um opinber innkaup nr. 84/2001

Vegalög nr. 45/1994

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1987050.html>

Umferðarlög nr. 50/1987

Lög um gatnagerðargjöld nr. 17/1996

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri nr. 87/1970

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995

Reglugerð um hávaða nr. 933/1999

111-

[36/2011](#) Lög um stjórn vatnamála

[65/2007](#) Lög um losun gróðurhúsalofttegunda

[33/2004](#) Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda

[106/2000](#) Lög um mat á umhverfisáhrifum

[44/1999](#) Lög um náttúruvernd

[7/1998](#) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir

[49/1997](#) Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
[64/1994](#) Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
[15/1994](#) Lög um dýravernd
[52/1988](#) Lög um eiturefni og hættuleg efni
[20/1972](#) Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó
[17/1965](#) Lög um landgræðslu
[3/1955](#) Lög um skógrækt.
 65/1976 Jarðalög (jarðeignum og löndum, görðum, leiksvæðum og opnum svæðum)
 135/2001 Girðingarlög
 942/2002 Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
 748/2002 Reglugerð um girðingar
 64/1994 Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum
 Lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002,
 lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986,
 lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, lög um dýravernd nr. 15/1994,
 Reglugerð um búfjárefnirit o.fl. nr. 743/2002,
 Reglugerð um vörslu búfjár nr. 59/2000, reglugerð um merkingar búfjár nr. 463/2003,
 Reglugerð um búfjármörk, markaskrá og takmörkun á sammerkingu búfjár nr. 200/1998,
 Reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 132/1999,
 Reglugerð um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með
 framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra nr. 60/2000,
 Reglugerð um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki nr. 638/1997,
 Reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 651/2001 og
 fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 439/2002;
 Gæludýraeftirliti, sbr. samþykkt um hundahald á Akureyri nr. 360/2001, (komin ný?)
 samþykkt um kattahald í Akureyrarbæ nr. 110/1996 (komin ný)
 Reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni nr. 499/1997;
 Reglugerð um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999;
 Lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002,
 Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986,
 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993,
 Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands
 eystra
 Samþykkt um umhverfisnefnd
 Samþykkt um verndun trjáa á Akureyri

145-

Reglur um ferliþjónustu á Akureyri
 Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi nr. 73/2001
<http://www.althingi.is/lagas/133b/2001073.html>

147-

Bifreiðastæðasjóður - Reglur um íbúakort
 Samþykkt um bifreiðastæðasjóð Akureyrar
 Samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri

Lögbundin verkefni framkvæmdadeildar

Lögbundin skylda sveitarfélaga að sjá um brunavarnir en ekki sjúkraflutninga.
 Lögbundin skylda sveitarfélaga að hirða, taka á móti og farga úrgangi.

3. Staða málaflokksins

107- Brunavarnir

Slökkvilið Akureyrar (SA) er staðsett við Árstíg 2 auk þess sem bæði eru starfsstöðvar í Grímsey og Hrísey. Húsnæði og tækjakostur er mjög góður. Þar starfa um 28 manns og ganga 24 starfsmenn vaktir sem eru fjórar. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn eru í eyjunum. Meginhlutverk slökkviliðs er að sinna brunaútköllum og eldvörnum. Auk þess sér SA um sjúkraflutninga á landi á svæði Heilsugæslustöðvar Akureyrar skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands auk þess að manna allt sjúkraflug á landinu. Einnig sér SA um þjónustu viðbragðs- og eldvarnarreftirlits fyrir Brunavarnir Eyjafjarðar.

108- Hreinlætismál

Sorphirða hefur verið í verktöku hjá Gámaþjónustu Norðurlands (GN) frá árinu 2010. Lögbundin skylda sveitarfélaga er hirðing, móttaka og förgun sorps. Gámavöllur er við Réttarhvamm og 11 endurvinnslustöðvar eru víðs vegar um bæinn.

Tveir svifryksmælar eru á Akureyri og sendir annar þeirra upplýsingar um svifryksmengun inná vef Akureyrarkaupstaðar. Hinn er færanlegur og er notaður til að mæla svifryk á mismunandi stöðum s.s. við skóla og þjónustubyggingar.

Meindýravörnum og dýraeftirliti er sinnt af einum starfsmanni.

Samþykkt hefur verið í framkvæmdaráði að árið 2014 fái íbúar Akureyrar svokallað klippikort til að greiða með þegar þeir nota þjónustu á gámavelli. Einnig hefu því verið velt upp hvort leggja eigi af núverandi gámavöll í Réttarhvammi og semja við verktakann (GN) um að hann þjónusti íbúana á sínum gámavelli sem er þar rétt ofan við. Hagræði hlýtur að vera af því að reka aðeins einn gámavöll.

Unnið er að því með Flokkun að draga saman hvernig til hefur tekist þessi 3 ár sem GN hefur verið með þessa þjónustu fyrir sveitarfélagið. M.a. var gerð skoðanakönnun meðal íbúa þar sem kom í ljós að almenn ánægja er með núverandi fyrirkomulag en helst er talið vanta uppá nánari upplýsingagjöf.

110- Umferðar- og samgöngumál

Framkvæmdadeild er til húsa í Ráðhúsi Akureyrar og þar starfa 9 manns. Megin viðfangsefni eru viðhald malar- malbikaðra gatna auk umferðar- og umferðaröryggismála.

Framkvæmdamiðstöð hefur nú tekið við þjónustu við gatnalýsingu frá Norðurorku (NO). Á árinu 2014 mun koma í ljós hver hagræðingin af þessari breytingu er.

Unnið er að endurskoðun á forgangsröðun í snjómokstri og á vef Akureyrarkaupstaðar er aðgengilegt yfirlitskort sem skilgreinir þjónustuflokka í snjómokstri. Væntigildi fyrir snjómokstur er um 76,9 mkr. Kostnaður við snjómokstur árið 2013 var tæpar 100 mkr.

111- Umhverfismál

Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar að verja 100 mkr. árlega til umhverfismála næstu fimm árin, þ.e. frá árinu 2013 til og með 2017. Árlega hefur síðan verið auglýst eftir verkefnum meðal íbúanna auk þess sem hverfisnefndir og hverfisráð hafa fengið um 16,0 mkr á ári til fegrunar í sínum hverfum.

Í Lystigarðinum var byggt kaffihús sem vígt var á afmæli Lystigarðsins 2012. Garðurinn sjálfur hefur verið stækkaður til SV um tæpa 3000 m². Ekki er gert ráð fyrir meiri stækkunum á honum enda er hann aðþrengdur af öðrum lóðum. Rekstur garðsins er með ágætum þó svo að starfsgildum hafi fækkað. Huga þarf að því að fjölga þeim aftur í fyrra horf. Nú nýlega var samþykkt að gera hluta Glerárdals að fólkvangi. Skoða þarf hvort þessi friðun kalli ekki á aukinn kostnað í rekstri eða nýframkvæmdum.

Árið 2018 fellur samningur við Skógræktarfélag Eyfirðinga úr gildi og fyrir þann tíma er rétt að framkvæmdaráð verði búið að skoða vandlega hvert ber að stefna í skógræktarmálum.

Áætla má að fegrun og hirðing opinna svæða hafi aukist síðustu ár um að meðaltali um 5% vegna stækkunar íbúðahverfa. Nauðsynlegt er að málaflokknum verði tryggt það fjármagn umfram verðlag sem þarf til að halda uppi því þjónustustigi sem Akureyrarbær getur verið stoltur af.

Á Akureyri geta myndast kjöraðstæður fyrir svifryk. Nauðsynlegt er að minnka þessar aðstæður eftir fremsta megni. Notkun salts í stað sands hefur gert sitt gagn auk þess sem þvottur gatna á vorin hefur verið nauðsynlegur þegar nauðsynlegt hefur verið að nota malarefni til hálkuvana. Góð vorhreinsun/þvottur er bænum til sóma og skilar bættum loftgæðum.

	2008	2009	2010	2011	2012
Umhverfismál áætlun	171.123	159.763	159.115	152.254	163.218
Umhverfismál raun	191.391	160.336	174.463	176.996	203.083
Sameiginlegur kostnaður	4.347	4.102	4.334	5.015	4.385
Almenningsgarðar	30.671	27.997	36.556	28.588	46.989
Útivistarsvæði	19.320	19.198	20.999	19.068	20.785
Opin svæði	93.129	82.089	82.632	95.553	102.773
Umherfi gatna og torga	35.664	21.208	23.295	20.806	22.113
Skreytingar	8.042	5.736	6.541	7.876	5.881

Raunkostnaður til umhverfismála árin 2008- 12 á verðlagi hvers árs. Árið 2013 eru áætlaðar 188.805 þkr. til umhverfismála (setja rauntölu)

133- Framkvæmdamiðstöð

Aðstaða Framkvæmdarmiðstöðvar (FM) er við Rangárvelli. Þar starfa um 30 manns. Húsnæði er mjög gott og tækjakostur er sæmilegur. Þar er rekið vélaverkstæði í samvinnu við Strætisvagna Akureyrar. Á árinu 2017 rennur starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar (MA) út. Gert hefur verið deiliskipulag af athafnarsvæði hennar og gert er ráð fyrir að Akureyrarbær muni halda áfram framleiðslu malbiks og endurnýja starfsleyfi fyrir stöðina á þessum stað. Á hverju ári eru gerðar endurbætur og nýjungar innleiddar. Gerð verður áætlun fyrir árin 2015 ñ 2017 um nauðsynlegar endurbætur á stöðinni.

Í Ræktunarstöð við Krókeyri eru ræktuð öll sumarblóm fyrir Akureyrarkaupstað. Að hluta til eru forræktuð blóm fyrir Lystigarðinn og þannig fæst betri nýting og hagræðing í rekstri. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Ekki er gert ráð fyrir neinum öðrum útgjöldum.

145- SVA

Starfsstöð Strætisvagna er á Rangárvöllum en þangað var hún flutt árið 2006. Starfsmenn eru 12 ñ 15, þ.e. forstöðumaður og bifvélavirki auk bílstjóra fyrir strætisvagna og ferliþjónustu. Í bílaflota Strætisvagna Akureyrar (SVA) eru 6 bílar. Árlegur akstur er um 260.000 kílómetrar og olíunotkun er um 106 þúsund lítrar af díselolíu. Meðlaldur á vögnunum er 12 ár en þeir elstu eru 15 ára og þeir yngstu eru 8 ára. Þörf er á að endurnýja vagnana og lækka meðalaldur þeirra til að minnka viðhaldskostnað.

Leiðarkerfi eru 4 og eru stöðugt í endurskoðun. Endastöð er í miðbæ Akureyrar við Hofsbót.

Rekstur ferliþjónustu hefur verið með ágætum. Þó hefur kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu frá leigubílum verið hár á síðustu árum. Kaupum á nýjum ferlibíl var frestað á árinu 2013 en hann verður væntanlega keyptur á árinu 2014 og þá mun þessi kostnaður lækka.

Strætisvagnar	Árið 2006	Árið 2007	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010
Farþegafjöldi	170.000	330.000	440.000	480.000	480.000
Eknir km	243.000	275.000	260.000	256.000	256.000
Farþegar á km.	0,61	1,25	1,69	1,88	1,88
Fjöldi biðskýla	41	43	44	44	44

Földi farþega frá árinu 2006. Eftir árið 2009 hefur farþegafjöldinn verið stöðugur 480.000

4. Framtíðarsýn fyrir málaflokkinn

Það er lögbundin skylda sveitarfélaga er að sjá um brunavarnir en ekki sjúkraflutninga. Ljóst er að ekki væri starfandi atvinnuslökkvilið hér á Akureyri ef Slökkvilið Akureyrar væri ekki með samning um sjúkraflutninga. Samningurinn fyrir árið 2013 var undirritaður með fyrirvara um fullnaðargreiðslu þar sem aðilar hafa ekki náð samkomulagi um verðhækkanir og ekki er útlit fyrir því að svo verði heldur fyrir árið 2014.

Fari svo að verðhækkanir vegna samnings fyrir árið 2014 verði ekki eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun þess sama árs, þá er ljóst að hagræða þarf enn frekar í rekstri SA. Það verður ekki gert nema með því að skoða betur launakostnað. Því er æskilegt að skipurist SA verði endurskoðað. Einnig er skynsamlegt, ef ekki verða sjúkraflutningar á vegum SA á næstu árum, að huga að því hvernig mönnun á útkallsliði SA geti litið út og hver verði kostnaðurinn við rekstur þess. Það þarf því að stilla upp þeim möguleikum sem eru í stöðunni og kostnaðarmeta þá. Framkvæmdaráð þarf að taka ákvarðanir um hvort skoða eigi þessa möguleika og í framhaldinu að ákveða hver verða framtíðarverkefni Slökkviliðsins.

Einnig er æskilegt að skoða hagkvæmni þess að SVA færir aftur niður á Árstíg og ef svo færi að SA væri ekki lengur með sjúkraflutninga þá er spurning hvort rétt sé að skoða einnig flutning Framkvæmdamiðstöðvarinnar niður á Árstíg.

Fara þarf yfir samninga við ráðuneytið vegna sjúkraflutninga og komast að niðurstöðu um þær kröfur sem Akureyrarbær gerir til ráðuneytisins vegna ógreiddrar þjónustu vegna sjúkraflutninga.

Fylgja þarf því eftir með auglýsingum og upplýsingum til íbúanna hvernig best verður staðið að því að lágmarka myndun úrgangs. Auka þarf upplýsingaflæði og aðgengi upplýsinga á vefjum Akureyrarkaupstaðar og Gámapjónustu Norðurlands. Einnig þarf að hafa í huga að ekki hafa allir íbúar sveitarfélagsins tileinkað sér tölvutæknina.

Nauðsynlegt er að endurskoða viðhaldspörf malbikaðra gatna og fara yfir hvernig til hefur tekist. Ekki er talið ráðlegt að slaka á þessari vinnu og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir aukningu í þennan málaflokk á næstu árum.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstri Framkvæmdamiðstöðvar fyrir utan það sem nefnt hefur verið hér að framan. Í vetur er stefnt að því að vinna upp allar starfslýsingar og verkferla. Huga þarf að endurnýjun tækja á næstu 10 árum. Hér er verið að tala um hjólaskóflu, dráttarvélar og fólksbíla á næstu árum og síðar meir kaup á notaðri vörubifreið. Árið 2014 eru áætlaðar 20,0 mkr. og árið 2015 40,0 mkr. í þetta verkefni. Gera þarf ráð fyrir 5 - 10 mkr. árlega í endurnýjun á fólks- og sendibílum.

Hvernig á stjórnkerfi Framkvæmdamiðstöðvar að vera? Á að einfalda það eitthvað og nota þá tækifæri sem gefast þegar starfmenn hætta?

FM á að fá öll malbikunarverkefni fyrir eigin stofnanir á meðan FM framleiðir malbik, en nú framleiðir MA helst fyrir viðhald malbikaðra gatna, eignarsjóð gatna og Bifreiðastæða-sjóð.

Á næstu árum þarf að bæta við strætisvögnum. Nú þegar er full þörf fyrir einn vagn til viðbótar og eftir því sem byggðin færir sunnar þá þyrftu þeir eflaust að vera tveir. Núverandi Aðamgöngumiðstöð er engan veginn til sóma. Staðsetningin er góð en aðstaðan er mjög léleg.

Skoða þyrfti möguleika á að bæta þarna úr og Aþelgaó sér meira athafnarsvæði til austurs (lóð BSO). Nytt miðbæjarskipulag gerir ráð fyrir nýju athafnasvæði en það gamla er þó viðunandi.

Svara þarf þeirri spurningu hvort sveitarfélagið á að ganga á undan með góðu fordæmi og marka sér samgöngustefnu og vera t.d. sjálfbjarga með orkugjafa fyrir samgöngur í bænum með því að velja metan á alla vagna SVA (rafmagn, plastolía). Einnig þarf að velja því upp í framkvæmdaráði hvort endurskoða eigi leiðarkerfi strætisvagna eða að rekstur SVA verði með öðrum hætti. Rafmagn er framtíðin en ekki innan tíu ára.

Samkvæmt ákvörðun Alþingis á árinu 2012 lækkar endurgreiðsla olúgjalds til SVA (og Strætó bs) á árunum 2013 og 2014 og fellur alveg niður á árinu 2015. Á árinu 2012 nam þessi endurgreiðsla rúmum 5,9 mkr. hjá SVA. Þetta þyngir rekstur strætisvagna. Fara þarf yfir leiðarkerfi SVA og skoða möguleika á því hvernig hægt er að bæta það þannig að það þjóni þörfum notendanna betur. Einnig þarf að koma raunupplýsingum um strætisvagnana til skila með GPS tækninni þannig að þær séu aðgengilegar á GSM sínum notendanna og á annan sýnilegan hátt.

5. Mannvirki

Í tengslum við Umhverfisáttak bæjarstjórnar frá árinu 2012 hafa eldri leikvöllir verið endurbættir. Mikilvægt er að halda þessu átaki áfram en athugasemdir hafa komið frá heilbrigðisnefnd um ástand á nokkrum eldri leikvöllum.

Slökkvilið Akureyrar (SA) er staðsett við Árstíg. Húsakostur sem og tækjakostur er mjög góður og ekki þörf á neinum breytingum. Frekar væri að skoða megi samlegð við SVA. Í Hrísey og Grímsey er húsakostur viðunandi.

Framkvæmdadeild (FD) er staðsett í Ráðhúsi Akureyrar á Geislagötu og er húsakostur mjög góður og ekki þörf á neinum breytingum.

Enginn húsakostur fylgir sorphreinsun þar sem hún er nú á höndum verktaka (GN). Sveitarfélagið á að vísu gámavöll við Réttarhvamm sem er barn síns tíma og þarf að endurbæta hann verulega og stækka eða þá leggja niður og nýta þjónustu frá verktakanum á einum gámavelli sem staðsettur væri á athafnarplássi GN við Hlíðarveg.

Í Lystigarði er góður húsakostur sem fullnægir starfseminni. Við Eyjarfjarðarbraut er gott gróðurhús sem mætir öllum þörfum vegna ræktunar á þeim gróðri og plöntum sem bærinn framleiðir.

Framkvæmdamiðstöð (FM) er til húsa við Réttarhvamm og húsakostur er mjög góður og vel rúmur. Helstu endurbætur, sem þörf er á, eru vegna Malbikunarstöðvar.

Strætisvagnar Akureyrar (SVA) eru til húsa við Réttarhvamm og aðstaða er mjög góð. SVA og FM samnýta viðgerðarverkstæði og sú staða kemur upp að gólfpláss er ekki nægjanlegt þegar mikið er af tækjum í viðgerð á sama tíma.

6. Kostnaðarmat

Ef byggja ætti nýjan gámvöll þá er kostnaður við hann væntanlega um 35- 40 mkr. Skoða mætti það með núverandi verktaka að hann byggði nýjan gámvöll á sínu svæði og framleigði hann til sveitarfélagsins. Það væri þó varla ódýrara en rekstrarkostnaður yrði væntanlega lægri.

Kostnaður liggur fyrir í viðhaldi malbikaðra gatna frá árinu 2010 og til næstu 20 ára og er hann eftirfarandi :

Gamlar syndir		142.314 m ²	eða ...	313 Milljónir króna						
Ár	m ²	Kostnaður [milljónir kr]	Fjárhags- áætlun	Gamlar syndir		m ²	Kostnaður [milljónir kr]	Heildarkostnaður [milljónir kr]		
2010	31.687	70	70	297	5%	7.116	16	85		
2011	36.513	80	80	276	7%	9.962	22	102		
2012	25.460	56	56	213	20%	28.463	63	119		
2013	20.298	45	45	135	25%	35.579	78	123		
2014	46.885	103	103	113	7%	9.962	22	125		
2015	45.346	100	100	88	8%	11.385	25	125		
2016	34.638	76	76	44	14%	19.924	44	120		
2017	39.700	87	87	19	8%	11.385	25	112		
2018	41.791	92	92	3	5%	7.116	16	108		
2019	45.363	100	100	0	1%	1.423	3	103		
2020	52.389	115	115	0	100%	142.314	313	1.122		
2021	64.423	142	142	0						
2022	50.803	112	112	0						
2023	50.626	111	111	0						
2024	68.952	152	152	0						
2025	43.632	96	96	0						
2026	33.369	73	73	0						
2027	26.617	59	59	0						
2028	46.436	102	102	0						
2029	25.934	57	57	0						
2030	44.668	98	98	0						
2031	26.772	59	59	0						

Ef ekki er horft á gömlu syndirnar eru það ...
81 milljónir að meðaltali næstu 40 árin

Árlegur kostnaður vegna viðhalds malbikaðra gatna á verðlagi 2010.

Frá því á árinu 2009 hefur aðeins verið starfandi einn garðyrkjufræðingur við Lystigarðinn á Akureyri en þá hætti annar tveggja garðyrkjufræðinga störfum og þó svo að auglýst hafi verið eftir nýjum hefur það ekki borið árangur. Rétt er að gera ráð fyrir að bætt verði við nýjum garðyrkjufræðing á árinu 2015.

Ef viðhalda á góðum tækjakost á FM þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir 40 mkr á hverju ára næstu 10 árin.

Nýr strætisvagn kostar um 50 Mkr og notaðir vagnar kosta frá um 35 Mkr allt eftir aldri og ástandi þeirra.

Sparnaður við SVA ef starfsstöðin yrði færð á Árstíg gæti orðið allt að 8,0 Mkr á ári

Fasteignir Akureyrarbæjar

1. Hlutverk

Fasteignir Akureyrarbæjar (FA) eru fasteignafélag í eigu Akureyrarbæjar sem sér um flest það sem viðkemur þjónustu við fasteignir í eigu sveitarfélagsins. FA sinna þjónustu er snýr bæði að lögbundnum verkefnum sem ber að sinna og lögmætum verkefnum sem eru ekki skylduverkefni, en er samt fjallað um að einhverju leyti í lögum.

Þjónusta sú sem veitt er á vegum Fasteigna Akureyrarbæjar nær til allra aldurshópa. Mestur fjöldi viðskiptavina er þó á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri þó að FA þjónusti einnig aldraða og fatlaða. En hópur aldraðra mun fara mest stækkandi í framtíðinni.

Fasteignir Akureyrarbæjar hófu formlega starfsemi 1. janúar 2002 og er félag sem hefur umsýslu með fasteignum í eigu Akureyrarbæjar, ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og útleigu á húsnæði.

Helstu flokkar fasteigna sem eru í umsjá FA eru skólar og leikskólar, skrifstofu- og þjónustustofnanir, húsnæði fyrir aldraða og fatlaða, leiguíbúðir auk annarra minni eigna. Þau verkefni teljast lögbundin. Málefni íþróttamannvirkja, menningarstofnana og safna teljast lögmælt verkefni, þ.e. þau eru ekki lögbundin en eru engu að síður gríðarmikilvæg. Fasteignir sjá einnig um kaup á stofnbúnaði sem er eignfærður og leigður út til notenda.

Tekjur FA eru leigutekjur af fasteignum og búnaði. Leiga er reiknuð sem hlutfall af stofnkostnaði fasteigna og reiknast vegna fjármagnskostnaðar, afskrifta og viðhalds. Þá eru í leigunni reiknuð opinber gjöld, fasteignagjöld og lögbundnar tryggingar og umsýslugjald sem fer til rekstrar FA. Við útreikning á leigu fyrir búnað er reiknað með fjármagnskostnaði og afskriftum en notandinn sér um viðhald á búnaði í hans umsjá.

2. Lagarammi

Þau lög sem varða starfsemi á vegum Fasteigna Akureyrarbæjar eru:

- Byggingarreglugerð
- Lög um opinber innkaup
- ÍST 30 Staðall um almenna útboðs- og samningsskilamálar fyrir verkframkvæmdir
- ÍST 35 Staðall um hönnun og ráðgjöf
- Allir gildandi þolhönnunarstaðlar EC 0-EC 8
- Önnur íslensk lög sem varða húsaleigusamninga, öryggi og hollustuhætti.

3. Helstu stærðir

Hjá Fasteignum Akureyrarbæjar eru í umsýslu um 120 fasteignir og 272 leiguíbúðir. Heildarflatarmál fasteigna (brúttó) er um 131 þúsund m² auk leiguíbúða sem er um 25 þúsund m² eða samtals um 156 þúsund m². Fasteignamatið eru tæpir 20 milljarðar og brunabótamat var um áramótin 2012/13 43 milljarðar króna, þar af eru leiguíbúðir 5,3 milljarðar króna. Brunabótamatið er 212.505 kr/m² fyrir leiguíbúðir Akureyrarbæjar en 288.076 kr/m² að meðaltali fyrir aðra flokka.

Akureyrarbær var með í leigu frá þriðja aðila um 9300 m² um áramótin 2012/13.

MÁLAFLOKKUR	Fjöldi	Brúttó- stærð m²	Fasteignamat 2013	Brunabótamat
Leikskólar	10	5.938	831.362.491	1.818.772.000
Skólar	10	35.447	4.536.422.273	10.223.140.758
Lista- og menningarhús	17	15.288	2.350.536.000	5.844.750.000
Íþróttamannvirki	20	41.670	4.123.800.500	10.467.847.000
Aldraðir	7	19.812	2.838.880.000	6.230.110.000
Fatlaðir	7	2.261	359.200.000	615.040.000
Þjónustu- og skrifstofubyggingar	7	4.771	530.738.000	1.349.670.000
Aðrar eignir	40	6.258	547.071.000	1.316.737.000
Fasteignir Akureyrarbæjar samtals	118	131.445	16.118.010.265	37.866.066.758
Leiguíbúðir Akureyrarbæjar samtals	267	25.074	3.554.300.001	5.328.352.001
Samtals	385	156.519	19.672.310.266	43.194.418.759

Tafla 1. Tafla sýnir skiptingu á húsnæði sem FA hafa í sinni umsjá skipt upp eftir flokkum.

Heildarstærð húsnæðis sem Akureyrarbær greiðir húsaleigu fyrir er því um 140 þúsund fermetrar með þeim eignum sem leigðar eru frá þriðja aðila. Frá 2002 hefur brúttóstærð fasteigna í eigu Fasteigna Akureyrarbæjar aukist úr 72 þúsund fermetrum í um 131 þúsund fermetra eða um 80% aukning í fermetrum talið.

4. Rekstur

Húsaleigutekjur ársins 2013 eru áætlaðar um 2,8 milljarðar króna og tekjur fyrir búnaðarleigu um 134 milljónir króna. Heildartekjur fasteigna eru því áætlaðar rúmir 2,9 milljarðar króna, eða um 12 % hækkun frá árinu 2012. Meðalleiguverð á mánuði á brúttófermetra er um 2.200 kr/m² í skólum og leikskólum og fyrir heildina tæpar 1.800 kr/m².

MÁLAFLOKKUR	Fjöldi	Brúttó- stærð m²	Húsaleiga 2013 Á	Leiga kr/m²
Leikskólar	10	5.938	-156.144.000	-2.191
Skólar	10	35.447	-918.944.000	-2.160
Lista- og menningarhús	17	15.288	-393.519.000	-2.145
Íþróttamannvirki	20	41.670	-822.888.000	-1.646
Aldraðir	7	19.812	-323.149.450	-1.359
Fatlaðir	7	2.261	-36.870.550	-1.359
Þjónustu- og skrifstofubyggingar	7	4.771	-97.765.000	-1.708
Aðrar eignir	40	6.258	-33.557.000	-447
Fasteignir Akureyrarbæjar samtals	118	131.445	-2.782.837.000	-1.764
Leiga frá þriðja aðila	10	9.345	-145.807.270	-1.300
	128	140.790	-2.928.644.270	-1.733

Tafla 2. Áætluð húsaleiga ársins 2013 fyrir alla flokka fasteigna FA.

Fjármagn til viðhalds er áætlað um 210 milljónir sem er um 7,15% af leigutekjum ársins 2013 og hefur lækkað mikið frá fyrri árum að teknu tilliti til verðlags og aukins umfangs fasteigna í rekstri. Til samanburðar var viðhaldið um 17-19% af tekjum á árunum 2006-2008.

Skipting á viðhaldsfé Fasteigna niður á málaflokka

Áætlun 2013

SKIPTING Á VIÐHALDSFÉ	2010 N	2011 N	2012 Á	2013 Á	Brunabótamat milljónir kr	Viðhald sem hl af brunab.mati
Skólahúsnæði:	69.715	56.005	50.000	54.400	10.223.140	0,53%
Leikskólar:	22.192	23.812	24.000	19.500	1.818.772	1,07%
Íþróttamannvirki:	51.700	85.145	55.000	63.200	10.467.847	0,60%
Þjónustuhúsnæði aldraðra:	27.569	32.668	27.000	26.000	6.845.150	0,38%
Menningarhúsnæði:	25.975	17.001	21.000	23.200	5.844.750	0,40%
Aðrar þjónustubyggingar:	8.679	9.481	11.000	13.100	905.720	1,45%
Ýmsar eignir:	13.737	12.420	22.000	10.600	1.760.687	0,60%
Aðrar eignir						
Samtals	219.567	236.532	210.000	210.000	37.866.066	0,55%
Byggingarvísitala júlí	511,7	550,7	578,1	579		
Breyting á verðlagi	1,13	1,05	1,00	1,00		
Samtals á verðlagi 2011	248.445	248.687	210.327	210.000		
endurgr vsk. Áætlaður	26.892	26.918	22.766	22.730		

Tafla 3. Skipting á viðhaldsfé FA fyrir alla flokka fasteigna FA fyrir árin 2010-2013.

Ákveðið hefur verið að virðisaukaskattur af vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað við fasteignir í rekstri hjá sveitarfélögum fæst 100% endurgreiddur á árinu 2014 eins og var á árunum 2010 til 2013. Viðhald sem hlutfall af brunabótamati hefur aldrei verið lægra frá stofnun FA eða um 0,55% af 37,9 milljörðum. Viðmiðunartölur í húsaleigu eru 1,2%, sem er einnig í lægri kantinum ef horft er til þeirra verkefna sem FA sinna. Algengt er að reikna með hærri tölu eða að kostnaður við viðhald til lengri tíma litið sé nærri 2% af brunabótamati fasteigna.

Viðmið sem notað er fyrir útreikning á húsaleigu fyrir félagslegar íbúðir er 2,2%. Fjármagn til viðhalds leiguíbúða Akureyrarbæjar sem hlutfall af brunabótamati er um 0,7-0,8%. Sjá nánar skýrslu um leiguíbúðir, sem unnin var á árinu 2012.

Heildarleigutekjur eru árið 2013 áætlaðar um 3 milljarðar kr., hækkun um 8% frá árinu 2012. Fyrir árið 2013 eru fjármagnsgjöld áætluð um 1,8 milljarðar króna. Fasteignagjöld stofnana eru áætluð um 258 milljónir króna á árinu 2013 og tryggingar um 29 milljónir króna. Mikil hækkun hefur verið á fasteignagjöldum á liðnum árum og liggur hún aðallega í breytingu á álagningarstofni skattsins og tilkomu nýrra bygginga. Opinber gjöld og tryggingar eru nú 10% af tekjum félagsins eins og verið hefur frá árinu 2010.

5. Nýframkvæmdir og endurbætur

5.1. Félagsþjónusta

5.1.1. Öldrunarstofnanir Akureyrar (ÖA)

Akureyri og íslenska ríkið deila kostnaði vegna öldrunarstofnana. Akureyri greiðir 25% þess kostnaðar og íslenska ríkið 75%.

Fólki á aldrinum 60 ára og eldri mun fjölga mun umfram aðra aldurshópa á Akureyri. Í ljósi þess að undanfarin ár hefur verið innleidd Eden-stefna hjá ÖA, hefur húsnæði ÖA einnig tekið breytingum. Helstu breytingar næstu 10 ára eru:

- Miðað við það er ljóst að elstu hlutar Hlíðar munu fara í gagngerar endurbætur á næstu árum. Rýma fjöldi á þeim hlutum Hlíðar mun við endurbæturnar líklega haldast óbreyttur.

- Bygging nýs hjúkrunarheimilis fyrir 30-40 einstaklinga á næstu 10 árum. Staðsetning hefur ekki verið ákveðin.



Raðhús sem staðsett eru sunnan Hlíðar verða líklega seld eða færð til innan bæjarkerfisins. Stærð raðhúsíbúðanna hentar prýðilega sem tveggja herbergja íbúðir en slíkar íbúðir vantar til útleigu hjá Félagslegum leiguíbúðum Akureyrarbæjar (FLA).

5.1.2. Búsetudeild

Búsetudeild fer með búsetu- og skammtímaþjónustu við fatlað fólk en málaflökkurinn fluttist frá ríki yfir á sveitarfélög 1. janúar 2011. Akureyri ásamt fleiri sveitarfélögum hafði borið ábyrgð á málaflökknum frá árinu 1996, fyrst sem tilraunarsveitarfélag. Hér er gert ráð fyrir að um varanlegt fyrirkomulag sé að ræða.

Í ljósi þeirrar stefnubreytingar sem orðið hefur í búsetuúrræðum fatlaðra, þar sem gert er ráð fyrir að fatlaðir búi hver í sinni íbúð með séreldhúsi og baði, hafa orðið breytingar á húsnæðisþörf þeirra. Síðan árið 1995 hafa verið byggðir þjónustukjarnar með um 6 íbúðum hver. Þessum þjónustukjörnum hefur verið dreift nokkuð jafnt á hverfi bæjarins eftir því sem það hefur verið hægt. Þessa þjónustukjarna er að finna í Naustahverfi, Giljahverfi, Lundarhverfi og í Innbænum. Frá og með áramótum 2014/2015 verður svo tekinn í notkun nýr þjónustukjarni að Borgargili 1. Kostnaður við hann er um 220 milljónir kr. Einnig verður tekið í notkun, 1. mars 2014, húsnæði að Þórunnarstræti 99 sem hefur verið endurbætt og nýttist nú sem skóla- og skammtímavistun fyrir fatlað fólk. Heildarkostnaður við það er um 210 milljónir.

Áform fyrir þennan málaflokk eru eftirfarandi:

- Bygging á tveimur íbúðakjörnum til viðbótar og verður kostnaður Akureyrarbæjar við þá um 380 milljónir kr. samanlagt.
- Kaup á sex einstaklingsíbúðum fyrir 120 milljónir kr.
- Breyting á þjónustukjarna að Snægili 1 fyrir um 15 milljónir kr.
- Breytingar og viðbygging á þjónustukjarna að Hafnarstræti 16 fyrir um 160 milljónir kr.
- Áætluð sala á búsetuúrræði að Jörvabyggð 14 fyrir um 35-40 milljónir kr.
- Sala á skammtímaúrræði að Skólastíg 5 fyrir um 55,6 milljónir kr. árið 2013.

Þetta gefur heildarkostnað upp á 1.105 milljónir króna. Tekjur á móti eru alls 95,6 milljónir króna.

Búsetudeild hefur áætlað þá þörf sem verður á sértækri búsetu fyrir fólk með miðlungs og litlar þjónustuþarfir. Miðlungsþörf á þjónustu telst vera þjónusta í meira en 10 klukkustundir á viku með eftirliti að nóttu. Lítil þjónustuþörf telst vera heimaþjónusta minni en 10 klukkustundir á viku. Áætlað er að um 111 einstaklingar sem hafa ofangreindar þjónustuþarfir muni hafa náð 18 ára aldri árið 2023. Gert er ráð fyrir að um 15 þeirra muni þurfa á sértæku búsetuúrræði að halda. Til þess að mæta þeirri þörf þarf að kaupa rúmlega eina íbúð á ári frá 2013-2023. Heildarkostnaður við slíka aðgerð er um 270 milljónir eða um 18 milljónir á íbúð. Þá er miðað við að aðeins tveggja herbergja íbúðir verði keyptar.

5.1.3. Fjölskyldudeild

Ekki er gert ráð fyrir að fasteignum til fjölskyldudeildar fjölgi mikið á næstu 10 árum. Þó er gert ráð fyrir að kaupa hæfingarstöðina að Skógarlundi 1 af ríkinu en það var ekki gert þegar málaflökkur fatlaðra var færður til reynslu til Akureyrarbæjar. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að Akureyrarbær leigir húsið að Skógarlundi 1 af ríkinu. Áætlað kaupverð er um 70-80 milljónir fyrir 610 m² hús.

Þeim fasteignum sem fyrir eru verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

5.1.4. Heilsugæslustöðin á Akureyri (HAK)

Húsnæði HAK er ekki í umsjá FA eins og er. Þó er húsið 15% í eigu Akureyrarbæjar og 85% í eigu ríkisins. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi síðan 1994. Í dag sjá FA aðeins um aðkomuleið að HAK sem liggur í gegnum húsnæði Krónunnar (Lyfta og gönguleið).

Í 10 ára áætlun HAK er gert ráð fyrir ráð fyrir nýrri byggingu í kringum árið 2020. Ekki er ljóst hvar sú bygging verður en hugsanlegt er að um tvær starfstöðvar verði að ræða. Þeim hefur ekki enn verið fundinn staður.

Í þessum skrifuðum orðum ríkir fullkomin óvissa um hvort Heilsugæslustöðin verði áfram rekin af Akureyrarbæ.

5.2 Fræðslu- og uppeldismál

▪ Leikskólar

Á næstu 10 árum verður sennilega byggður einn leikskóli eða þeim leikskólum sem fyrir eru breytt til að þeir rúmi fleiri. Helst er horft til Naustahverfis í þessu sambandi. Hvor lausnin verður valin fer að nokkru eftir því hvaða stefna verður mörkuð í fræðslumálum. Hægt er að kynna sér þá stefnu nánar í 10 ára áætlun skóladeildar. Breyting á leikskóla kostar um 60-100 milljónir króna. Bygging nýs leikskóla kostar um 300 milljónir. Nánar er hægt að kynna sér áætlanir um leikskóla í 10 ára áætlun skóladeildar.

▪ Grunnskólar

Ekki er þörf á að byggja fleiri grunnskóla á Akureyri miðað við óbreytta íbúáþróun. Þeim skólum sem fyrir eru verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

▪ Framhaldsskólar - Hlutur Akureyrarbæjar

Staðið hefur til að byggja sérdeild fyrir nemendur við VMA í nokkur ár. Ef af verður er hlutur Akureyrarbæjar í því um 40 % af heildarkostnaði. Gróflega má áætla að kostnaður verði um 70 milljónir.

5.3 Menningarmál

Ekki er gert ráð fyrir að fasteignum til menningarmála fjölgi á næstu 10 árum. Þó eru fyrirhugaðar endurbætur á Listasafni við Kaupvangsstræti 10-12. Umræddar endurbætur verða framkvæmdar á tímabilinu 2014-2015. Framkvæmdir snúa að endurbótum á rýmum á 2. og 3. hæð sem hýsa munu nýjan sýningarsal, auk viðgerða á þaki. Einnig verður aðgegni að Listasafninu bætt.

Þeim fasteignum sem fyrir eru verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

5.4 Samfélags-, mannréttinda- og íþróttamál

5.4.1 Samfélags og mannréttindamál

Ekki er gert ráð fyrir að fasteignum til æskulýðs- og tómstundaiðkunar fjölgi á næstu 10 árum. Þó þarf að skoða sérstaklega endurbætur á aðstöðu þeirra félagsmiðstöðva sem staðsettar eru í húsnæði grunnskólanna. Mikilvægt er að huga að fyrrnefndum endurbótum þar sem á þann hátt má samnýta það húsnæði sem þegar hefur verið byggt og gegnir hlutverki félagsmiðstöðva.

Einnig þarf að flytja hjólabrettaaðstöðu sem nú er staðsett á milli Háskólans á Akureyri og Gerðahverfis. Aðkoma að svæðinu er óhentug og takmarkar það þau not og eftirlit sem hægt er að hafa með því, samanber 10 ára áætlun samfélags- og mannréttindaráðs.

Þeim fasteignum sem fyrir eru verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

5.4.2 Æskulýðs- og íþróttamál

Íþróttamannvirki eru nokkuð dreifð um Akureyrarbæ. Í sumum tilfellum er slíkt óhjákvæmilegt. Í öðrum tilfellum gerir þessi staðreynd samnýtingu og möguleika á lækkun rekstrarkostnaðar vegna þessa erfiða. Ljóst er að nokkuð væri unnið með því að stefna að því að byggja frekar upp íþróttakjarna þar sem fleiri en ein íþrótt er stunduð enda eru slíkir kjarnar algengir erlendis og er a.m.k. einn slíkur kjarni á Íslandi. Það er Egilshöll í Grafarvogi þar sem knattspyrna og skautaiþróttir eru stundaðar í sama húsi. Nýlega (2013) er búið að byggja upp aðstöðu handa golfiðkendum í kjallara Íþróttahallar við Skólastíg. Sú aðstaða nýtist vel. Þar hefur tekist að samnýta íþróttamannvirki sem þegar var búið að byggja og draga þannig úr rekstrarkostnaði og auka nýtingu húsnæðis. Þetta er fordæmi sem ágætt er að fylgja.

Hér á eftir eru stærstu fyrirsjáanlegu kostnaðarliðir fyrir æskulýðs- og íþróttamál taldir upp. Aðrir liðir fyrir þennan málaflokk, sem teljast minni í sniðum, eru ekki taldir upp hér heldur á nýframkvæmda- eða viðhaldsáætlun hvers árs.

- ✚ **Uppbygging á aðstöðu skáta á Akureyri** - Uppbygging kostar um 80 milljónir króna og fer fram á u.þ.b. 4 árum.
- ✚ **Uppbygging á aðstöðu Nökkva** - við Höphnersbryggju á Akureyri. Uppbygging kostar um 60 milljónir og fer fram á u.þ.b. 4 árum.
- ✚ **Sundlaug Akureyrar** - Endurnýjun rennibrauta og viðhald og endurskipulagning húsnæðis. Endurnýjun rennibrautar kostar um 110 milljónir. Hvað varðar kostnað við viðhald og endurskiplagningu er vísað til væntanlegar skýrslu um framtíðarsýn fyrir allar Sundlaugar Akureyrar.
- ✚ **Skautahús** - Endurnýjun steyptrar plötu og svæði henni tengdu mun kosta um 70 milljónir.
- ✚ **Skíðastaðir** - Endurnýjun á húsum og tækjum. Akureyrarbær deilir kostnaði við þetta verkefni með ríkinu þar sem þetta er hluti af Vetrariþróttamiðstöð Íslands. Ljóst er að kostnaður við þetta hleypur á hundruðum milljóna.
- ✚ **Íþróttahúsið Boginn** - Endurnýjun gervigrass.

Öðrum fasteignum í þessum málaflokki verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

5.5 Þjónustubýggingar

Undir þennan málaflokk fellur húsnæði þar sem eftirfarandi starfsemi fer fram:

Ráðhúsið

- Bæjarlögmaður
- Fasteignir
- Fjármálaþjónusta
- Framkvæmdadeild
- Hagþjónusta
- Skipulagsdeild
- Skrifstofa Ráðhúss
- Starfsmannþjónusta

Skóladeild

Búsetudeild

Fjölskyldudeild

Á næstu 10 árum verður byggður flóttastigi norðan húss og loftræsing sett á allar hæðir Ráðhússins. Annars verður Ráðhúsi viðhaldið samkvæmt viðhaldsskýrslu hvers árs. Leigusamningur fyrir húsnæði að Glerárgötu 26, sem hýsir búsetudeild, fjölskyldudeild og skóladeild, gildir til ársins 2026. Því er ekki gert fyrir breytingum fyrir þær þrjár deildir sem þar eru til húsa að svo stöddu.

5.6 Leiguíbúðir

Sú staða sem upp kom á húsnæðismarkaði í kjölfar efnahagshrunsins og ríkir enn hefur valdið auknum þrýstingi á félagsleg úrræði en til þeirra teljast leiguíbúðir sem FA sjá um viðhald og endurbætur á auk þess að sjá um tryggingar og útreikning á leigu. Ljóst er að þeim langa biðlista, sem hefur myndast, þarf að sinna. Það er best gert með því að kaupa fleiri félagslegar íbúðir og er þar einungis verið að tala um 2ja og 4-5 herbergja íbúðir.

Tvær leiðir eru færar til að fjölga ofangreindum íbúðum. Annaðhvort er hægt að kaupa íbúðir hér og þar í bænum eftir því sem tækifæri til þess gefast eða byggja íbúðakjarna. Hvor lausnin hefur sína kosti og galla. Sé keypt ein og ein íbúð er ljóst að þær íbúðir munu dreifast betur um bæinn og stuðla að blandaðri samsetningu íbúa sem er æskilegt. Þessi kostur er þó dýrari þar sem erfitt er að finna tveggja herbergja íbúðir á markaði ársins 2013 sem henta þeim notunarmöguleikum sem krafist er. En æskilegt er að slík íbúð henti m.a. fyrir fatlaða. Sé hinn kosturinn valinn, þ.e. að byggja íbúðakjarna, þá verður verið á hverri íbúð lægra. Þá munu íbúar hins vegar að öllu leyti verða fólk sem nýtir sér húsnæðisúrræði bæjarins.

Á næstu 10 árum er áætlað að kaupa 10-15 tveggja herbergja íbúðir og um 5 fjögurra eða fimm herbergja íbúðir. Einnig er gert ráð fyrir að sértækum leiguúrræðum í Gránufélagsgötu fjölgi um 4-6 íbúðir, þó ekki endilega á þeim sama stað.

Ljóst er að alltaf verður um einhvern biðlista að ræða þegar að kemur að félagslegu húsnæði hjá Akureyrarbæ. Eðlilegt er að slíkur biðlisti sé um hálf t.ár.

5.7 Aðrar eignir

Ekki er gert ráð fyrir að fasteignum, sem flokkast undir aðrar eignir, fjölgi mikið á næstu 10 árum. Þó er gert ráð fyrir að Árholt færist í þennan flokk úr málaflokki fatlaðra. Þeim fasteignum sem fyrir eru í flokknum Aðrar eignir verður viðhaldið samkvæmt viðhaldsáætlun hvers árs.

5.8 Sala eigna

Allar þær eignir, sem teljast ekki lengur hafa hlutverki að gegna innan kerfis Akureyrarbæjar eða eru metnar þannig af FA að viðhald á þeim standi ekki lengur undir leigu á þeim, skal selja eða rífa. FA munu í samráði við viðkomandi deild/stofnun, sem hefur húsnæðið á leigu, taka ákvörðun um væntanlega sölu eða niðurrif.

6. Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður, sem FA deila með öðrum stofnunum/deildum, verður með hefðbundnum hætti næstu 10 ár. En þessi kostnaður fellur helst til vegna starfsmanna- og fjármálaþjónustu og þeirra kerfa sem þær deildir nota. FA munu taka þátt í þeim kostnaði sem fyrirséður er vegna innleiðingar nýrra kerfa á þessum deildum.

7. Önnur gögn

Til eru frekari gögn um eftirfarandi sem tengist FA:

-  Úttekt á Félagslegum leiguíbúðum Akureyrarbæjar.
-  Viðhaldsáætlun FA 2014 ñ Yfirferð viðhalds FA.